

Búnaðarfélag Andakílshrepps og annar búnaðarfélagsskapur þar frá 1850

Bjarni Guðmundsson, prófessor emeritus



Landbúnaðarháskóli Íslands, 2021

Rit LbhÍ nr. 145. Búnaðarfélag Andakílshrepps og annar búnaðarfélagsskapur þar frá 1850

ISSN 1670-5785

ISBN 978-9935-512-19-2

Höfundur: Bjarni Guðmundsson, prófessor emeritus

Forsíðumynd: Hvítárvellir. W.G. Collingwood. Þjóðminjasafn, Coll-20.

Uppsetning: Þórunn Edda Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

FORMÁLI.....	V
JARÐYRKJUFJELAGIÐ Í ANDAKÍL OG BÆJARSVEIT.....	1
Inngangur.....	1
Nokkrar samþykktir félagsins.....	1
Jarðabæturnar.....	2
Mismunandi framtak – Hvatningarorð.....	3
Ris og hnig.....	4
Eftirleikur.....	5
Þrautseigir jarðabótamenn.....	7
FÉLAGSSTARF Í DVALA EN FRAMFARIR ÞÓ.....	7
Andrés á Hvítárvöllum og Torfi á Varmalæk.....	8
Fyrstu farand-búfræðingarnir.....	9
BÚNAÐARFÉLAG ANDAKÍLSHREPPS – ÞÆTTIR ÚR SÖGU FÉLAGS OG BYGGÐAR.....	10
Búnaðarfélagið stofnað.....	10
Úr fyrstu lögum félagsins.....	11
Jarðabætur á fyrstu árunum.....	11
Af félagsstarfinu fyrstu árin.....	14
Starf búfræðinganna.....	16
Nýja öldin heilsar.....	19
Góður fjárhagur.....	23
„að útbreiða þekkingu og almenna leikni í jarðabótastörfum“.....	24
Blásið til sóknar í búnaðarmálum.....	25
„reyna að útvega sláttuvél“.....	29
Hugað að ræktun búfjárins.....	30
Ögn um afréttarmál.....	32
Fóðurbirgðir og forðagæsla.....	33
Búhættir breytast.....	36
Glíman við mæðiveikina.....	37
Gróðurhúsin.....	40
„Skotarnir“ reyndir – Kynblöndun fjárins enn.....	42
Um brú á Grímsá og kaupstað á Hvítárvöllum.....	45
Vegabætur og vegavinna – meðal annars fyrir mæðiveikifé.....	48
Bílflutningar, Flóaskip og einkasími.....	50
Loðdýraræktarfélagið.....	50
Búfjárhald, beitarþol og landnýting.....	52
Vélarekstur Búnaðarfélagsins.....	54
Verkstæðið í Bæ.....	56
Úr þeli þráð að spinna.....	58
Afskipti Búnaðarfélagsins af öðrum málefnum.....	59
Yfirlit að lokum.....	59
Stjórnarmenn Búnaðarfélags Andakílshrepps.....	62
HEIMILDIR.....	63

Formáli

Alla tuttugustu öld höfðu bændur í flestum sveitum landsins með sér félagsskap – búnaðarfélög – sem gegndu veigamiklu hlutverki í þeim gríðarlegu breytingum sem þá urðu í sveitum. Misjafnt var hvenær stofnað var til hinna ýmsu búnaðarfélaga. Þar réðu bæði framfarahugur í hverri sveit sem og aðgerðir á landsvísu því að búnaðarfélögin áttu lengst af lagabundinn hlut í heildarsamtökum bænda, Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda – síðar Bændasamtökum Íslands. Þá varð starf einstakra búnaðarfélaga misöflugt eins og gjarnan gerist.

Andakílshreppur í Borgarfirði varð engin undantekning í þessum efnum. Þegar búnaðarfélag hreppsins nálgadist 100 ára aldur sinn árið 1981 bað þáverandi stjórn þess mig tína saman helstu þætti um starf félagsins með í huga skrif stuttrar aldarsögu þess til birtingar í væntanlegri byggðasögu Búnaðarsambands Borgarfjarðar. Varði ég þá töluverðum tíma til verksins og náði að koma saman drögum að aldarsögunni. Þau urðu af einhverjum sökum miklu stærri að vöxtum en ætlast var til. Útdrátt úr þeim skrifaði ég, eins og um hafði verið beðið, og var hann birtur í ritverkinu *Byggðir Borgarfjarðar I*, bls. 320-324. Drögin fóru hins vegar „í súrinn“ hjá mér og lágu þar uns stjórn Búnaðarfélagsins ákvað að minnst eitt hundrað og fjörutíu ára afmælis þess með stuttri sögustund á aðalfundi félagsins 9. mars 2021. Ég var beðinn að annast hana. Til þess dró ég þá drögin fram og bætti lítillega við þau. Á aðalfundinum var síðan samþykkt tillaga Sigurðar Jakobssonar á Varmalæk og Guðmundar Sigurðssonar á Hvanneyri um að félagið leitaði leiða til þess að koma sögu félagsins og því sem unnið hafði verið að henni fyrir sjónir félaga þess og annarra sem áhuga kynnu að hafa á henni.


Ég hef nú í tólmstundum mínum endurskoðað áður nefnd sögu drög, snikrað sumt til og aukið við annað í ljósi tímans sem liðið hefur frá ritun þeirra. Ekki er þó um að ræða að félags- eða búnaðarsaga hreppsins sé sögð með tæmandi hætti; til þess hefði þurft að leggja í mun meiri tíma og vinnu við rannsókn heimilda en efni stóðu til hér. Eftirfarandi rit á þó að gefa dálitla hugmynd um það helsta sem bjástrað hefur verið við á vettvangi Búnaðarfélagsins og hvernig það hefur með beinum og óbeinum hætti stuðlað að þróun búskapar og mannlífs á félagssvæðinu.

Nú er það svo að árið 1850 var stofnað Jarðyrkjufjelag í Andakíl og Bæjarsveit. Það félag má með mjög gildum rökum telja forvera Búnaðarfélagsins, sem þannig telst vera eitt elsta búnaðarfélag landsins. Eftirfarandi saga er því látin hefjast á kafla um hið forna félag, stofnað á þeim tíma þegar þjóðfrelsisbarátta Íslendinga var að taka á sig form er leiddi til þess árangurs sem ýmsa hafði lengi dreymt um.

Margir hafa lagt mér lið við ritverkið. Flestra þeirra er getið í heimildum. Jón Sigvaldason í Ausu færði mér á sínum tíma ýmis gögn úr fókum Búnaðarfélagsins. Það gerðu einnig Sigurður Pétursson á Hellum og Eiríkur Blöndal á Jaðri sem báðir litu líka yfir handrit mitt og gáfu mér góð ráð. Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður var mér hjálpleg um gögn í Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar. Hafdís Pétursdóttir vélritaði frumhandrit mitt á sínum tíma en Þórunn Edda Bjarnadóttir braut lokagerð ritsins um og færði það í þann búning sem birtist í hér. Þeim öllum svo og öðrum sem lögðu mér lið við verkið er þökkun liðveislan, sem og Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir að taka verkið inn í ritröð sína.

Hvanneyri, á fyrsta vetrardegi 2021

Bjarni Guðmundsson



Andakill og Bæjarsveit. Kortið teiknaði Guðmundur Ó. Ingvarsson eftir prentuðum frumgögnum frá Landmælingum Íslands. Það er úr Árbók Ferðafélags Íslands 2004 eftir Freystein Sigurðsson (af bls. 73). Kortið er birt hér með leyfi Ferðafélags Íslands.

Jarðyrkjufjelagið í Andakíl og Bæjarsveit

Inngangur

Laust fyrir miðja nítjándu öld tóku vonir Íslendinga um batnandi lífskjör hægt og sigandi að glæðast. Alþingi þjóðarinnar var endurreist, og þótt það væri aðeins ráðgefandi samkoma í fyrstu varð það vettvangur hvetjandi þjóðmálaumræðu sem breiddist út um byggðir landsins. Bjartsýni óx og leiddi hún sannanlega af sér viðleitni til þess að bæta atvinnuhætti og skapa grundvöll að betra lífi. Um það leyti aldarinnar var tíðarfar fremur hagstætt, og hefur það án efa glætt huga og styrkt framkvæmdavilja, svo mjög sem afkoma fólks var þá undir veðrum og árgæsku komin.

Um 1850 má kalla, að Íslendingar væru fyrst og fremst landbúnaðarþjóð, þótt margir bændur hefðu samkvæmt langri venju einnig drjúg not af sjávarfangi. Umbætur í atvinnumálum beindust því sérstaklega að landbúnaðinum. Á því sviði var gripið til aðgerða af ýmsu tagi. Líklega varð áhrifamest sú félagslega hreyfing, sem víða spratt upp meðal bændanna sjálfra, og einkum var stefnt að brýnum framkvæmdum á sviði jarðabóta. Uxu þar fram hinir fyrstu vísar að því félagskerfi, sem landbúnaðurinn býr við í dag. Í nokkrum héruðum bundust bændur samtökum um að vinna eða láta vinna að jarðabótum á ári hverju eftir ákveðnum reglum. Þannig urðu til mörg hin elstu búnaðarfélögin.

Í Andakílshreppi spruttu fram samtök þessarar gerðar og verður hér fjallað um sögu þeirra að svo miklu leyti sem hana er unnt að rekja úr heimildum. Samtök þessi hlutu nafnið *Jarðyrkjufjelag*. Félagið var stofnað 4. mars 1850. Félagið birti í blaðinu *Þjóðólfur* all ítarlegar skýrslu um starfsemi sína. Þessar skýrslur eru mjög verðmæt heimild um jarðabætur í Andakílshreppi um miðja 19. öld, svo og ýmislegt, sem lá að baki framtaki þessu.

Í sóknalýsingum Hvanneyrar- og Bæjarþinga frá 1840 segir um ræktun:

Túngaróahleðsla og túnasléttun er lítil, sumstaðar eru skurðir til vatnsafleiðingar en skriðugarða þarf óvístast . . . Kálgarðarækt er allvel stunduð en jarðepli lukkast miður.¹

Nokkrar samþykktir félagsins

Fyrsta skýrsla Jarðyrkjufélagsins í Andakíl og Bæjarsveit birtist í *Þjóðólfi* vorið 1851. Í upphafi skýrslunnar, sem „Nokkrir Andkýlingar“ undirrita, er gefin skýring á tilurð samtakanna, en þar segir:

Þegar vjer, bændur í þessum hreppum, fórum að renna huga til árgæzkunnar, sem er og hefur verið til sjós og lands, þá fannst oss það skylda vor, að hagnýta hina hentugu tíð, svo að hún einnig sýndi verkanir sínar í nokkrum jarðabótum.²

En framtak „Andkýlinga“ átti sér fleiri skýringar en árgæskuna eina, eins og fram kemur í skýrslu Jarðyrkjufélagsins, sem birtist í *Þjóðólfi* 9. apríl 1853:

Við höfum tekið eptir því með athugasemi fyrirfarandi nokkur ár, að margir hér á landi hafa verið að iðka og æfa sig í ýmislegum framförum, – sérhver eptir sínu standi; sumir í fróðleik og margbrotnum bókmenntum; sumir í dugnaði við vinnubrögð og í ýmsum framkvæmda viðburðum, en það sýnist okkur vandaminnst. – Því tókum við hér í sveit það fyrirtæki – fyrir 3 árum, - að semja félagsskap með okkur, að slétta niður nokkrar þúfur í tünnum okkar, ef það kynni að geta sýnt nokkrar afleiðingar framvegis; og var það sem fyr segir, hver bóndi í sínu eigin túni; líka er þess fullkomin þörf, ef það gæti

¹ *Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins ísl. Bókmenntafélags 1839-1873* (2005), 259.

² *Þjóðólfur* 31. maí 1851.

orðið að mun, því hér eru víðast hvar mikið slæm tún, af þýfi og móm.³

Á stofnfundi félagsins, 4. mars 1850, gáfu stofnfélagar skriflegt loforð um að vinna svo sem „svaraði góðu tveggja daga verki – hver í sínu túni – annaðhvort að þúfnasljettun eða öðrum jarðabótum, eptir þeirri manndáð og atorku, sem hver hefði.“⁴

Jarðabætur þessar skyldi vinna árlega næstu fimm árin, og „skyldi auglýsa ár hvert á prenti greinilega skýrslu um það, frá félaginu eða fyrirlíðum þess, sem hver félagsmanna gerði.“⁵ Úttekt jarðabótanna fór fram á þann veg „að ýmist 2 eða 3 óvilhallir menn, að frá teknum þeim sem verkið vann og sýnir verkið, hafa mælt spildurnar, og skrifað upp samstundis.“ Af öðrum samþykktum, sem félagsmenn settu með sér má nefna það „að slengja ei saman spildunum árlega, heldur að hver maður hafi sérstaka flöt hvert ár, og þær flatir beinar á alla vegi, og sléttaðar í hvert skipti, þar sem vest eru túnin.“⁶

Jarðabæturnar

Þátttaka hreppsþúa í Jarðyrkjufjelaginu varð þegar mjög mikil. Fyrsta ársskýrslan greinir t.d. frá jarðabótum tuttugu bænda og þess er þá jafnframt getið, að aðeins tíu ábúendur í sveitinni standi utan félagsins „og hafa sumir af þeim lofað sjer í það nú í vor“ (1851). Varð svo raunin, því á næstu skýrslu félagsins höfðu fjórir nýir jarðabótamenn bæst í hópinn, en aðeins einn helst úr lestinni, „fátæklingur einn, sem fluttist úr sveitinni búferlum.“ Hlutfallslega almennust virðist þátttaka bændanna í Andakíl hafa verið, en síðustu tvö árin, sem skýrslurnar birtust (1854 og 1857), var þátttaka bænda í Bæjarsveit einnig orðin mjög mikil.

Alls mun Jarðyrkjufjelaði hafa sent frá sér fimm ársskýrslur, það er um árin 1850-1853 og

1856. Samkvæmt skýrslunum voru það fimmtán bændur, sem unnu jarðabætur öll árin. Var það hartnær helmingur bænda í hreppnum. Bændurnir stóðu því fast við upphaflegan ásetning sinn um árlega túnabót, en um þetta er farið eftirfarandi orðum í skýrslu Jarðyrkjufjelagsins um árið 1856:

... var sá skildagi settur í því skyni, að félagsmenn skyldi ekki láta hugfallast og missast svo úr á fyrsta eða öðru ári, áður þeir væri komnir að raun um gagnsemina af því; en fyrir þetta hafa menn haldið svo vel félagsskapinn og eru nú orðnir svo sannfærðir um gagnsemina þar af, að engum blandast framar hugur á að halda áfram, því engum dylst nú gagn það og þryði, sem af verkum þessum leiðir; enda sjá það allir greindir menn, og furðar oss, að ekki skuli fleiri sveitir verða til að mynda slíkan félagsskap með sér, því öllum má þó vera í augum uppi, að engar jarðabætur eru á við túnasléttun, og að engum verkum mun lengur búið eða notasælli og betri ávöxtur af en þeim⁷. . .

Svo virðist sem jarðabætur hafi að meira eða minna leyti verið unnar á öllum jörðum hreppsins nema í Árdal og Stafholtsey. Er þá miðað við jarðir þær, sem taldar voru í jarðamati 1849-50.⁸ Má af þessu sjá, hversu víðtæk áhrif Jarðyrkjufjelagsins voru á meðan starf þess stóð með mestum blóma. Innan Jarðabótafélagsins mun ekki hafa verið um samvinnu að jarðabótum að ræða, heldur vann hver að sínu. **Hlutverk félagsins var því að vera vettvangur til sameiginlegrar hvatningar og uppörvunar fremur en beinn aðili að framkvæmd jarðabóta**, líkt og síðar varð hlutverk búnaðarfélaganna.

Jarðabætur þær, sem að var unnið, voru fyrst og fremst túnasléttun. Auk þess hlóðu flestir tún- og traðargarða „og sumir með talsverðri lengd; túngarða þeir, sem sléttað hafa út við túnjaðra, en traðargarða hinir, sem sléttað hafa nærri bæjum sínum.“⁹ Í skýrslum félagsins var spildustærð tíunduð nákvæmlega hjá hverjum

³ Þjóðólfur 9. apríl 1853.

⁴ Þjóðólfur 31. maí 1851.

⁵ Þjóðólfur 6. júní 1857.

⁶ Þjóðólfur 9. apríl 1853.

⁷ Þjóðólfur 6. júní 1857.

⁸ Skýrslur um landshagi (1858), 674-675.

⁹ Þjóðólfur 9. apríl 1853.

jarðabótamanni, svo og lögun spildanna. Meðalstærð ræktaðra spildna á hverju ári var á bilinu 127-204 ferfaðmar, en það svarar til 440-710 m². Stærstu spildurnar voru 1750 m² og þær minnstu um 90 m². Hver vann eftir sinni getu.

Á nútímamáli mætti segja, að mál spildanna, sem bændur sléttuðu, hafi verið stöðluð. Samkvæmt skýrslunum voru spildurnar ýmist 10 eða 5 faðma breiðar (19 og 9,5 m). Aðrar breiddir komu aðeins fyrir á þremur spildum af 117, sem skýrslur eru til um. Verklagið við túnasléttunina skýrir vafalaust hina föstu breidd spildnanna: Þetta var þaksléttugerð, sennilega með svipuðu formi og einkenndi beðasléttugerðina sem um þær mundir naut vaxandi athygli.

Um þetta leyti voru öll jarðyrkjutæki afar fátækleg. Páll og reka hafa líklega verið helstu áhöldin, og mannsaflið það eina, sem knúði verkin áfram. Gera má tilraun til að meta til dagsverka vinnu þá, sem í framanskráðum jarðabótum fólst. Lítið er vitað um afköst við þúfnasléttun með handverkfærum, en þó má miða við ákvæði um styrkveitingar úr landssjóði til búnaðarfélaga frá 1891.¹⁰ Þar segir, að meðaldagsverk við þúfnasléttun megi áætla 10 ferfaðma á dag (um 35 m²), sé unnið með handverkfærum, en 15 ferfaðma á dag (um 53 m²), þar sem unnið er með hestum. Sé nú talan 10 ferfaðmar á dag notuð, sést, að hver jarðabótamaður hefur að jafnaði lagt fram **17 dagsverk til túnasléttunar** ári hverju. Vinnuframlagið á hverjum bæ gæti því samkvæmt stærð ræktunarspildnanna hafa numið allt frá 2-3 dagsverkum á ári og upp í 50 dagsverk. Tölurnar sýna að jarðabæturnar hafa verið drjúgur þáttur í búverkum á þeim bæjum þar sem mest var unnið.

Mismunandi framtak – Hvatningarorð

En hvaða ástæður lágu að baki misjöfnu framtaki bændanna við jarðabæturnar? Vafalaust á hinn mannlegi þáttur drýgsta hlutann, en líta má einnig á ytri skilyrði. Jarðabótaframkvæmdirnar voru

þeim mun meiri sem jarðirnar voru stærri (dýrari skv. hundraðamati). Einnig virtust eldri bændurnir hafa verið iðnari við ræktunina en þeir sem yngri voru. Athyglisvert er að mjög lítil tengsl virtust vera á milli fjölda heimilisfólks (=vinnuafis?) og stærðar ræktunarframkvæmdanna. Greining á hinum rækilegu jarðabótaskýrslum leiðir skrifarann helst til þeirra ályktunar að umfang jarðabótanna á hverjum bæ hafi ráðist af húsbændum þar og framkvæmdavilja þeirra fremur en ytri aðstöðu og skilyrðum.

En skýrslur Jarðyrkjufjelagsins fluttu fleira en frásagnir um jarðabótavinnu félagsmanna. Þeim fylgdi líka hvatning til annarra um að leggja út á sömu braut. Þannig segir t.d. í skýrslunni, sem birtist í *Þjóðólfi* 27. mars, 1852:

Og vildum vjer óska þess, að þeir af löndum vorum, sem enn hafa eigi hreift jarðabótum, þeir reyni til að byrja á þeim með líkari aðferð, og þeirri, er fjelag vort stofnaðist með, . . . Vjer gjörum ráð fyrir, að fortölur manna í því efni mæti hvarvetna fúsum vilja; viljinn dregur hálf hlass; en ávinningurinn knýr menn ósjálfrátt til áframhalds.¹¹

Brýningum sínum halda Jarðyrkjufjelagsmenn enn áfram í skýrslunni, sem birtist um árið 1852, og kveða nú fastar að orði en fyrr:

Þegar við nú sjáum slíka ávexti og árángur af þessum samtökum okkar til félagsskapar, sem hafa kostað hvern einn svo lítið ómak og engi bein útlát, þá leyfum við okkur að skora á búendur í fleiri sveitum, að þeir gjöri með sér líkan félagsskap, ekki svo til að stæla eptir okkur, heldur af því það er svo einstaklega þarflegt, bæði fyrir jarðirnar og þá, sem nú á þeim búa og alla eptirkomendur. Við vildum mega benda yður til þess, hvernig við byrjuðum þenna félagsskap; - sá sem fyrstur stakk upp á því, tók með sé 2 eða 3 ötula áhugamenn, sem byrjuðu verkin af kappi, þá fóru smámsaman fleiri að vilja fylla félagsskapinn; það er ekki víst að neitt ávinnist sérlegt með því að hafa marga menn í slíku félagi með fyrsta, - við álitum vissast og affara-bezt, að

¹⁰ *Stjórnartíðindi B-deild 1891* (1891), 191-192.

¹¹ *Þjóðólfi* 27. mars 1852.

þeir séu ekki fleiri en mest 6 til 8, ef það eru valdir menn; meira er undir því komið, að verkið sé unnið, sem heitið er og undir er gengizt, þó af fáum séu með fyrsta, en mikið sé ráðgjört og af mörgum heitið, en engu þó afkastað; ef *nokkuð* er gjört, þó ekki sé víða, þá dregur það brátt bændur til líkra samtaka og starfa. Þá spillir það ekki heldur fyrir því líkum félagsskap og framkvæmdum, að auglýsa árlega, það sem gjört er, í blöðunum.¹²

— Skip það er kom frá Englandi til laxkaupanna, er frá Peterhead (Péturshöfða) á Skotlandi, og heitir skip-herrann Alexander Stephens, en reiðarinn eða útgjörðamaðurinn John Ritchie; þeir eru orðnir ásáttir um laxkaup við þá Andrés bónda Vigfússon á Hvítárvöllum, Teit Símonarson á Hvanneyri og aðra laxveiðarmenn þar við Hvítá, kaupa laxinn eins og hann kemur upp úr ánni á 10 sk. punduð, og hafa nú reist þar eldaskála sinn, til þess að sjóða niður laxinn, en sent skipið frá sér heim til Skotlands.

Dæmi um fréttir úr sveitinni árið 1857, m.a. af mönnum sem síðar áttu eftir að koma við sögu búnaðar-félagsskapar og -framfara þar. (Þjóðólfur 6. júní 1857).

Ris og hnig

Það vekur athygli við lestur skýrslanna að höfundar þeirra er hvergi getið með nöfnum né heldur þeirra sem forgöngu höfðu um jarðabótastarfið. Í fyrstu skýrslunni segir aðeins:

það voru fyrst 3 menn í þessum hreppum [Hvanneyrar- og Bæjarþingum], sem vöktu máls á jarðabótum og nauðsyn þeirra fyrir sveitina, og gengust þeir fyrir því að hvetja og áfýsa aðra til þeirra.¹³

Hér verður því að geta í eyðu sögunnar. Samkvæmt fyrstu skýrslunni skáru þrír bændur sig úr, hvað snerti stærð túnsléttanna. Það voru þeir Símon Sigurðsson á Kvígsstöðum, Sigurður Magnússon í Fossakoti og Runólfur Jónsson á Ytri-Skeljabrekku. Þeir sléttuðu 300 ferfaðma spildu hver, en allur þorri bænda hafði þá sléttuð um 100 ferfaðma spildur. Böndin berast því að þessum þremmingum, því trúlegt verður að telja, að þeir

sem málið vöktu, hafi talið sér nokkra skyldu að fylgja því eftir með öflugri framkvæmd.

Séu öll fimm skýrsluárin talin saman, eru þeir Símon, Sigurður og Runólfur enn atkvæðamestir, með þeirri breytingu þó, að Gestur Jónsson á Varmalæk, hefur tekið þriðja sætið, á eftir þeim Runólfi og Símoni, en næst á undan Sigurði í Fossakoti.

Eftir 1857 barst engin skýrsla um starf félagsins. Er helst að sjá að um það leyti hafi það hætt störfum. Til þess gætu legið tvær ástæður öðrum fremur: Í fyrsta lagi komu nokkur erfið ár um og upp úr 1857, einkum þó árið 1859. Stóð harðindakafli þessi fram til 1870, og hefur vafalaust haft nokkur áhrif á framkvæmdavilja bænda.

	faðmur,	faðmur,
	lengd	breidd
1. Símon Sigurðsson á Kvíksstöðum	40	10
2. Guðmundur Magnússon á Láugholti	40	10
3. Jón Runólfsson á Vatnshömrum	35	10
4. Guðmundur Jónsson á Múlastöðum	35	10
5. Teitur Símonarson á Hvanneyri	30	10
6. Kristján Sigurðsson á Vallnakoti	30	10
7. Eggert Gíslason á Eyri	30	10
8. Gestur Jónsson á Varmalæk	25	10
9. Eyjólfur Jóhannesson í Bæ	25	10
10. Haldór Þórðarson í Bakkakoti	20	10
11. Jón Berghóráson á Ytri-Skeljabrekku	20	10
12. Magnús Sigurðsson á Miðfossu	20	10
13. Jón Magnússon á Grfmastöðum	18	10
14. Sigurður Magnússon í Fossakoti	16	10
15. Gróa Gissurad. ekkja á Hvanneyri	10	10
16. Jóhann Pétur Einarsson í Þfngnesi	10	10
17. Haldór Haldórsson í Ausu	10	10
18. Einar Sigurðsson á Heggstöðum	10	10
19. Jón Gíslason á Bárustöðum	10	10
20. Jón Þórðarson á Syðstufossu	10	10
21. Eyjólfur Eyjólfsson á Grjóteyri	10	8
22. Sigmundur Björnsson á Heggstöðum	10	8
23. Guðmundur Guðmunds. í Tungutáni	10	5
24. Jón Þórðarson í Skipholti	10	5
25. Runólfur Jóns. á Innri-Skeljabrekku	40	10

Fullnægt var ásetningi félagsmanna um jarðabætur félagsmanna um að „slétta árlega bót í túnum okkar, og skyldi auglýsa árlega á prenti greinilega skýrslu um það . . . Þetta var í fyrstunni ekki lengra upp lagt en um 5 ára tíma. Nú eru þau fimm ár að vísu liðin, en allir félagsmenn eru fúsari á en áður að halda áfram verkinu fyrir því, og skal nú hér skýra frá hverju aukið hefir verið við túnasléttun hjá félagsmönnum á þessu ári.“ Taflan á sennilega við framkvæmdir á árinu 1856 því skýrsla þessi birtist í Þjóðólfi 6. júní 1957.

¹² Þjóðólfur 9. apríl 1853.

¹³ Þjóðólfur 31. maí 1851.

Í öðru lagi fengu borgfirskir bændur um annað að hugsa en jarðabætur, er hallaði fram á sjötta tug nítjándu aldarinnar. Sumarið 1856 tók fjárkláðans að verða vart í ýmsum sveitum suðvestanlands, þar á meðal í Borgarfirði¹⁴ og haustið 1858 kom til framkvæmda samþykkt Alþingis um niðurskurð fjár, m.a. í Borgarfjarðarsýslu. Má ímynda sér hvílikur hnekkur þetta varð fyrir efnahag heimilanna. Kristleifur á Stóra Kroppi skrifaði að allt frá 1858 til 1876 „mátti heita, að yfir stæðu látlausar deilur um fjárkláðann.“¹⁵ Varla hefur það eftir áhuga bænda til félagslegs átaks í jarðabótum.

Eftirleikur

En þótt svo virðist sem opinbert félagsstarf á sviði jarðabóta í Andakílshreppi hafi lagst af um þessar mundir, störfuðu þó stöku bændur áfram að jarðabótum ötullega í anda samþykta Jarðyrkjufjelagsins.

Sé aftur horfið að áhrifaþáttunum sem sagt var frá hér framar og staða einstakra bænda skoðuð sérstaklega, skera tveir bændur sig mjög frá þeim almennu reglum, sem gögnin mynduðu. Það eru þeir Runólfur á Ytri-Skeljabrekku og Símon á Kvígsstöðum. Framkvæmdir þeirra við túnasléttunina voru mun meiri en svaraði til hinna ytri kjara, sem þeir bjuggu við, t.d. dýrleika jarðanna, er þeir sátu, og fjölda heimilsfólks þeirra. Ef dæma má eftir tölfræðinni einni virðast því þar hafa verið að verki meiri áhugamenn um túnrækt en almennt gerðist í sveitinni. Styður það tilgátuna um það að þeir tveir hafi verið meðal líklegustu upphafsmanna að stofnun Jarðyrkjufjelagsins.

. . . „þá köllum vjer vel farið í vorri sveit, þegar hver búandi maður minnst þess ávallt, og lætur á sannast í verki, „að hann er settur á ábyli sitt til að yrkja það og vakta.““

Úr skýrslu Jarðyrkjufjelagsins 1851 í *Þjóðólfi* 31. maí 1851.

Á árabílinu frá 1856, er síðast fréttist af Jarðyrkjufjelaginu og fram til 1881, að *Búnaðarfélag Andakílshrepps* var stofnað, var nokkuð unnið að túnasléttun og öðrum jarðabótum í hreppnum. Samkvæmt jarðabótaskýrslum voru þær framkvæmdir þó minni en verið höfðu á blómaskeiði Jarðyrkjufjelagsins. Hugsanlega ástæður fyrir því hafa þegar verið nefndar.

Með níunda áratug nítjándu aldar hófst hins vegar það félagsstarf um búnaðarbætur sem enn stendur. Má telja víst að þar hafi bændur í Andakílshreppi að einhverju marki getað fylgt slóðinni sem Jarðyrkjufjelagið markaði liðlega aldarfjórðungi fyrir þegar verðmæt og hvetjandi reynsla af félagslegu átaki í jarðabótum hafði safnast.

¹⁴ Gils Guðmundsson: *Öldin sem leið 1801-1860*. (1955), 223.

¹⁵ Kristleifur Þorsteinsson: „Ágrip af búnaðarsögu Borgarfjarðarhéraðs fyrir og eftir aldamótin 1900“. (1965).



Mynd Collingwoods frá Varmalæk 1897 gefur sennilega nokkra hugmynd um hvernig var heim að líta á ýmsum bæjum í Andakílshreppi í lok níttjándu aldar: Jarðarhús að mestu gerð úr innlendum byggingarefnum, járnklædd timburhús þó farin að sjást og garðrækt, meiri eða minni, gjarnan í varpa, varin ágangi með garðveggjum sem einnig gáfu skjól. (Þjóðminjasafn, Coll-25).

Félagsstarf í dvala en framfarir þó

Prautseigir jarðabótamenn

Já, fárkláðinn á sjöunda áratug nítjándu aldarinnar kom illa við bændur í Andakílshreppi. Veðráttta var sem löngum áður breytileg. Eitt af mestu harðindaárum aldarinnar var árið 1866, skrifaði Trausti Jónsson.¹⁶ Önnur voru skárri. Hvað sem olli því að Jarðyrkjufjelagið lagðist í dvala, að segja má um nær aldarfjórðungsskeið, störfuðu þó stöku hreppsúar áfram að jarðabótum í anda samþykktu félagsins. Muna má að á landsvísu var vaxandi áhugi fyrir umbótum á ýmsum sviðum, ekki síst í verklegum greinum. Húss- og bústjórnarfélag Suðuramtsins, sem stofnað var árið 1839, starfaði með hvatningu til búnaðarbóta, þótt þátttaka í félaginu væri einkum meðal sérstakra áhugamanna um búnaðarframfarir, embættismanna og betur megandi bænda. Víst má telja að þegar menn sáu árangur jarðabótanna hafi hann hvatt til frekari aðgerða, allt eftir aðstæðum og getu hvers og eins.

Sé nú aftur horfið að þáttunum, sem helst höfðu áhrif á framkvæmdir manna og sagt var frá hér að framan, og jarðabætur einstakra bænda skoðaðar sérstaklega, skera tveir bændur hreppsins sig mjög frá þeim almennu reglum, sem gögnin virðast sýna. Það eru þeir Runólfur Jónsson á Innri-Skeljabrekku og Símon Sigurðsson á Kvígsstöðum. Framkvæmdir þeirra í túnasléttun voru mun meiri en svaraði til hinna ytri kjara, sem þeir bjuggu við, t.d. dýrleika jarðanna, er þeir sátu, og fjölda heimilisfólks þeirra. Ef dæma má eftir tölfræðinni einni virðast því þar hafa verið að verki meiri áhugamenn um túnrækt en almennt gerðist í sveitinni. Raunar styður það tilgátuna um það að þeir tveir hafi verið meðal líklegustu

upphafsmanna að stofnun Jarðyrkjufjelagsins.

Hér er því við að bæta, að nokkru síðar (1866) hlaut sonur Runólfs, Jón, sem þá var orðinn bóndi á Vatnshömrum, verðlaun Húss- og bústjórnarfélags Suðuramtsins að upphæð 20 rd, fyrir túnasléttun, plægingar, húsbyggingar, steinbrú og stéttar. Eplið féll því ekki langt frá eikinni. Sama ár hafði Jón Sigurðsson leiguliði í Fossakoti beðist verðlauna fyrir jarðabætur, en fjárráð félagsins leyfðu ekki veitingu þeirra. Þá voru þrír bændur í hreppnum félagsmenn í Húss- og bústjórnarfélaginu.¹⁷ Árið 1872 keppti svo Símon á Kvígsstöðum um verðlaun sama félags fyrir jarðabætur unnar á síðustu 14 árum, nánar tiltekið fyrir að hafa

1. sléttað 3026 ferfaðma; ágætlega af hendi leyst;
2. grætt út 3344 ferfaðma; Hann fær nú 120-130 hesta af túni sínu, þar sem hann áður fjekk að eins 60-65 og er túnið þó harðlent og ófjót.

Það var svo sumarið 1875 að Símon hlaut heiðursgjöf úr Styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda en samkvæmt skýrslu sýslumanns hafði Símon

. . . sljettað mikinn part af túni sínu og grætt það út, byggt engjabrú yfir ófært fen, byggt brú, er tekin hefur verið í þjóðveg, og að öllu samantöldu gert hinar fallegustu og mestu jarðabætur, er sýslumaðurinn hafði sjeð í Borgarfjarðarsýslu.¹⁹

Heiðursgjöfin var kr. 120,- sem var mikið fé, – nánar tiltekið ríflegt kýrverð samkvæmt

¹⁶ <https://trj.blog.is/blog/trj/entry/2248186/>

¹⁷ *Skýrsla Húss- og bústjórnarfélags Suðuramtsins*, (1866), 8-9, og 13.

¹⁸ *Skýrsla Húss- og bústjórnarfélags Suðuramtsins*, (1873), 27.

¹⁹ *Stjórnartíðindi, B-deild*, (1875), 80.

verðlagsskrám þeirra tíma. Mundi Kristján konungur ef til vill þar hafa verðlaunað helsta hvatamanninn að stofnun Jarðyrkjufjelagsins í Andakíl og Bæjarsveit.

Þá má nefna Einar Guðmundsson á Heggstöðum sem talinn var verður verðlauna árið 1875 fyrir að hafa „sljettað 2155 ferfaðma; grætt út 520 ferfaðma, grafið vatnsveitingaskurði 100 faðma að lengd, 1 alin á breidd, 1 alin á dýpt; hlaðið 28 faðma langa brú á engjavegi. Þetta er unnið á 3 árum. Hann er einyrki, ómagamaður og leiguliði“, skrifuðu matsmenn.²⁰

Andrés á Hvítárvöllum og Torfi á Varmalæk

Nú má gera örlítinn sveig á söguna:

Torfi Bjarnason, sem orðið hefur holdgervingur ræktunarumbóta og búnaðarframfara á efstu áratugum nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu, jafnan kenndur við Ólafsdal, bjó á Varmalæk árin 1868-1870. Um búskap hans þar er svo sem ekki mikið vitað, þó það að vildarvinur hans var Andrés Fjeldsted, á Hvítárvöllum, maður sem kallaður verður til búnaðarfélagssögu hreppsins í næsta kafla þessarar ritsmíðar. Þeir Andrés og Torfi voru á svipuðum aldri, Andrés þó þremur árum eldri. Þeir munu hafa kynnst að ráði er þeir dvöldu með Skotum á árunum 1866-1867. Þeir höfðu notið fyrirgreiðslu feðganna John og James Ritchie, „niðursuðukaupmanna“ í Peterhead í Skotlandi, sem þeir þökkudu í opinberu ávarpi í Þjóðólfi veturinn 1868 . . . „fyrir ógleimanlegt göfuglyndi, einlægni og alúð er þeir sýndu okkur meðan við dvöldum á Skotlandi næstliðið ár“²¹ . . . Hérlandis voru Ritchie-feðgar þá þekktir fyrir hlut sinn að laxveiðum og niðursuðu á laxi, en hana hafði Andrés kynnt sér ytra og tekið þátt í henni hér heima.²² Með Andrési og Torfa óx mikill vinskapur eins og fjöldi og efni bréfa frá Andrési í safni Torfa bera með sér.

Ýmsum nýjungum kynntust þeir félagar í Skotlandi. Ágiskun skrifarans er að Andrés hafi meðal annars keypt þar plóg og haft með sér heim, því að í bréfi til Torfa á Varmalæk, rituðu í Þingnesi 12. október 1869 segir hann: . . . „já, jeg vil gjarnan ljá þér Plóginn . . . jeg sje líka að hann muni vera brúkunar lítill núna, jeg hefi rist ofan af nokkrum þúfum, þó of lítið sje,“²³. Þá um vorið mun Torfi hafa keypt plóg frá Skotlandi²⁴ svo þá ættu plægingarnar að hafa gengið lipurlega á Varmalæk. Andrési var sýnilega í mun að menn nýttu plóg í jarðabótum sínum og 30. september 1874 skrifaði hann Torfa, sem þá var fluttur vestur í Ólafsdal, m.a.: „Eingan hefi eg fengið hér til að læra að plæja hjá þér enn, en vona þó, að einhver mannd. . . vilji læra það, skófluna og gafalinn sendi eg upp að Þingnesi.“ En svo þrengdi að, eins og lesa má í bréfi Andrésar til Torfa 27. mars 1879: „Þú talar um plóginn minn, og er það satt að þjer ann eg hann best af öllum, vegna þess að nú þarf eg peninga með, en fokið er í flest skjól.“ Skoskur plógur var því kominn í Andakílshrepp fyrir tilverknað Andrésar og frá honum virðist Torfi hafa fengið gripinn. Frá Skotlandi sneri Torfi skuldugur²⁵ svo varla hafði hann tók á að kaupa þar mikið af nýjum verkfærum til þess að hafa með sér heim til Íslands. Líklega hefur því Andrés Fjeldsted fengið sinn plóg á undan Torfa sem varð verkfærið hins vegar töluvert drýgra til frægðar en bóndanum á Hvítárvöllum.

Það má ljúka þessum sveig á sögunni með tilvitnun í bréf Andrésar til Torfa 19. janúar 1872 sem skrifaði: „Ó, [ef] þú hefðir verið kjur á Varmalæk, þá er eg viss, við hefðum gjört eitthvert gagn, en eg verð að vera í svo mörgu“ . . . Já, í ljósi þess sem Torfi Bjarnason átti eftir að koma til leiðar í Ólafsdal, má vissulega velta fyrir sér hvað sprottið hefði upp úr samstarfi þeirra, en það er önnur saga.

²⁰ Skýrsla Búnaðarfjelags Suðurstadsins (1877), 21-22.

²¹ Þjóðólfiur 24. mars 1868.

²² Sigurður Fjeldsted: *Héraðssaga Borgarfjarðar* II, 249-250.

²³ Torfi Bjarnason: *Skjala- og bréfasafn*. Lbs 150 NF – 1.

²⁴ Bjarni Guðmundsson: *Yrkja vildi eg jörð*. (2020), 157.

²⁵ Játvarður Jökull Júlíusson: *Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalsskóla* (1986), 134.



Á Varmalæk má að baki bænum sjá afar myndarlegar beðasléttur. Með öllu er óvíst hvort einhverjar þeirra séu frá búskapartíð Torfa Bjarnasonar þótt vel geti svo verið. Á Varmalæk var Torfi ekki aðeins titlaður bóndi heldur einnig jarðræktarmaður, sem bendir til þess að jarðyrkju hafi hann sinnt í meira mæli en aðrir á meðan hann bjó þar.

Fyrstu farand-búfræðingarnir

Þá er aftur þar til að taka að Búnaðarfélag Suðuramtsins var á þessum árum að efla starf sitt í þágu bænda, hafði raunar fengið það nýja nafn árið 1873. Þá réði félagið Svein Sveinsson búfræðing, nýkominn frá búnaðarnámi í Noregi en síðar fyrsta skólustjóra Búnaðarskólans á Hvanneyri, með samkomulagi við landshöfðingja til þess „að ferðast hjer um land, til þess að kynna mönnum arðsamari jarðyrkju“. . . Það sumar ferðaðist Sveinn um Borgarfjarðarsýslu og leiðbeindi bændum, kom m.a. við hjá Jóni Þórðarsyni í Stafholtsey. Sveinn sagði sér hvarvetna hafa verið vel tekið, hann hefði verið beðinn að koma aftur, og taldi víst, „að vorar litlu framfarir í jarðarrækt og búnaði yfir höfuð komi mest af fákunnáttu, tilsagnarskortri og efnaskorti, en alls eigi af því, að landsbúar sjeu fráhverfir nýbreytingu, eða af vanafestu.“²⁶ Leiðbeiningastarfinu hélt Sveinn áfram næstu sumur og gaf rækilegar skýrslur um það.

Sumarið 1874 kom Sveinn til Páls læknis Blöndal í Stafholtsey og „sagði þar fyrir um ýmislegt við jarðabætur; einnig gróf jeg þar með öðrum manni 12 faðma langan skurð utan við túnið og vörzlugarð fram með.“ Einnig kom hann við á Hesti og á Varmalæk og „sagði þar fyrir um

ýmislegt;“²⁷ Og oftar átti Sveinn eftir að koma við í Stafholtsey og vinna þar að jarðabótum, meðal annars sumarið 1885, en þá vann hann þar að gerð náthaga, „sem nú eru farnir að tíðkast allmikið nyrðra og vestra . . . Náthagi þessi var búinn til á sljettum óræktuðum, grasgrónum leirgrundum, á sikisbakkanum austanvert við túnið í Stafholts-ey.“²⁸ Fleiri farandmenn Búnaðarfélagsins komu við sögu ræktunar í hreppnum, svo sem Halldór Hjálmarsson „vatnveitingamaður“, er í október-byrjun 1879 kom við hjá Birni hreppstjóra í Bæ og gróf þar 90 faðma langan varnarskurð en varð síðan að hætta „sökum frosts og snjóa.“²⁹

Á árabílinu frá 1856, er síðast fréttist af *Jarðyrkjufjelaginu* og fram til 1881, að *Búnaðarfélag Andakílshrepps* var stofnað, var áfram unnið að túnasléttun og öðrum jarðabótum í hreppnum. Samkvæmt jarðabótaskýrslum voru þær framkvæmdir þó minni en verið höfðu á blómaskeiði Jarðyrkjufjelagsins. Sókn á sviði jarðabóta var samt að þyngjast eins og dæmin sýna sem hér voru rakin. Árangur þeirra spurðist áreiðanlega út, meira fór fyrir opinberri hvatningu til búnaðarbóta og félagsshreyfingar bænda víða voru að styrkjast í ýmsum sveitum.

Þannig höfðu skilyrði skapast fyrir því um 1880 að bændur í Andakílshreppi byndust á ný samtökum um búnaðarbætur. Má telja víst að þar hafi þeir að einhverju marki getað fylgt slóðinni sem Jarðyrkjufjelagið markaði liðlega aldarfjórðungi fyrir þegar verðmæt og hvetjandi reynsla af félagslegu átaki í jarðabótum hafði safnast. Um það fjallar næsti sögukafli.

²⁷ Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins (1877), 7.

²⁸ Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins (1887), 19.

²⁹ Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins (1885), 15.

²⁶ Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins (1875), 14.

Búnaðarfélag Andakílshrepps – Þættir úr sögu félags og byggðar

Búnaðarfélagið stofnað

Búnaðarfélag Andakílshrepps var stofnað árið 1881. Varðveist hafa heimildir um starf félagsins frá fyrstu tíð, svo sem fundargerðir þess og ársreikningar, ýmist í frumgerð eða afritum. eru þær fremur heillegar og varpa því talsverðu ljósi á sögu félagsins.³⁰

Bændur í Andakílshreppi stofnuðu búnaðarfélag sitt áreiðanlega minnugir Jarðyrkjufélagsins sem sagt var frá hér að framan. Stofnendurnir voru liðlega tuttugu skv. fyrsta félagatali. Nokkuð er sú tala ótrygg en árið 1882 greiddu 20 félagar tillag til félagsins. Næstu ár á eftir voru félagsmenn nokkru færri, tíðast 15-18. Fyrstu stjórn félagsins skipuðu þeir Andrés Fjeldsted, bóndi á Hvítárvöllum, sem var formaður, sr. Janus Jónsson, prestur á Hesti, sem var skrifari, og Björn Þorsteinsson bóndi í Bæ, féhirðir.

Ekki hafa varðveist heimildir um stofndag félagsins. Líkur benda þó til þess að félagið hafi verið stofnað á haustdögum árið 1881, því að fyrstu árgjöld eru skv. reikningum þess innheimt árið 1882. Ennfremur segir í fyrstu lögum félagsins, að félagsstjórn skuli kjörin á haustfundi til tveggja ára, en aðalfundur félagsins skyldu vera tveir á ári hverju, annar í júnímánuði, en hinn í októbermánuði.

Við stofnun Búnaðarfélagsins hefur varla verið bjart um að lítast í Andakílshreppi fremur en

öðrum sveitum, hvað varðaði árgæsku og önnur ytri skilyrði búnaðar. Liðið var gott ár, en í kjölfar þess fóru mikil harðindi. Þeim lýsti Kristleifur á Stóra Kroppi m.a. þannig:

Þá (1880) varð skógur skrudgrænn 12. maí og tún ljómuðu af sóleyjum. Þá varð einnig eitt hið mesta fiskiár og heyskaparsumar ágætt, því að gras var óvenju mikið og nýting sæmileg. Voru menn því vel undir veturinn búinir. Þess var líka þörf, því að nú gekk í garð hinn grimmasti vetur, sem yfir Ísland hefur komið í seinni tíð. Veðráttu var samt bærileg um haustið fram í miðjan nóvember. . .

Fyrsta aftakabylinn gerði á annan dag jóla. . . Þá sópuðust líka allar ær Björns Þorsteinssonar í Bæ út í þann sama byl. . . Eftir 3 daga varð fyrst brotist út í hríðina að leita þeirra. Fundust þær flestar í skjólum við Grímsá, en herfilega útleiknar og nálægt 20 dauðar.

Tíð fór að hlýna, er nokkuð kom fram á einmánuð og vorið varð stórkastalaust. Borgfirðingar sluppu því að mestu slysaust yfir þenna ógnavetur.³¹

Í veðráttuannál Trausta Jónssonar um árið 1881 sagði m.a. að heyafli hafi víðast orðið lítill og að menn hafi að jafnaði aðeins fengið um það bil þriðjung til helmingi minna af túnum sínum en í meðalári.³² Búnaðarfélagið hóf því ekki göngu sína í góðæri. Um þetta leyti voru bændur í hreppnum að ná fjártölunni upp aftur eftir stórfækkun þá sem varð á sauðfé vegna fjárkláðans nokkru fyrr.

³⁰ Þorri heimilda um Búnaðarfélag Andakílshrepps, sem hér er byggt á, er varðveittur í Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar, merktur EF-51. Nokkur eru í enn í vörslu einkaaðila en munu skila sér til Skjalasafnsins innan tíðar. Hér á eftir verður því ekki vísað í skráningu einstakra skjala og eru lesendur, sem leita vildu frekari fróðleiks, beðnir forlats á þeirri ónákvæmni. Helstu heimildir skrifarans voru fundargerðarbækur og ársreikningar Búnaðarfélagsins, fundargerðir Búnaðarsambands Borgarfjarðar, gerðabækur hreppsskilapínga svo og sveitarbók Andakílshrepps.

³¹ Kristleifur Þorsteinsson: „Veðurfur og hejjaforði“. *Héraðssaga Borgarfjarðar I* (1935), 188, 190.

³² <https://trj.blog.is/blog/trj/entry/2213510/>

Úr fyrstu lögum félagsins

Tilgangur félagsins samkvæmt fyrstu lögum þess var „að vekja áhuga hreppsþúa á framförum í því, er að búnaði lítur, hverju nafni sem nefnist, og styrkja menn til búnaðarlegra framkvæmda“. Skv. 7. grein laganna byrjaði félagið með fjármunum Styrktarsjóðs Andakílshrepps. Var þar um talsverða upphæð að ræða, eða kr. 1068,59, mest á formi skuldabréfa nokkurra bænda í hreppnum. Sváraði það til um það bil tíu kýrverða. Skyldi sá sjóður standa sem innistæða er við bættist árlega a.m.k. 1/3 af öllum föstum árstekjum félagsins.

Tekjum félagsins skyldi að öðru leyti varið til verkalauna meðal félagsmanna í hreppnum, er félagsstjórnin álitur að hafi til þeirra unnið. Þá segir í 7. grein laganna:

Sá, er verklauna beiðist, verður að fá tvo málsmetandi menn, og sjé annar þeirra að minsta kosti fjelagsmaður, til að yfirlíta verk sín, og senda fjelagsstjórninni skýrslu þeirra um það, hve mikið verkið sje, og hve vel af hendi leyst, ásamt verklaunabeiðslunni. Verklaunabeiðslur allar verða að vera komnar í hendur fjelagsstjórninni fyrir hinn almenna haustfund, en á þeim fundi skal fjelagsstjórn ákveða hverjir af verklaunabeiðendum skuli fá verklaun.

Öll þau verklaun, er eigi nema meiru en 8 krónum, skulu goldin í verkfærum; en þau verklaun, er meiru nema, skulu goldin í peningum, sem varið sje til vinnulauna fyrir jarðabótastörf, er fjelagsstjórnin álitur verð slíkra launa.

Athyglisvert er ákvæði laganna um skyldu búsettra félagsmanna um „að vinna eða láta vinna 5 dagsverk á ári fyrir hvern verkfæran karlmann, sem hann hefir á heimili, að honum sjálfum meðtöldum, og 1 dagsverk fyrir hver 5 hundruð full í ábýlisjörð hans, að þeim jarðabótum sem veitt eru verðlaun fyrir úr landssjóði“³³. . . Ákvæðið svarar til þeirrar skyldu sem *Jarðyrkjufelagið* áður nefnda lagði á féлага sína um árlegar aðgerðir í jarðabótum.



Andrés Fjeldsted (1835-1917) var Snæfellingur en fluttist ungur að Hvitárvöllum; tók þar við búi að föður sínum látnum árið 1862. Með aðstoð velvildarmanna keypti hann jörðina og í höndum hans og konu hans, Sesselju Kristjánsdóttur, varð jörðin „eitthvert rausnarlegasta bóndabýli á Íslandi, bygging öll hin stórmannlegasta og jörðin bætt stórum“, sagði í Sunnanfara 1892, bls. 102, og enn fremur:

„Andrés hefir verið hinn mesti framfara og dugnaðarmaður í öllu og er sjálfur þjóðhagsmiður bæði til húsa og annars og hefir hann tvívegis farið til Skotlands til smíða, í fyrra skiptið til skipasmíða, en í síðara skiptið var hann við blikksmíði og niðursuðu og vann jafnframt fyrir sér við smíðarnar í bæði skiptin; yfirsmiður var hann og að húsagerð á Hvitárvöllum og sá um búskapinn jöfnum höndum. Af mönnum í bænda röð má telja Andrés vel að sér, en hann hefir aflað sér allrar mentunar sinnar sjálfur.“ Andrés stóð m.a. fyrir vel sóttri þjóðhátíð sem haldin var í Þingnesi á gamlársdag 1874 þar sem margt var gert til hátíðarbrigða, eins og Brynleifur Tobiasson lýsti í bókinni Þjóðhátíðin 1874 bls. 142.

Jarðabætur á fyrstu árunum

Á árunum laust fyrir stofnun Búnaðarfélagsins ferðuðust búfræðingar um Andakílshrepp á vegum Búnaðarfélags Suðuramtsins, og sögðu fyrir um jarðabætur jafnframt því sem þeir unnu að jarðabótum. Sveinn Sveinsson, ferðaðist um sveitina sumrin 1873 og 1874 eins og fyrr sagði, sömuleiðis sumarið 1877. Sumarið 1879 ferðaðist Halldór Hjálmarsson, um Andakílshrepp, og aftur sumarið 1880. Samkvæmt skýrslum þeirra Sveins og Halldórs höfðu þeir aðeins viðkomu

³³ Sjá „Lög Búnaðarfélags Andakílshrepps“ frá 1911.

á fáum bæjum. Jarðabótaskýrslur bera með sér, að á þessum árum hafi framkvæmdir verið smáar og líklega verk tiltölulega fárra en áhugasamra bænda.

Sumarið 1881 réði Búnaðarfélag Suðuramtsins Björn Bjarnarson til starfa að jarðabótum í Borgarfjarðarsýslu. Björn, sem ættaður var frá Vatnshorni í Skorradal, en var síðar kenndur við Grafarholt í Mosfellssveit, hafði þá nýlokið búfræðiþrófi frá búnaðarskólanum á Stend í Noregi. Þetta sumar vann Björn að langmestu leyti í Andakílshreppi. Samkvæmt starfsskýrslu hans heimsótti hann alls 14 heimili í hreppnum sumarið 1881 og af 273,5 jarðabótadagsverkum, sem Björn átti hlut að þetta sumar í Borgarfjarðarsýslu, voru 110 unnin í Andakílshreppi. Að tiltölu var því verulegt starf unnið að jarðabótum í hreppnum. Er það einkum athyglisvert í ljósi þess hve sumarið 1881 varð bændum erfitt. Klaki var í jörðu lengi fram eftir sumri og eins og segir í skýrslu Bjarnar að fyrir hafi komið að „skurðir urðu eigi teknir fulldjúpir þá þegar vegna klaka í jörðinni.“ Sumarið 1881 var einkum unnið að afræslu og gerð varnarskurða á engjalöndum. Mestur tími fór til slíkra framkvæmda í Andakíl, þ.e. á Norðurengjum, þar sem unnin voru 49 dagsverk, og á Suðurengjum, 9 dagsverk. Þessar framkvæmdir voru að því leyti athyglisverðar að að þeim stóðu margir bændur í sameiningu, eða eins og segir í skýrslu Bjarnar:

Júní 7.-11. vann jeg í Norðurengjum að varnar- og ræslu-skurðum, sem 9 búendur áttu hlut að; frumkvöðlar voru: Daníel A. Fjeldsteð á Hvítarósi, og Ólafur Jónsson á Kvikstöðum. . .


Júní 17. vann jeg að varnarskurði í Suðurengjum fyrir 5-600 hesta blett; áttu 6 búendur hlut að, frumkvöðull var Ari Jónsson á Syðstu Fossum.

Svo virðist sem Björn hafi þetta sumar fært Andakílingum búskaparhátt sem um þetta leyti var að nema land á Íslandi. Það var votheysverkunin en í skýrslu Bjarnar segir:

Ág. 18. fór jeg um Innri-Skeljabrekku að Mið-fossum.

Ág. 19.-22. vann jeg þar að afræslu í blautum engjum, og gjörði súrheyskjallara í gömlum, grónum öskuhaugi. Þá voru 3 fet ofan að 1½ fets þykkum klaka. Að verkinu unnu 2 fullorðnir menn og drengur, sem færði moldina frá bakkannum, og stóð verkið yfir í 3½ tíma. Kjallarinn var á dýpt 7 fet, að ofan 10 f. langur, 7 f. br., að neðan 8 f. l., 4. f.br. botninn þjettur; kjallarinn tekur 34 hesta heys.³⁴

Þess má geta, að sumarið 1881 byggði Björn einnig súrheyskjallara á Fiskilæk og á Lundi í Lundarreykjadal.



Tilgátumynd af hirðingu í „súrheyskjallara“ Björns Bjarnarsonar sem hann gerði á Mið-Fossum í Andakíl í ágúst-mánuði árið 1881, stofnari Búnaðarfélags Andakílshrepps.

Ekki verður lesið úr skýrslu Bjarnar, hvort Búnaðarfélagið hafi átt þátt í jarðabótaframkvæmdum sumarið 1881, það er hvort stofnun Búnaðarfélags Andakílshrepps hafi verið orsök eða afleiðing jarðabótavakningarinnar. Á fundi Búnaðarfélagsins 21. október 1882 voru „samkvæmt 7. gr. fjelagslaganna kosnir tveir menn til að álíta og gefa skýrslu um jarðabótaverk verklauna beiðenda, og voru í einu hljóði kosnir

³⁴ Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins, (1885), 17-19.

Auðunn Vigfússon, bóndi á Varmalæk, D.A. Fjeldsted, bóndi á Hvítarósi.“

Kjörið bendir til þess að félagið hafi verið stofnað á haustdögum 1881 eins og fyrr var líka giskað á því ella er líklegast að kosningin hefði verið gengin um garð. Því má varpa fram þeirri tilgátu að Búnaðarfélag Andakílshrepps hafi sprottið upp úr starfi Bjarnar Bjarnarsonar, búfræðings, og fyrirrennara hans sem Búnaðarfélag Suðuramtsins réði til umferðarvinnu, svo og vilja heimamanna til þess að hagnýta sér þessa aðstoð. Loks má telja líklegt að skilningur á gildi jarðabóta kunni að hafa verið meiri hjá mörgum bændum í Andakílshreppi en almennt gerðist, m.a. vegna reynslu af starfi Jarðyrkjufjelagsins upp úr 1850, og að þessi skilningur hafi ýtt undir stofnun Búnaðarfélagsins. Síðast en ekki síst voru nokkrir af fyrstu félagsmönnum Búnaðarfélagsins meðal þeirra sem virkir höfðu verið í Jarðyrkjufjelaginu.³⁵ Þræðir lágu því á milli félaganna svo hálf í hvoru má tala um samfellu starfsins.

Að þúfnasléttun virðist Björn ekki hafa unnið sumarið 1881 þótt framkvæmdir yrðu talsverðar í Andakílshreppi á því sviði, að því er jarðabótaskýrslur herma. Um þær virðast bændur þá hafa verið einfærir, en á hinn bóginn voru skýrslufærðar jarðabætur við framræslu jafnmiklar og Björn hafði unnið að.

Í lok starfsskýrslu sinnar um sumarið 1881 ritar Björn almenna hugleiðingu um ástand ræktunar, sem líklega hefur ekki síst átt við Andakílshrepp þar sem hann hafði varið flestum vinnustundum sínum:

Flest það, er jeg hef gjört í sumar, er engjaræktinni viðvíkjandi, og er það eðlilegt, því jeg hafði að þessu sinni eigi önnur verkfæri en þau, sem þar til þjéna. Menn eru heldur eigi komnir til þekkingar á að nota búfræðinga til annars, eins og hið almenna nafn „vatnsveitingamaður“ bendir til. En þó það sje gott og nauðsynlegt, að bæta engjar og mýrar, þá álit jeg, að túnaræktin megi eigi búa á hakanum, heldur ætti hún miklu fremur að ganga á undan.

³⁵ Þjóðólfur 31. maí 1851.

Ennfremur:

... þó það [að sljetta] sé kostnaðarsamt með þeim verkfærum, sem vanalega eru notuð og eru þeir því fleiri, sem láta þennan kostnað og erfiðleika fæla sig frá að gjöra það. Mikil vinna og áburður tapast því ár eptir ár í viðhaldi þýfðra túna. Til þess að gjöra þúfnasljettunina auðveldari, þarf að koma mönnum á betra lag en hingað til hefur verið brúkað. Menn þurfa að læra að nota hestakraftinn og hraðvirkari verkfæri en skófluna. Eins og áhuginn í vatnsveitingum fyrst hefur farið að vakna, þegar árangurinn sást, þannig gjöri jeg ráð fyrir að fara mundi með notkun plógs, herfi og ækja. Það er eigi von, að menn útvegi sjer þessi verkfæri, meðan þeir eigi hafa neina hugmynd um þau, og því síður þekkja nytsemi þeirra.

Um verkfærakost borgfirskra bænda segir m.a. í starfsskýrslu Bjarnar:

Það var í samningi, að jeg skyldi, svo opt sem því yrði við komið, stýra verkum á fleiri en einum stað í einu. En þetta hefur eigi getað samrýmzt við ákvörðunina um mannfjöldann; því óvíða voru fleiri verkfæri til í nágrenninu, en saman þurftu að koma á einn stað, þegar eitthvað átti að vinna; og það var opt, að verkfærin fylgdu mjer, þangað til búíð var að brúka sum þeirra fleirum sinnum. Þó munu handverkfæri (skóflur og forkar) eigi vera sjaldgæfari hjer um Borgarfjörð en annarstaðar. Jeg álit það heppilegt að fjelagið [Búnaðarfélag Suðuramtsins] haldi áfram að greiða verðlaun fyrir búnað einungis í jarðyrkju-verkfærum.³⁶

Það varð því ein af fyrstu aðgerðum Búnaðarfélags Andakílshrepps að ráða nokkra bót á verkfæraskortinum. Á fundi félagsins 20. október 1883 var „úthlutað 10 skóflum og 5 kvíslum meðal fjelagsmanna, er sótt höfðu um verkkaup“. Verkfæri þessi kostuðu 58 kr., og var þeim úthlutað af sýslunefnd. Þetta ár (1883) hlaut Búnaðarfélagið einnig 100 kr. styrk úr Landssjóði og voru fjármunir þess kr. 1549,65 í árslok 1883; höfðu þá enn vaxið.

Handverkfærin voru algengustu og víða líklega einu hjálpartækin við ræktun túna og

³⁶ Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins, (1885), 22-24.

engja um þetta leyti. Þannig segir t.d. árið 1881 um Jón Runólfsson, bónda á Vatnshömrum, sem það ár hlaut verðlaun fyrir búnaðarframfarir úr Styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda:

Hann [Jón Runólfsson] hefur fyrstur og einn manna í sínum hreppi notað plóg við þúfnasljettur bæði hjá sjer og öðrum.³⁷

Sjálfur lýsir Jón ræktunaraðferð sinni svo:

Eg hefi bæði sléttað tún með grasrót og plægt móa í flag og skal eg þá einasta segja frá aðferð minni við flögin. Eg lét flagið liggja yfir veturinn eins og plógurinn skildi við það, en að vorinu að mátulega þiðnuðum klaka, herfaði eg það og sáði í það allskonar tilsöfnuðum salla og heyfræi úr jötum frá öllum búpeningi, safnaði eg þessu í ílát eða hús, svo það geymdist þurt og óskemt. Að auki bar eg ýmislegt í flögin, gamla öskuhauga og utanaf hesthúshaugum. Síðan rakaði eg vandlega yfir allt með kálgarðshrifu. Þetta sama gjörði eg annað og þriðja sumarið, og hafði þá grasrótin náð saman svo að slá mátti. Þetta er allt kostnaðarlítið, en gefur þó nokkurn ávöxt.³⁸

... „Í þessari sveit hefur verið lofað 1050 π af ull í sumar og 110 kindum mest sauðum, að hausti. Fyrir ullina verður í þetta sinn ekki pantað annað en kaffi og sykur en fyrir fjárverðið verða keyptar ýmsar vörur að vetri. Við hyggjum gott til að fá gufubátsferðir um Faxaflóa í sumar, því þá verður margt hægra með verzlunina og maður ekki eins bundinn við Borgarnes-eða Akraneskaupmennina.“

(Úr bréfi Páls Blöndal um pöntunarfélag til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 6. desember 1892. Lbs NF 150-43.

Af félagsstarfinu fyrstu árin

Búnaðarfélagið hélt í fyrstu tvo fundi á ári flest árin. Hélt sú skipan a.m.k. til aldamóta, en upp úr þeim fækkaði reglulegum fundum félagsins í einn á ári hverju. Var annar haldinn í júnímánuði

en hinn er líða tók á októbermánuð. Þótt þess sé ekki ætíð getið í fundargerðum, má ætla að fundir félagsins hafi undantekningalítið verið haldnir á Hvítárvöllum, þingstað hreppsins.

Fundargerðir eru til frá haustfundi 1882 fram til 1899, þó vantar fundargerðir frá árunum 1897 og 1898, og má vel vera að fundir hafi engir verið haldnir þau árin. Hér á eftir verður gripið niður í fundargerðum og reikningum félagsins fyrir árabilið 1882-1899 og greint frá helstu aðgerðum félagsins. Eins og þegar hefur verið minnst á útdeildi félagið á fyrstu árum sínum handverkfærum til jarðyrkju þeim sem beðist höfðu verklauna. Verkfæri þessi fengust fyrir styrk úr landssjóði, sem sýslunefnd mun hafa ráðstafað. Árið 1883 var, eins og fyrr sagði, úthlutað 10 skóflum og 5 kvíslum. Árið eftir var svo úthlutað 19 skóflum og 5 göflum. Hausið 1885, á stjórnarfundi 26. október, var 5 ristuspöðum útdeilt í verklaun. Þar með hafði ristuspaðinn, sem síðar reyndist jarðyrkjumönnum drjúgt hjálparkæki, numið land í Andakílshreppi. Árið eftir var enn útbýtt handverkfærðum, forkum skóflum og ristuspöðum. Á fyrri ársfundi Búnaðarfélags Suðuramtsins 1888, sem haldinn var 7. febrúar, var tekið fyrir erindi bænda í Andakílshreppi sem „höfðu beiðzt þess, að fjelagið útvegaði þeim jarðabótaverkfæri nokkur, og var samþykkt að fela fjelagsstjórninni að útvega verkfærin gegn tryggingu af hendi beiðanda fyrir greiðslu andvirðisins.“³⁹ Ennfremur segir um næsta erindi, sem fyrir var tekið: „Sjera Arnór Þorláksson á Hesti hafði og beðist láns hjá fjelaginu (Bf. Suðuramtsins) til verkfærakaupa aðeins móti veði í verkfærunum, en því var neitað“. Prestur var áhugasamur jarðabótamaður. Vekur það nokkra athygli, að hann, sem þá var ritari Búnaðarfélags Andakílshrepps, skuli hafa sótt sér á báti um þvílíka fyrirgreiðslu í stað þess að sækja sameiginlega með öðrum hreppsbum eða sækja í nafni búnaðarfélags hreppsins. En sr. Arnór var um þetta leyti nýorðinn félagi í

³⁷ Búnaðarrit 15 (1901), 192-193.

³⁸ Búnaðarrit 17 (1903), 329.

³⁹ Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins, (1889), 30.

Búnaðarfélagi Suðuramtsins, auk þess sem tengsl hreppabúnaðarfélaga við það voru óformleg. Kann það að hafa ráðið miklu um umsókn prests.

Á þessum árum var efnahagur Búnaðarfélagsins góður, og naut það þar fjármuna Styrktarsjóðs Andakílshrepps, sem fyrr var nefndur. Auk þess barst félaginu árlega nokkur styrkur úr landssjóði. Útgjöld félagsins sjálfs voru yfirleitt smá. Á fundi 19. okt. 1889 var samþykkt að kaupa „15 skóflur, 3 ristuspaða og 3 kvíslar, til útbýtingar meðal fjelagsmanna á næsta voru“. Um þetta leyti jók félagið umsvif sín, því að í reikngum árið 1890 stendur, að greitt hafi verið“ til snikrara B. Þorlákssonar fyrir herfi „, kr. 25,00 og „, til Andrjesar söðlasmiðs, fyrir aktygi“ kr. 80,00. Með kaupum þessum var framfylgt fundarsamþykkt frá 15. júní 1889, en þá segir í fundargerð: „Ákveðið var að kaupa þau verkfæri (aktygi og herfi), sem hreppurinn hafði pantað, af honum, er þau kæmi“. Í fundargerð frá 16. júní 1890 upplýsti féhirðir félagsins m.a. að félagið hafi síðastliðið sumar keypt aktygi á tvo hesta og eitt herfi. Ef til vill var þarna um að ræða verkfærin, sem Búnaðarfélag Suðuramtsins hafði samþykkt tveimur árum fyrr að útvega bændum í Andakílshreppi samkvæmt beiðni þeirra. Virðist félagið hafa staðið fyrir rekstri hestaverkfæra um talsvert skeið, því árið 1895 voru skv. reikningum keyptir hemlar og aktaumar, og árið 1899 greiddar kr. 5,25 fyrir „viðgjörð á aktýgjum“. Það ár var á haustfundi samþykkt „að félagsstjórnin seldi aktygi og herfi félagsins“. Um ástæður samþykktarinnar er ekki getið en fráleitt er að það hafi verið sakir fjárhagsörðugleika félagsins því þá stóð hagur þess eins og áður með talsverðum blóma. Ef til vill hafa einhverjir félagsmanna þá sjálfir verið komnir með búnað til að nýta hestana til jarðyrkju en árin á undan hafði hrossum fjölgað mjög í hreppnum. Þessi árin hafði félagið verkfæri (handverkfæri) til sölu en einnig láns. Líklega hafa því handverkfærin, skófla, kvísl og ristuspaði verið hin almennu jarðyrkjuverkfæri a.m.k til aldamóta, þótt hestafið hafi létt undir síðasta áratug aldarinnar, er félagið fór að

ráða jarðabótamenn til farandvinnu. Að hinum síðasttalda þætti verður nánar vikið.

Á haustfundi 1887 bar skrifari félagsins, sr. Arnór á Hesti, fram tillögu, sem samþykkt var „um að velja tvo menn til að ferðast tvisvar um hreppinn á næsta vetri til að skoða heybirgðir og skepnuhirðingu hjá hreppsúum og gefa skýrslu um það, sem lesin sé upp á vorfundi félagsins“. Kosnir til starfans voru þeir Björn Þorsteinsson í Bæ og Daníel Fjeldsted í Hvítárósi. Var samþykkt, að veita þeim 12 kr þóknun hvorum fyrir ómak sitt af fé félagsins“. Skiluðu þeir félagar svo skýrslu sinni á vorfundi 1888, en ekki er fjallað um innihald hennar í fundargerð. Með þessum framtaki virðist búnaðarfélagið hafa tekið á sig það eftirlit með búfjárhaldi – húsrúmi og fódurbirgðum – sem lög um horfelli frá 1884 fyrirskipuðu að hreppstjórar og hreppsnefndir skyldu annast.⁴⁰

Hér má bæta við áréttingu, sem bókuð var í fundargerð frá 15. júní 1885, um lög félagsins, en þar segir: „Félagsstjórnin hefir eptir hinum samþykktu lögum vald til þess að veita verðlaun fyrir góða fénaðarhirðingu meðal annara búnaðarbóta, er þessa getið til skilningsauka“. Slík verðlaun voru veitt árið 1889, en í fundargerð frá 15. júní það ár segir m.a.: „Að síðustu var fé því, sem félaginu hafði verið veitt úr landssjóði til eflingar búnaði, útbýtt fyrir sauðfjárhirðingu, eptir ákvæðum sýslunefndarinnar, þessum bændum: Þorsteini Halldórssyni í Bakkakoti, 7 krónur, Daníel Fjeldsted á Hvítárósi 7 kr., Birni Þorsteinssyni í Bæ 7 kr., og Guðmundi Árnasyni á Múlastöðum 4 kr. 91 eyrir“. Að öðru leyti virðist félagið ekki hafa haft veruleg afskipti af kvikfjárræktinni a.m.k. fram til aldamótanna 1900.

Á vorfundinum árið 1888 var samþykktur viðauki við lög félagsins sem hljóðaði svo:

Skyldur skal hver félagsmaður að láta vinna 3 dagsverk árl. að jarðabótum fyrir hvern verkfæran karlmann, sem hann hefur árlangt í sinni þjónustu.

⁴⁰ Sigurður Sigurðsson: *Búnaðarhagir; Búnaðarfélag Íslands Aldarminning II* (1937).

Trúlega hefur samþykkt þessi átt talsverðan þátt í þeirri aukningu umsvifa, sem varð í starfi félagsins kringum 1890, svo og vaxandi jarðbótum, einkum túnasléttum sem skýrslur greina frá. Um þetta leyti tók tíðarfar heldur að skána eftir harðindin 1881-1887 og hefur það eflaust hleypt nýjum þrótti í bændur og örvað þá til átaka í jarðyrkju og öðrum búnaðarframförum. Árleg túnasléttun í hreppnum á árunum 1889 og fram til aldamóta nam 3000-6000 ferföðmum (1-2 hekturum), en hafði mest numið 2600 ferföðmum á árabílinu 1861-1888. Jafnhliða þessu tók búfé, einkum þó sauðfénaði og hrossum, mjög að fjölga í hreppnum.

Heyskapur fór vaxandi, sérstaklega engjaheyskapur, og má telja líklegt, að í því efni hafi bændur að einhverju notið ávaxta af engjabótum þeim er þeir höfðu unnið laust upp úr 1880.

En árið 1888 var um fleira tímamótaár. Á fundi 20. október það ár var stjórn Búnaðarfélagsins falið að ráða jarðyrkjumann til starfa hjá félaginu næsta sumar. Á vorfundinum árið eftir var búið að ráða Guðmund Skarphéðinsson, og varð hann því fyrsti starfsmaður félagsins við jarðabætur félagsmanna. Guðmundur var húnvetnskur að ætt, búfræðingur og síðar bóndi á Laugalandi og vinnumaður í Stafholtstungum.⁴¹ Á haustfundinum 1899 var „ráðið að halda mann til jarðabótastarfa í félaginu næsta sumar, og skyldu jafnan 2 menn vinna með honum fyrir og eptir slátt“. . . Réði félagið Ólaf Jónsson, búfræðing og síðar kennara og skólastjóra á Hvanneyri, til starfa um 12 vikna skeið sumarið 1890.

Á haustfundinum 1890 urðu nokkrar umræður um jarðyrkjustörf félagsins að því er fundargerð ber með sér. Var þar ákveðið að ráða tvo menn um skamman tíma (a.m.k.) fremur en einn mann um lengri tíma, líkt og verið hafði. Stungið var upp á því að félagsmenn hefðu félagsvinnu hver hjá öðrum. Fyrir slíkri samvinnu virtist lítill áhugi, og „ekkert var afráðið í því efni.“ Upp frá þessu réði Búnaðarfélagið flest sumur einn

eða fleiri menn til jarðyrkjustarfa. Má segja að sú venja hafi haldist allt fram á þennan dag þótt með nokkuð breyttu formi hafi verið hin síðari árin, eins og nánar verður vikið að. Svo virðist sem félagið eitt hafi greitt jarðyrkjumönnum laun í fyrstu, því á aukafundi þess 2. maí 1892, „var samþykkt að félagsmenn borguðu þeim mönnum, sem ynni í þjónustu félagsins vorið 1891 helming kaupans“. Gilti sú skipan a.m.k. hin eftirfarandi sumur. Reglan mun hafa verið sú, að bændur gátu valið um, hvort þeir fengju sinn hluta af styrk búnaðarfélagsins úr landssjóði fyrir jarðabætur, greiddan í peningum eða sem vinnu jarðyrkjumanna félagsins.

Starf búfræðinganna

Eins og þegar hefur verið minnst á, ferðuðust búfræðingar Búnaðarfélags Suðuramtsins um Andakílshrepp á árunum fyrir og um stofnun Búnaðarfélagsins. All margir bændur í hreppnum voru félagar í Búnaðarfélagi Suðuramtsins, t.d. voru þeir ekki færri en 8-9 á árabílinu 1884-1889, og var það almennari þátttaka en gerðist þá í öðrum hreppum sýslunnar. Af þessum sökum hafa bændur í Andakílshreppi líklega hagnýtt sér í meira mæli starf farandbúfræðinganna en sýslungar þeirra gerðu.

Hér að framan var gerð grein fyrir störfum Bjarnar Bjarnarsonar í Andakílshreppi sumarið 1881. Hann var aftur á ferð um hreppinn sumarið 1882. Varð minna úr starfinu það sumar en sumarið áður. Réði þar mestu óhagstætt tíðarfar svo og mislingafaraldur er þá gekk. Þó vann Björn að gerð afræslu- og varnarskurða, og hlóð flóðgarða. Tvennt úr starfsskýrslu Bjarnar má nefna sérstaklega. Fyrst það, að hann sýndi bændum einkum „aðferð við að setja kartöflur, svo að hin kalda veðurátt hnekkti þeim síður en við hina vanalegu aðgerð.“ Ekki lýsti Björn aðferðinni nánar. Í öðru lagi virðist Björn hafa beitt annarri framræsluáferð en almennt var tíðkuð, því hann skrifaði í skýrslu sína: „Gjörði jeg þá á Vatnshamri [Vatnshömrum] lokað jarðræsi 77 faðma langt

⁴¹ *Borgfirzkar æviskrár* III (1973), 421-422.

(dýpt 4 fet)“ . . . auk steinræsis, sem var 15 faðmar að lengd. Af skýrslum búfræðinganna má ráða, að hér hafi verið um nokkra nýjung að ræða, enda er Björn af sumum talinn vera upphafsmaður að gerð hnausræsa – „kýlhnausaholræsa við þurrkun votlendis“.⁴²

Sumarið 1883 fór Björn nokkuð um Borgarfjörð og sagði þá fyrir um skurðagröft og ýmislegt fleira. Þá um vorið tók Björn Tungutún, hjáleigu á Hvanneyri, til ábúðar og gat hann því að vonum lítt sinnt jarðyrkjustörfum fyrir Búnaðarfélag Suðuramtsins upp frá því.

Sumarið 1884 ferðaðist Sveinn Sveinsson búfræðingur um Borgarfjarðarsýslu, og vann hann þá á fáeinum bæjum í Andakílshreppi, aðallega að gerð vörsluskurða með aðferð sem þá virðist hafa verið nokkur nýjung. M.a. skrifaði Sveinn í skýrslu sinni:

Þar eð bændurnir á Bakkabæjum, og Neðrahrepp í Andakílshrepp höfðu beðið mig um að koma og gefa þeim ráð um, hvernig þeir gætu bezt af girt engjar sínar niðri við Andakílsa fyrir gripa-ágangi, fór jeg þangað og gróf þar 40 faðma langan vörzluskurð, til að sýna þeim aðferðina þar við.

Um skurði þessa sagði Sveinn einnig:

Vatnsveitingaskurðirnir hafa venjulega verið 2-4 fet á breidd og 1-2 á dýpt. Vörzluskurðirnir þar á móti 5-6 fet á breidd og 2-3 á dýpt, en tónmegin við skurðinn hef jeg þá æfinlega hlaðið vörzlugarð úr grasrótinni ofan af skurðinum, en bak við garðinn hef jeg þá hlaðið upp ruðningnum úr hinum neðri stungum. Þeir garðar verða æfinlega þrístrendir, optar á fjórða til fjögur fet á hæð . . .

Í lok skýrslu sinnar ræddi Sveinn um ástand jarðabóta og skrifaði m.a.:

Jeg þykist nú viss um, að það er framkvæmdaleysi og vantraust á sjálfum sjer og sinni eigin þekkingu, sem hamlar flestum frá að ráðast í verulegar jarðabætur, ef þeir ekki hafa búfræðing í ráðum og verki með sjer. Menn hafa þannig allvíða látið mig fá verkamenn

um sláttinn til skurðargjörðar og óvíða skorast undan því, þegar jeg einungis hef sjálfur viljað vera með í verkinu.⁴³

Aftur var Sveinn Sveinsson á ferð um Andakílshrepp sumarið 1885. Auk þess að starfa að vatnsveitingum og gerð vörslumannvirkja (skurða og garða), stóð Sveinn fyrir gerð nátthaga, sem um þær mundir var endurreist búnaðarnýjung. Í Stafholtsey var gerður nátthagi og lýsti Sveinn gerð hans ítarlega. Sagði Sveinn allmikinn hug kominn í marga á jarðabót þessari sem þekkt væri af reynslu norðan og vestan frá. Menn hnöppuðu ærnar um sumarnætur í nátthögnum. . .

. . . þær eru þar vísar á morgnana, og svo teðja þær nátthagann og koma honum með því í rækt, og er enginn annar áburður brúkaður til þeirra. Sje jörðin góð, svo kemur hún mjög fljótt til og verður opt á þriðja ári eins góður töðuvöllur og túnið.⁴⁴

Í skýrslu sinni tveim árum síðar gat Sveinn þess „að Blöndal læknir í Stafholtsey fjeck 20 hesta af töðu af nátthaga þeim, sem jeg gjörði fyrir hann hjer um árið, sem var 3½ dagslátta að flatarmáli.“⁴⁵

Sumarið 1886 sinnti Sveinn leiðbeiningum í Borgarfjarðarsýslu líkt og verið hafði. Varð honum minna úr verki en áður að eigin sögn, mest vegna óþurrka, og „voru menn því bundnir við heyskapinn bæði með hugann og hendurnar, svo að opt fjeckst fátt ellegar ekkert af mönnum til vinnu“. Dvelja má við eftirfarandi úr skýrslu Sveins um þetta sumar: „Jeg flutti þá með mjer verkfæri, sáðfræ og kartöflur fyrir þær 370 kr. er sýslunefndin þar í sýslu [Borgarfjarðarsýslu] hafði ákveðið að brúka til þess og falið mjer að útvega.“⁴⁶ Bendir þetta til þess m.a. að sáning hafi að einhverju leyti tíðkast um þessar mundir þótt menn muni almennt hafa haft á henni litla trú. Hvergi getur þó Sveinn um sáðsléttugerð í skýrslu sinni. Frásögn hans sýnir líka að sýslunefndin hefur stutt allvel að jarðabótum með framlagi sínu.

⁴³ Skýrsla Búnaðarfelags Suðuramtsins, (1887), 7-10.

⁴⁴ Skýrsla Búnaðarfelags Suðuramtsins, (1887), 22.

⁴⁵ Skýrsla Búnaðarfelags Suðuramtsins, (1887), 21-22.

⁴⁶ Skýrsla Búnaðarfelags Suðuramtsins, (1887), 38.


⁴² Borgfirzkar æviskrár I (1969), 401.

Sumarið 1887 fór Sveinn síðustu leiðbeiningaferð sína um Borgarfjarðarsýslu á vegum Búnaðarfélagsins Suðuramtsins. Gróf hann þá m.a. framræsluskurði og byggði vörsluvirki í Andakílshreppi. Í lok ársskýrslu sinnar árið 1887 gat Sveinn þess, að nú væri búið að stofna búnaðarfélög í öllum hreppum Borgarfjarðarsýslu, nema Innri-Akraneshreppi. Hann kvað flest félögin smá, með 10-20 félagsmenn. „Langauðgast er fjelag Andakílshrepps, sem á um 13-1400 kr í sjóði. Þar næst fjelag Leirár- og Melahrepps, með 280 kr. Hin önnur fjelög eiga ekki 100 kr í sjóði hvert.“⁴⁷ Ef til vill endurspeglar þessi frásögn Sveins búnaðarástandið í Andakílshreppi um þær mundir, sem brátt mun verða gefin nánari lýsing á. Sumurin 1888 og 1889 munu engir farandbúfræðingar hafa farið um Andakílshrepp. En sumrin 1890 og 1891 fór Pétur Hjálmsón um sveitina á vegum Búnaðarfélags Suðuramtsins. Vann hann að svipuðum verkum og Sveinn búfræðingur, mest vatnsveitingum, en einnig að landmælingum.

Sem dæmi um forgöngu hreppsþúa í húsabótum má nefna að fyrsta járnþak á heyllöðu a.m.k. í efri hluta héraðsins var sett á hlöðu á Bakkakoti/Hvítárþakka hjá Þorsteini Halldórssyni, um eða litlu eftir 1880.

Haustið 1892 réðst Hjörtur Hansson búfræðingur frá Hækingsdal í Kjós, síðar bóndi á Grjóteyri í Andakíl, í þjónustu Búnaðarfélags Suðuramtsins. Vann hann á vegum þess í Borgarfjarðarsýslu flest sumur fram til 1899. Átti hann mörg dagsverk í Andakílshreppi, fyrst og fremst við framræslu, gerð vörslumannvirkja, skurða og garða, svo og flóðgarðabyggingu. Í stöku tilvikum vann Hjörtur nýrækt, þ.á.m. með herfingu og plægingu, auk þess sem hann mældi unnar túnabætur. Í skýrslum sínum hafði hann orð á lofsverðum áhuga og dugnaði Borgfirðinga á jarða- og húsabótum, sem sumir sýna „langt um efni fram.“ Í skýrslu Hjartar eftir sumarið 1894 segir m.a.;

⁴⁷ Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins, (1889), 24.



Úr skýrslu Kristjáns H. Benjaminssonar búfræðings sem vann í hreppnum sumarið 1892. (Skýrsla Bf. Suðuramtsins (1893), 50).

Einnig skal þess getið, að Borgfirðingar sýna lofsverðan áhuga á því að girða tún sín, sem er fyrsta skilyrði fyrir því að þær miklu túnasljettur, sem þeir jafnframt láta gjöra, gefi þeim tilsvarendi arð, en sem að öðrum kosti því nær eyðileggjast á fárra ára fresti.⁴⁸

Hjörtur Hansson varð síðasti búfræðingurinn, sem starfaði í Andakílshreppi á vegum Búnaðarfélagsins Suðuramtsins, sem lagt var niður 1899, er Búnaðarfélag Íslands var stofnað.

Gera má nokkurn stans á söguskoðun varðandi búnaðarmál í Andakílshreppi við árið 1899, og reyna að skyggast um eftir hinum stærri línunum. Ljóst er að af samtímaheimildum, að hreppsþúar hafa verið ötulir jarðyrkjumenn, sem staðið hafa talsvert framur bændum í mörgum nágrenna-sveitum. Á síðustu tveimur áratugum níttjándu aldarinnar var allmikið unnið að jarðabótum en þær standa þó í skugga þeirra framkvæmda sem unnar voru í Andakílshreppi í tíð Jarðyrkjufjelagsins 1850-1856. Farandbúfræðingar áttu mikinn þátt

⁴⁸ Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins, (1895), 24-25.



Plægingamaður með dráttarhesta sína. Myndin er úr safni Jóns Guðmundssonar frá Hvítárþakka, ef til vill af föður hans, Guðmundi Jónssyni, sem hafði lært jarðyrkju á Norðurlöndum og stundaði jarðvinnslu með hestum eftir að heim kom. (Ljósmynd frá Sigfúsi Má Péturssyni).

í ræktunarnýjungum í hreppnum allt frá árinum 1873. Starf búfræðinganna virðist einkum hafa tengst vatnsmiðlun og engjabótum en einnig vörslu lands með gerð skurða og garða. Á hinn bóginn komu þeir lítið að túnasléttun en um hana virðast bændur hafa verið að mestu sjálfbjarga. Starf Búnaðarfélagsins snerist einnig ekki hvað síst um úrbætur í túnræktinni með útvegum hentugra verkfæra, hagnýtingu hesta við jarðyrkju og starfi jarðyrkjumanna, sem félagið réði í þjónustu sína. Þáttur Búnaðarfélagsins í þróun kvikfjárræktarinnar var helst bundinn eftirliti með fóðrun og hirðingu búsmalans. Bein afskipti önnur mun félagið ekki hafa haft af búfjárræktinni. Búnaðarfélagið var á árabílinu 1881-1899 sterkefnað en þrátt fyrir það voru bein framlög þess til búnaðarmála smá ef undan eru talin nokkur lán sem það veitti félagsmönnum. Þeir styrkir, sem félagið miðlaði til búnaðarbóta, voru því einkum fjármunir, komnir úr sýslu- og landssjóði. Undir aldamótin tók félagið þó að greiða hluta vinnulauna jarðabótamanna, sem ráðnir voru til starfa í hreppnum.

Ekki verður af heimildum vart umtalsverðra tengsla Búnaðarfélagsins og Búnaðarfélags Suðuramtsins. Starfsmenn hins síðarnefnda unnu einkum að sérstökum verkefnum í hreppnum oftast hjá hinum stærri bændum og áhugasamari, sem sumir hverjir voru félagar í Búnaðarfélagi Suðuramtsins. Var því eðlilegt að búfræðingarnir gerðu einkum stans á stærri búunum. Þar voru efni best til þess að


halda búfræðingana í heimili og einnig best tók á því að leggja þeim vinnuafli til aðstoðar við jarðbæturnar. Ýmislegt bendir þó til þess að þátttaka í jarðbótum svo og því að hagnýta starf búfræðinganna hafi verið mikil í Andakílshreppi, jafnvel svo að hún hafi náð til helmings og allt að tveimur þriðju byggðra býla í hreppnum.

Nýja öldin heilsar

Án sérstaks tilefnis hefur verið kosið að setja skil í frásögn af Búnaðarfélagi Andakílshrepps við árið 1899. Ber það þó einkum til að fundargerðir Búnaðarfélagsins frá 1899 til ársins 1906 virðast glataðar, og verður því óhjákvæmilega nokkur eyða í sögu félagsins um það árabíli. Varðveittir eru reikningar félagsins frá þessu tímabili og segja þeir talsvert um athafnir þess. Þá eru skýrslur um jarðabætur Búnaðarfélagsins til í afriti allt frá árinu 1895, þó að árunum 1897-1898 frátöldum. Eru þar skráðar framkvæmdir hjá einstökum jarðabótamönnum og þær færðar til dagsverka. Skýrslur þessar eru hin merkasta heimild um jarðabætur í Andakílshreppi.

Sést þar að lítil aukning varð í jarðabótum árin fram til 1907. Námu þær að meðaltali um 32 dagsverkum á ári hjá hverjum jarðabótamanni. Var tala jarðabótamanna jafnan 15-20 á ári. Megin hluti jarðabótanna var þúfnasléttunin. Um aldamótin fór einnig allmikið fyrir störfum að varnargörðum og varnarskurðum sem tíðkuðust fram um 1906, en hurfu af jarðabótaskýrslum Búnaðarfélagsins um 1912. Um nokkrar nýjungar má lesa í skýrslunum. Þannig voru tveir sáðreitir taldir til jarðabóta árið 1899, annar í Bakkakoti (50 ferfm.) en hinn í Fossakoti (20 ferfm.). Þetta sama ár var ofurlitlu grasfræi sáð í græðisléttu á Hvanneyri.⁴⁹ Ef til vill voru þetta fyrstu sáðsléttutilraunir í Andakílshreppi en árin á eftir fjölgaði jarðabótaverkum af þessari tegund. Má nefna að árið 1900 vann baróninn á Hvítarvöllum 220 ferfm. sáðreit. Það er svo árið 1902 að fyrstu

⁴⁹ Guðmundur Jónsson: *Bændaskólinn á Hvanneyri 90 ára* (1979), 85.




Jarðabætur í Andakílshreppi skv. skýrslum Búnaðarfélagsins þann tíma sem framkvæmdir voru taldar í dagsverkum. Jarðabætur ársins 1929 munu hafa verið taldar með árunum 1928 og 1930.

vírgirðingarinnar er getið í úttektarskýrslu. Var það 3 feta há girðing hjá sr. Arnóri á Hesti, 390 faðma löng. Sama ár girti Jón bóndi Guðmundsson á Vatnshömrum svipaða vírgirðingu, 100 faðma langa. Veruleg aukning á útbreiðslu vírgirðinga varð ekki fyrir en um og eftir 1910 ef dæma má af skýrslum Búnaðarfélagsins. Árið 1901 var reist áburðarhús á Varmalæk, hjá Jakobi bónda Jónssyni. Var það 1728 rúmfet (h.u.b. 49 m³) og gæti því hafa tekið áburð undan 5 fullorðnum nautgripum. Líklega var þetta fyrsta áburðarhúsið í hreppnum en um þessar mundir var áhugi fyrir bættri hirðu búfjáráburðar að vakna.

Sumarið 1901 ferðaðist Sigurður Sigurðsson, ráðunautur m.a. um Andakílshrepp á leið sinni um Borgarfjörð á vegum Búnaðarfélags Íslands. Gaf hann síðan skýrslu um för sína.⁵⁰ Hefur hann þar sérstakt orð á jarðabótum Björns í Bæ og Jakobs á Varmalæk. Segir hann Björn þá vera að girða tún sitt. Sigurður hugaði sérstaklega að engjabótum, og birti í greinargerð sinni tillögur að áveituframkvæmdum á engjunum í Bæ, á Varmalæk og í Stafsholtsey. Þá segir hann ýmsum hafa komið til hugar „að veita mætti Hvítá yfir sveitina“ (Bæjarsveitina) og bendir á leiðir til þess, en telur „erfiðara að segja um, yfir hvað stórt svæði það getur farið, til þess þarf rannsókn og mælingu“. Sigurður áleit, að Hvítá mætti

taka upp skammt fyrir austan Langholtsvað. Á sama hátt hugaði Sigurður að áveitumöguleikum á Hvítárvalaengjum og gerði tillögur þar um.

Aldamótin voru vart um garð gengin þegar allnokkrar hræringar hófust í búnaðarmálum hreppsþúa, sem leiddu til þess, að bryddað var upp á ýmsum nýjungum. Sumt af þeim átti rætur innan hreppsins, annað í samvinnu héraðsbúa. Um þessar mundir sýnist hafa vaknað áhugi og almennar umræður, um ýmis framfarumál, ekki síst önnur búnaðarmál en jarðabætur, því eins og fyrir sagði, virðist lítil aukning hafa orðið á því



Í byrjun síðustu aldar voru áveitir vinsæl jarðabót enda mátti auka grassprettu umtalsvert með þeim. Myndin sýnir áveitumannvirki á Bæjarengjum; hugsanlega hefur Sigurður ráðunautur Sigurðsson sagt fyrir um gerð þeirra. (Ljós m.: Bj. Guðm.).

⁵⁰ Búnaðarrit 16 (1902), 72-74.

sviði í Andakílshreppi a.m.k. fram til ársins 1907, ef marka má jarðabótaskýrslur Búnaðarfélagsins. Því miður verður ekki sótt vitneskja um hræringar þessar í fundargerðir Búnaðarfélagsins, því að í þær er eins og fyrr sagði, eyða allt til ársins 1906. Hér verður því að rekja sig eftir öðrum heimildum.

Búnaðarfélag Íslands var stofnað 1899 og réð það í þjónustu sína ráðunauta, sem að mörgu leyti fóru í fótspor búfræðinganna, sem Búnaðarfélag Suðuramtsins hafði í þjónustu sinni, og voru bændum í Andakílshreppi að góðu kunnir. Starfshættir ráðunauta Búnaðarfélags Íslands voru að vissu leyti með öðru sniði en búfræðinganna. Ráðunautarnir ferðuðust um og efndu til funda, þar sem flutt var fræðsla og efnt til umræðna um ýmis mál en sinntu síður beinni vinnu og verklegri kennslu á einstökum bæjum eins og búfræðingarnir höfðu gert. Að öllum líkindum hefur fyrsti fundurinn af þessu tagi, sem stofnað var til verið haldinn á góunni 1902 en þá mætti Sigurður ráðunautur Sigurðsson á búnaðarfundum að Þingnesi og í Deildartungu. Um fundina skrifaði Sigurður í skýrslu til Búnaðarfélags Íslands:

Á fundum þessum voru til umræðu ýms búnaðarmál, stofnun rjómabús í Reykholtsdalnum, kynbætur á sauðfé o.fl. Rætt var um á báðum fundunum, hvort æskilegt væri, að maður eða menn færi um að vetrinum og leiðbeindu bændum í fénaðarhirðingu, meðferð áburðar o.s. frv. Skoðanir voru nokkuð skiftar um það, en meiri hlutinn taldi það þó nauðsynlegt.⁵¹

Þarna bar á góma tvö mál, sem bændur í Andakílshreppi áttu síðar eftir að hafa afskipti af. Ber þar fyrst að nefna rjómabúin sem um þessar mundir voru að opna bændum möguleika til bættrar afkomu og aukinna umsvifa. Rjómabú áttu eftir að koma talsvert við búnaðarsögu Andakílshrepps næstu árin, og verður nú vikið ögn að þeim.

Veturinn 1903 kviknaði hreyfing sem nefnd var Framfarafélag Borgfirðinga. Félag þetta átti



Í Græfrum 6. nóvember 2014 þar sem rjómabú var reist vorið 1903. Jón Blöndal í Langholti horfir niður til síðustu leifa af grunni rjómaskálans sem byggður var þarna við Blundslækinn. Rjómabúið var eitt fyrsta – ef ekki fyrsta – samvinnufyrirtæki bænda í sveitinni til afurðavinnslu og -sölu. (Ljós m.: Bj. Guðm.).

rót sína í Andakílshreppi. Félagið var stofnað að hugmynd feðganna Björns og Jóns í Bæ, og hafði málið fyrst borist í tal milli nokkurra manna er hittust þar eftir jarðarför Páls læknis Blöndal í Stafholtsey, 3. febrúar 1903. Félagið starfaði aðeins í tvo vetur en tók þó til meðferðar mörg framfaramál héraðsins sem félagið reyndi að beita sér fyrir og hrinda í framkvæmd. Meðal annars fjallaði Framfarafélagið um stofnun rjómabús í Bæjarsveit. Um það segir í grein Jósefs Björnssonar um félagið:

Björn Þorsteinsson bar málið fram. Eftir að umræðum var lokið, var leitað undirtekta nokkurra manna í nágrenninu um þátttöku í félagsskapnum. Var síðan kosin nefnd innan félagsins til að hrinda málinu í framkvæmd, og voru þessir í nefndinni. Björn Þorsteinsson (sem þá var formaður Bf. Andakílshrepps), Jón Blöndal og Þórmundur Vigfússon.⁵²

Vorið 1903 var félag um rjómabúið stofnað og búið sett upp við læk milli Bæjar og Bakkakots (Hvítárakka). Samkvæmt starfsskýrslu H. J.

⁵¹ *Búnaðarrit* 17 (1903), 186.

⁵² Jósef Björnsson: „Framfarafélag Borgfirðinga“ *Héraðssaga Borgarfjarðar* II (1938), 219.

Grönfeldt skólastjóra Mjólkurskólans árið 1903⁵³ voru hluthafar í búinu 18 og smjörmagnid „ca 100 pd á dag“. Bústýra var Helga Björnsdóttir. Rjómabúið við Blundslæk starfaði aðeins í eitt ár og vorið 1904 var það flutt að Geirsá í Reykholtisdal.

Framfarafélagið beitti sér fyrir því að Mjólkurskólinn sem Búnaðarfélag Íslands setti á fót á Hvanneyri, og sem brann haustið 1903, yrði aftur fluttur í héraðið, en eftir brunann var skólinn færður til Reykjavíkur. Nefnd þriggja manna, þeirra Jóhanns Björnssonar, Sigurðar Fjeldsted og Ólafs Davíðssonar á Hvítárvöllum, fékk því framgengt við Búnaðarfélag Íslands, að skólinn var fluttur að Hvítárvöllum haustið 1904. Þar var samhliða stofnað rjómabú, og starfaði hvort tveggja til 1918.⁵⁴

Framfarafélagið tók kynbætur búfjár til umræðu, en þá litlu áður, eða 27. október 1902 hafði verið stofnað kynbótabú fyrir sauðfénað hjá Ingólfi Guðmundssyni bónda að Breiðabólstað í Reykholtisdal. Búið var stofnað af „flestum“ búnaðarfélögum í mið- og efri hluta Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, undir leiðsögn Guðjóns Guðmundssonar ráðunauts.⁵⁵ Búnaðarfélag Andakílshrepps átti hlut að kynbótabúinu því árið 1903 sýndu reikningar félagsins 30 króna framlag þess til búsin.

En afskipti Búnaðarfélagsins af búfjárræktinni á þessum árum koma víðar fram. Þannig átti félagið aðild að búfjárýningu í Deildartungu 13. júní 1903, og lagði til hennar kr. 30,00. Sýning þessi var fyrir efri- og miðhluta Borgarfjarðar. Þarna voru sýnd hross, nautgripir og sauðfé, og verðlaun veitt fyrir bestu gripi. Nokkrir bændur í Andakílshreppi sýndu gripi sem unnu til verðlauna. Kristín Runólfsdóttir á Syðstufossum hlaut önnur verðlaun fyrir „jarpa hryssu 9 vetra af reiðhestakyni, 50½“ á hæð“, Hjörtur skólastjóri á Hvanneyri hlaut fyrstu verðlaun fyrir svartfleckótt naut og Björn í Bæ fyrstu

verðlaun fyrir svartfleckóttu kú. Segir Guðjón ráðunautur Guðmundsson, sem þarna var dómari, að nautgripirnir hafi verið „yfir höfuð góðir, en hrossin sorglega léleg, flest um og undir 50 þumlungum og mörg skakkfætt, mögur og yfir höfuð illa útlítandi“. Á Guðjón þá bæði við sýningargripina úr Borgarfirði og úr Gnúpverja- og Hrunamannahreppum, en þar var önnur búfjárýning haldin þetta sama sumar.⁵⁶

10. júní 1905 var haldin búfjárýning á Mannamótsflöt, náttúruggerðu samkomu- og sýningasvæði í mynni Lundarreykjadal. Slíkar sýningar voru þá nýlunda hérlendis sem mátti rekja til erlendra fyrirmynnda. Sýndir voru 20 nautgripir, 46 hross og 70 fjár. Búnaðarfélagið lagði kr. 50,00 til sýningarinnar, sem var sameiginleg Andakílshreppi, Lundarreykjadal og Skorradal. Sýningin var styrkt að hálfu af Búnaðarfélagi Íslands.⁵⁷

Sé nú litið á reikninga Búnaðarfélagsins og aðrar heimildir en fundargerðir, sem virðast glataðar árabilið 1899-1906, má fá nokkra hugmynd um störf félagsins. Félagið hélt jafnan jarðabótamenn, og veitti eins og áður sagði nokkra styrki til eflingar búfjárræktar. Hagur félagsins var góður og um þessar mundir tók það að veita félagsmönnum fjármuni að láni, sem áður hafði verið fremur fátítt. Á hinn bóginn getur þess í reikningum árið 1884, að félagið hafi lánað kr 80,00 til brúargerðar á Grímsá, vaxtalaust. Var það lán látið niður falla með fundarsamþykkt árið 1896.

Árið 1893 lánaði félagið Bæjarkirkju kr 50,00. Árið 1900 veitti félagið svo Andakílshreppi bráðabirgðalán að upphæð kr. 279,71, sem var tæpur helmingur af tekjum félagsins það árið. Sýnist af þessu mega ráða að félagið hafi verið vettvangur umræðna og aðgerða í almennum sveitarmálefnum jafnt sem búnaðarmálum sérstaklega.

Árið 1901 gerðist Búnaðarfélagið aðili að Búnaðarfélagi Íslands.


⁵³ *Búnaðarrit* 18 (1904), 57.

⁵⁴ Bjarni Guðmundsson: *Konur breyttu búháttum* (2016).

⁵⁵ *Búnaðarrit* 17 (1903), 94.

⁵⁶ *Ísafold* 27. júní 1903.

⁵⁷ *Búnaðarrit* 20 (1906), 58.



Í ársreikningi 1906 segir að Búnaðarfélagið hafi keypt mónafar en það er áhald, eins konar jarðvegsbor, til þess að leita að mó. Myndin er af mónafri sem fannst í landi Kjarlaksstaða á Fellsströnd en er nú í Landbúnaðarsafni Íslands. (Ljós m.: Björn Þorsteinsson).

Sumarið 1903 hafði Búnaðarfélagið samvinnu við búnaðarfélögin í Reykholtssdal og Stafholtstungum um útgerð plægingamanns. Var samvinna þessi til komin vegna styrkveitinga Búnaðarfélags Íslands, sem nam 7 kr. á dagsláttu.

. . . með þeim skilyrðum, að plægingin stæði yfir 6 vikna tíma, að minsta kosti, með sama manni og sömu hestum, að svo miklu leyti sem unt væri⁵⁸ . . .

Til starfa var ráðinn Brynjólfur Guðbrandsson búfræðingur á Hvanneyri. Vann hann 12 vikur að plægingu og herfingu og hafði 4 hesta og 1 mann til hjálpar. Plægði hann alls rúma 31 dagsláttu, mest 823 ferfaðma á dag (í 10 tíma), en minnst 240 ferfaðma.

Góður fjárhagur

Á tímabilinu 1899-1906 var hagur félagsins góður. Aðaltekjurnar voru vextir og afborganir lána sem félagið hafði veitt auk hins árlega styrks úr Landssjóði. Aðeins örfá árgjöld félagsmanna eru skráð á tekjuhlið áreikninganna, tíðast eitt til tvö á ári en allmargir bændur höfðu hins vegar

gerst ævifélagar. Um 1894 hófst sú venja að árgjöld féllu að mestu niður en bændur greiddu í þeirra stað ævifélagagjald sem um þær mundir var fimm sinnum hærri upphæð en árgjaldið.

Á tímabilinu 1891-1901 galt félagið yfirleitt hálf verkalaun jarðabótamannanna og voru þau helsti útgjaldaliður félagsins. Félagið virðist á þessu tímabili hafa haft 4-11 jarðabótamenn í þjónustu sinni á ári hverju, flesta árin 1896-1899. Af reikningum er að sjá að þeir hafa oftast starfað um fimm vikna skeið hjá félaginu árlega. Frá og með árinu 1903 varð sú breyting að framlagið kallaðist „vinnustyrkur til félagsmanna.“ Um þær mundir lánaði Búnaðarfélagið allmörgum bændum fé til framkvæmda auk þess sem flest árin lagði það talsverðar upphæðir á vöxtu í Landsbankanum.

Þegar er getið nokkurra framlaga félagsins til búnaðarnýjunga svo sem búfjársýninganna sem um þessar mundir voru að hefjast hérlendis. Ógetið er fleiri nýmæla sem lesa má úr reikningum félagsins. Árið 1905 veitti félagið styrk að upphæð kr. 24,50 „til kaupa á útlendum áburði, 1/3 verðs.“ Ekki er vitað hver hlaut styrkinn en á þeim árum gerði Hjörtur Snorrason, skólastjóri á Hvanneyri, tilraunir með notkun tilbúins áburðar, sennilega að undirlagi Gróðrarstöðvarinnar í Reykjavík, og um þetta leyti var verið að koma upp gróðursýnisstað fyrir sáðsléttur á Hvanneyri.⁵⁹ Það var svo á félagsfundi 26. nóvember 1906 sem menn ræddu „um árangur af útlendum áburði, er nokkrir menn höfðu keypt og notað. Hjörtur Snorrason, skólastjóri á Hvanneyri, og Björn Þorsteinsson bóndi í Bæ, töldu sig hafa sjeð góðan árangur af þeim tilraunum.“ Á sama fundi var ákveðið að „haldið skyldi áfram vinnu í fjelaginu með þeim hætti, að fjelagsstjórnin ráði 4-6 menn, til vorvinnu.“

Brynjólfur Guðbrandsson (1875-1959), búfræðingur frá Hvanneyri 1901 og síðar bóndi í Hlöðutúni í Stafholtstungum, vann m.a. í Andakílsheppi sumarið 1903. Á tíu bæjum, flestum í Bæjarsveit, plægði hann

⁵⁸ Búnaðarrit 18 (1904), 70-71.

⁵⁹ Búnaðarrit 21 (1907), 139-140.

samtals 10.910 ferfaðma land, þ.e. um 3,9 hektara, víðast án ofanafristu; herfaði einnig á helmingi bæjanna. Til verka hafði hann fjóra hesta; aðstoðarmaður stýrði þeim en Brynjólfur plógnum sem hann mun hafa keypt það ár af Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal fyrir 95 krónur.

(Skv. gögnum frá Brynjólfi Guðmundssyni í Hlöðutúni 25. mars 2021).

„að útbreiða þekkingu og almenna leikni í jarðabótastörfum“

Vorið 1910 var Búnaðarsamband Borgarfjarðar stofnað á Hvítárvöllum. Það hóf þegar að halda úti plægingaflokkum. Er ekki að efa að sú nýbreytni ýtti undir ræktunarstarfið í byggðum Borgarfjarðar. Frumhugmynd sambandsins með starfsemi þessari var síðar orðuð svo af Jóni Hannessyni í Deildartungu:

. . . að útbreiða þekkingu og almenna leikni í jarðabótastörfum og að þau væru unnin í framtíðinni af heimilismönnum og hestum eins og hvert annan nauðsynjastarf á heimilinu.⁶⁰

Sóknin var að þyngjast, styrkur skyldi sóttur með héraðsátaki – ekki aðeins innan einstakra hreppa. Plægingaflokkarnir ferðuðust um héraðið, oftast tveir menn saman með fjóra hesta, plóg og diskaherfi.⁶¹ Einn af fyrstu plægingamönnum héraðsins var Kristinn Guðmundsson, síðar bóndi á Mosfelli. Hann birti fróðlega lýsingu á vinnubrögðum plægingamanna á þessum árum í *Kaupfélagsritinu*.⁶²

Ekki eru fyrir hendi heimildir um það hve mikinn þátt jarðabótamenn Búnaðarsambandsins áttu í jarðabótum hreppsþúa í Andakíl og Bæjarsveit á þessum árum en telja má víst að þeir hafi í meira eða minni mæli notfært sér þjónustuna. Í þá átt gæti bent samþykkt sem gerð var á aukafundi Búnaðarfélagsins 6. janúar 1912. Aðalmál fundarins var umræða um kaup á plógi og diskaherfi. „Eptir miklar umræður

hurfu fundarmenn frá því að hugsa að svo stöddu um þessi verkfæra kaup en aptur var ákveðið að slá sér saman um kaup á skóflum, kvíslum og ristuspöðum.“ Vart verður ákvörðunin skýrð með efnaleysi félagsins sem á þessum árum lagði árlega nokkra upphæð á vöxtu, eins og fyrr sagði.

Verkhættir við túnrækt voru um þær mundir tíðast þeir að bændur sáu um ofanafristu með sínum mönnum en starfsmenn Búnaðarsambandsins plægðu síðan og herfuðu. Búnaðarfélag Andakílshrepps réði þó flest árin nokkra menn til jarðabótastarfa og munu þeir m.a. hafa ferðast á milli bæja og rist ofan af. Samþykkt Búnaðarfélagsins gæti því bent til þess að bændur hafi kosið að notfæra sér þjónustu Búnaðarsambandsins við plægingar en að bæta handverkfærakost sinn við undirbúning og frágang ræktunarinnar.

Á þessum árum var jafnan haldinn einn Búnaðarfélagsfundur á ári hverju. Stöku sinnum, t.d. 1912 og 1916, hamlaði fámenni á fundum ákvarðanatöku. Fastur liður á flestum fundum var úthlutun styrkja úr Landssjóði fyrir unnar jarðabætur; sýnist hún raunar hafa ráðið miklu um fundahaldið eins og athugasemd ritara 1918 ber með sér:

Af því að landssjóðsstyrkurinn kom ekki fyrir en í febr. var fundurinn ekki haldinn fyrir nýár 1917 eins og lög félagsins mæla fyrir. Þar af leiðandi enginn fundur á árinu 1917. S. Símonarson.

Búnaðarmálefni hreppsins voru allt eins rædd á öðrum samkomum, svo sem hrepps-skilapingum, almennum hreppsfundum og hreppsnefndarfundum, eins og síðar verður vikið að. Um nákvæma skiptingu viðfangsefna á milli hinna félagslegu vettvanga var því ekki að ræða að öðru leyti en því að Búnaðarfélagið var vettvangur umræðna og aðgerða varðandi jarðabætur með ræktun og þá tengiliður bænda og landsstjórnarinnar vegna opinbers stuðnings við þær framkvæmdir.

Þótt ekki yrði af hestaverkfæra kaupum Búnaðarfélagsins fyrir en síðar munu þó einstakir

⁶⁰ Í skýrslu stjórnar Búnaðarsambands Borgarfjarðar 1930.

⁶¹ *Byggðir Borgarfjarðar I* (1998), 165-168.

⁶² Kristinn Guðmundsson: „Plægt og herfað“. *Kaupfélagsritið* 54 (1976), 53-59 og 55 (1976), 21-28.

bændur hafa eignast eigin jarðyrkjuverkfæri. Þannig keyptu þeir bræður á Varmalæk og Jón læknir Blöndal í Stafholtsey plóg og diskaherfi, líklega á öðrum tug aldarinnar, skv. frásögn Björns J. Blöndal.⁶³

Farandmenn Búnaðarfélagsins voru einkum við ofanafristu, að minni Júlíusar í Laugabæ. Best þótti að rista ofan af að vori en ef það var gert á haustin vildi oft kala. Minntist Júlíus m.a. Sveinbjarnar í Þingnesi sem ráðinn hafði verið til Búnaðarfélagsins vorið 1914. Þá var því lík vorharka að ekki varð rist jörð og var Sveinbjörn því í almennum vorverkum hjá Þórmundi í Langholti. Þaksléttan fór á undanhald upp úr 1920, græðisléttan kom lítið við sögu; menn tóku að gera sáðsléttur. Löngu fyrr höfðu þó græðisléttur tíðkast nokkuð í sveitinni, mest fyrir áhrif Guðmundar Ólafssonar jarðyrkjumanns á Fitjum í Skorradal, taldi Björn í Laugarholti. Best þótti að vinna græðisléttur á haustin þegar fræ var fullproskað. Heysalli var gjarnan borinn í flögin sem greuru upp á 3-4 árum.

Fram í byrjun fyrra stríðs uxu jarðabótaframkvæmdir í Andakílshreppi verulega, metnar eftir dagsverkatali, sjá mynd á bls. 20. Á grunni þeirra óx töðufengurinn. Á Búnaðarfélagsfundum 18. mars 1919 voru meðal annars teknar pantanir á vinnu Búnaðarsambandsins hjá félagsmönnum „á þeim flokk sambandsins er fæst við vatnsveitu [„skurðagjörð“ segir í afriti fundargerðar] og voru 7 fjelagsmenn sem báðu um þá vinnu.“ Líklega voru bændur með þessu að herða sóknina að hinu „nýja“ ræktunarlandi – mýrunum. Má vera að þarna hafi verið um að ræða upphaf skipulegrar framræslu í Andakílshreppi, í þeim skilningi sem nú er lagður í það verk, þ.e. djúpir skurðir til þess að stjórna grunnvatnsstöðu í jarðveginum. Björn J. Blöndal taldi að fyrstu framræsluskurðir þessarar gerðar hafi verið grafnir á Varmalæk um 1920. Gæti skurðgrafaraflokkur Búnaðarsambandsins því hafa komið að gerð þeirra.

Árið 1919 réðist Búnaðarfélagið í það að

kaupa plóg og diskaherfi. Ekki er að sjá að þau kaup hafi verið ákveðin á félagsfundum. Á árlegum aðalfundum félagsins um þessar mundir var jafnan lagt til að ráða einn til tvo menn til starfa fyrir félagið. Sennilega hafa þeir farið um með hin nýkeyptu verkfæri ellegar að félagið hafi lánað þau endurgjaldslaust því engar leigutekjur voru af þeim í fyrstu. Vorið 1922 var hins vegar ákveðið „að leigja fjelagsmönnum plóginn fyrir 10 aura leigu um klukkutíma og herfið fyrir 20 aura leigu um klukkutímann, allir sem hafa þessi verkfæri hjá sjer eru ámintir um að hirða þau vel.“ Á aðalfundi 1928 var formanni Búnaðarfélagsins hins vegar falið að selja „jarðyrkjuáhöld (plóg og herfi) fjelagsins ef kaupandi birtist.“ Bendir það til lítillar spurnar eftir þeim. „Jarðvinnslutæki Búnaðarfélagsins voru nauðalítið notuð. Menn kunnu ekki að plægja, stóluðu eingöngu á Búnaðarsambandsvinnuna“, sagði Júlíus í Laugabæ.⁶⁴ Skömmu síðar hurfu verkfærin af eignaskrá félagsins.

Erfið ár drógu úr framtaki bænda eins og lesa má úr bókun á félagsfundum 10. maí 1920: „Horfið frá því að ráða menn til jarðabótavinnu næsta sumar vegna dýrtíðar á mörgum sviðum.“ Upp úr þessu réði Búnaðarfélagið jarðabótamenn sum árin en önnur ekki; oftast aðeins einn og það stundum aðeins hlut úr sumri. Hést sú skipan fram til ársins 1932 megi marka fundargerðir félagsins. Úr því er ekki getið um að félagið hafi ráðið jarðabótamenn til sumarstarfa fyrr en tími dráttarvélanna gekk í garð.

Blásið til sóknar í búnaðarmálum

Þriðji áratugur tuttugustu aldar bar með sér ýmsar breytingar sem áttu eftir að marka djúp spor í þróun landbúnaðarins, ekki hvað síst er snerti jarðrækt og heyöflun. Nefna má nokkra mikilvæga áhrifaþætti:

Í fyrsta lagi bötnuðu öll tók til jarðabóta. Fram komu æ betri verkfæri og umfram allt þó vélarafið

⁶³ Björn J. Blöndal í Laugarholti í samtali við BG 7. júlí 1981.

⁶⁴ Júlíus Þórmundsson í Laugabæ í samtali við BG 29. mars 1982.

með tilkomu hjóladráttarvélanna. Í *öðru lagi* ruddi notkun tilbúins áburðar sér til rúms og í *þriðja lagi* hafði setning jarðræktarlaganna 1923 veruleg áhrif. Lögin og framkvæmd þeirra hvatti bæði og studdi bændur til jarðabóta af ýmsu tagi. Þá er einnig að nefna vélvæðingu heyskapar í kjölfar stækkandi vélfærra túna sem mætti fækkandi kaupafólki; vinnuaflið streymdi nefnilega til annarra atvinnugreina. Skoðum hvernig hin nýju viðhorf birtust bændum í Andakílshreppi og hvernig þeir brugðust við þeim:

Á vorhreppsskilapingi 1924 var lesið bréf frá Búnaðarfélagi Íslands um framkvæmd hinna nýju jarðræktarlaga. Sýnilega hefur málið vakið forvitni fundarmanna því fundurinn fól hreppstjóra „að útvega hreppsþúum öll gögn er lúta að starfrækslu nýju jarðabótaganna.“

Dagsverkum við jarðabætur fjölgaði meira en nokkru sinni fyrr. Unnið var að framræslu, túnasléttun, girðingum og húsabótum. Sé vikið að túnræktinni hafði þaksléttan verið ríkjandi ræktunaraðferð þótt tilraunir með sáningu grasfræs hafi verið gerðar þegar á árinu 1899, eins og áður var getið. Upp úr 1920 fór sáðsléttuaðferðin að ryðja sér til rúms, einkum þó á árunum 1925-1926. Á síðasta áratug þaksléttunnar (1921-1930) sléttaði hver jarðabótamaður í Andakílshreppi að jafnaði um 800 m² spildu árlega. Afl manna og hesta setti takmörk sem illt var að yfirstíga þótt vilji hafi ugglaut verið fyrir hendi.

Vélaraffil til ræktunar hélt hins vegar innreið sína í Andakílshrepp árið 1927 er Halldór Vilhjálmsson skólastjóri á Hvanneyri fékk Fordson-dráttarvél að gjöf frá vini sínum, Páli Stefánssyni frá Þverá.⁶⁵ Þótt hún væri einkum notuð til ræktunarverka á Hvanneyri var einnig farið með hana til jarðvinnslu á nágrennabæjum. Var hún í fyrstu aðallega notuð til þess að herfa ræktunarland og reyndist þrýðilega. Plægð hún og herfaði dagsláttuna sæmilega á 10 tímum við allgóðar aðstæður.

Það var svo vorið 1928 að Búnaðarsamband

⁶⁵ Skýrsla um Bændaskólann á Hvanneyri 1926-1928, (1931), 28-32.

Borgarfjarðar keypti Fordson-dráttarvél sem hóf umferðarvinnu 4. júlí.⁶⁶ Þar með var vélaöldin gengin í garð. Því má skjóta hér inn að við undirbúning vélarkaupanna hafði Guðmundi á Hvítárþakka verið falið að ræða við Guðbrand Þórmundsson í Langholti um „hvort hann mundi vilja taka að sér [að] fara með traktor fyrir sambandið, ef til þess kæmi, að það tæki fyrir að kaupa traktor.“⁶⁷

Með Fordsoninn fóru fyrsta árið þeir Arne Aasland, norskur maður sem hafði verið við starfsnám á Hvanneyri, og Magnús Símonarson, síðar á Fellsöxl, sagði Júlíus í Laugarbæ í samtali við BG. Júlíus var með traktorinn árið eftir. Árið 1930 kom Nalli (International 10-20), „mun betri vél; stærri, þyngri, tók betur í“, sagði Júlíus, sem taldi byltinguna er varð í túnræktinni á árunum 1930-1940 hafa byggst á „óhemju vinnuálagi og þræl-duglegum vélum.“ Plægt var og herfað með diskaherfi, tvöföldu 28 diska herfi, og fjaðraherfi (rótherfi). Oftast fullgengu flokkarnir frá flögnum – völtuðu eftir sáningu. Á þessum tíma var lítið eitt ræst fram af mýrlendi en mest unnið á þurrlandi og það gert fært fyrir hestasláttuvélar.

Svo skjótt breyttust viðhorfin að í skýrslu stjórnar Búnaðarsambands Borgarfjarðar um árið 1930 segir m.a.:

Á þessu vori voru seldir síðustu hestarnir sem sambandið átti og fargað mest öllu af þeim hesta verkfærum er það átti eptir, er með því lokið þeim þætti í starfsemi sambandsins að gera út vinnuflokk með hestum. (lbr. hér)


Innreið dráttarvélanna í Andakílshrepp markaði tvenns konar breytingar: Í fyrsta lagi þokaði þaksléttan hröðum skrefum. „Eftir að sáðsléttunnar kom leit maður ekki við þaksléttunni“, sagði Óskar á Grjóteyri.⁶⁸ Þaksléttu var þó síðast getið í jarðabótskrám hreppsins árið 1947, en þá var tekin út þakslétta á Grímarssstöðum, 300 m² að flatarmáli. Í öðru lagi

⁶⁶ Freyr 25 (1928), 120.

⁶⁷ Byggðir Borgarfjarðar I (1998), 171.

⁶⁸ Óskar Hjartarson á Grjóteyri í samtali við BG 10. janúar 1982.

gerðust bændur nú stórtækari við jarðabæturnar. Þannig var meðalstærð sáðsléttanna sem unnar voru í hreppnum á árunum 1928-1931, á fyrstu vélaárunum, um það bil 7.000 m², það er að segja nærri því tíu sinnum stærri en var á tímum hestaflsins og þaksléttunnar. Töðufengurinn tvöfaldaðist langt til á tímabilinu. Má segja að þá hafi orðið *fyrri byltingin* í fóðurræktun hreppsþúa. Hin varð á sjötta áratug aldarinnar, eins og síðar verður komið að.



Þaksléttugerðin var ráðandi aðferð við ræktun túna í Andakílshreppi fram á þriðja áratug síðustu aldar. Eftir það varð sáðsléttan alls ráðandi.

En hér voru fleiri áhrifaþættir að verki. Notkun tilbúins áburðar færðist í vöxt og jók hann töðufenginn að mun. Eins og áður var getið hafði tilbúinn áburður lítillga verið reyndur áður í hreppnum. Það var hins vegar ekki fyrr en seint á þriðja áratugnum sem notkun hans hófst fyrir alvöru. Fyrst er áburðarpöntunar getið í fundargerð Búnaðarfélagsins 26. mars 1927 en þá pöntuðu bændur „800 kg af þýskum kalksaltpétri og 2000 kg af Noregssaltpétri. Og er ætlast til að K.B. [Kaupfélag Borgfirðinga] annist innkaup á þessu“, sagði í fundargerð. Nær því til aldarloka gerðu félagar samkaup á tilbúnum áburði og um tíma leituðu þeir einnig hagstæðustu tilboða í heimflutning hans félagsmönnum til hagræðis.


Á aðalfundi Búnaðarfélagsins 1930 gat Guðmundur formaður á Hvítárþakka þess „að nauðsyn væri á að sjóður fjelagsins yrði í framtíðinni notaður til lána, vegna áburðarkaupa og sáðvara“ . . . og taldi jafnframt nauðsynlegt

að efla sjóðinn með því að menn greiddu ákveðið árgjald til félagsins. Áður hafði lengi verið innheimt eins konar ævigjald. Eftir nokkrar umræður samþykktu fundarmenn, með 11 atkvæðum gegn 1, fimm króna árgjald á hvern félagsmann.

Á þessum sama fundi var greint frá því að áburðarpöntun félagsins væri komin í Borgarnes og næmi „allt að 3000 krónum.“ Samþykktu fundarmenn að „Grímsárbrúar- og Búnaðarfelagssjóður yrðu notaðir til að greiða þessa upphæð gegn 5% vöxtum og greiðslu í haust á hreppaskilum.“ Sami háttur var hafður á greiðslu áburðarins árið eftir. Síðar komst sá háttur á að greiða áburðinn með jarðabótastyrknum sem féll í hlut félagsmanna eftir vinnuframlagi þeirra til jarðabótanna. Var þá miðað við að bændur greiddu áburðinn við móttöku. Sú skipan hélst um nokkurt skeið að á Búnaðarfélagsfundum væru teknar pantanir á tilbúnum áburði, og að minnsta kosti stundum einnig á sáðvöru, svo sem á grasfræi og sáðhöfrum.

Á aðalfundinum 1934 flutti Guðmundur Jónsson kennari á Hvanneyri erindi um áburðargeymslu og efnainnihald hinna ýmsu áburðartegunda. Um þær mundir var mjög fátítt, eiginlega einsdæmi, að haldin væru fræðsluerindi á fundum Búnaðarfélagsins, svo ef til vill undirstrikar þessi nýbreytni aðeins mikilvægi áburðar, hvernar tegundar sem var, í umræðunni um hin nýju ræktunarviðhorf um þær mundir. Fáir vissu þá meira um áburð en einmitt Guðmundur, síðar skólastjóri á Hvanneyri.

Þótt dráttarvélarnar – traktorarnir – opnuðu bændum áður óþekkta möguleika til nýræktar og heyöflunar fór svo að aðrir þættir linuðu sókn bænda á sviði túnræktarinnar. Bæði komu til almennir efnahagserfiðleikar um og upp úr 1930 og mæðiveikin sem dundi yfir Borgarfjörð á fjórða áratugnum eins og sérstaklega er rætt um á öðrum stað. Á árabílinu 1933-1951 óx töðufengur hreppsþúa óverulega. Útheyskapur dróst saman, einkum eftir að kom fram yfir 1940, raunar samhliða fækkun íbúa í hreppnum. Komst



Meiri hluti heyfengs í Andakílshreppi var úthey allt fram á fimmta tug síðustu aldar. Þar munaði mikið um úthey af [flæði]engjum jarða í Andakíl. Þess er enn aflagð, mest á Hvanneyri og Hvítárvöllum (2021).

fólksfjöldinn niður í 171 íbúa árið 1945 og hefur hann ekki orðið minni frá aldamótunum 1900. Þótt nautgripum fjölgaði á mæðiveikiárunum byggðist sú fjölgun aðeins að hluta á auknum töðufeng. Bændur héldu að sjálfsögðu áfram að rækta tún sín en í vaxandi mæli var farið að nota kraftfóður til mjólkurframleiðslunnar.

En svo dró að **síðari byltingunni** í fódurræktun hreppsþúa. Eins og áður sagði mun eiginleg framræsla mýrlendis í Andakílshreppi hafa hafist árið 1919. Nokkuð var unnið að skurðgrefti í hreppnum næstu tvo áratugina en ekki var um þunga sókn í mýrlendið að ræða enda byggðist framræslan eingöngu á handaflí. Skurðirnir voru fremur grunnir, tíðast 1-1,5 m á dýpt. Einnig á þessu sviði átti vélarafið eftir að hvíla mannshöndina. Þann 1. júní 1942 hófst framræsla mýra með dragskóflu-skurðgröfum héraendis, þeirri gerð véla sem átti eftir að opna bændum ný lönd til fódurræktar og beitarrá, svo tala mátti um stórsókn.

Fljótlega fréttist af hinum nýju verkáttum og á aðalfundi Búnaðarfélagsins 27. febrúar 1943 kom skurðgröftur á dagskrá. Var „rætt um að gera tilraun til að fá skurðgröfu til að vinna í sveitinni.“ Á næg lönd var að ganga því mikill hluti láglandis í hreppnum er mýrlendi, mest hallamýrar. Eftir nokkrar umræður var samþykkt eftirfarandi tillaga:

Aðalf. Búnaðarfj. Andakílshr. beinir því til fjelagsmanna að gera sjer grein fyrir því hvort þeir myndu óska eftir skurðgröfu til framræslu á túnefni eða beitalandi og láta stjórn fjelagsins vita vilja sinn.

Var ákveðið að skrifa stjórn Búnaðarfélags Íslands og óska þess að mælt yrði fyrir skurðum, reyndist næg eftirspurn eftir skurðgröfu. Athyglisvert er hve skýr tilgangur framræslunnar skyldi vera samkvæmt tillögunni: Að þurrka landið til *túnræktar* og *hagabóta*.

Beiðnum bænda um skurðgröft rigndi yfir Vélasjóð⁶⁹ sem fáar vélar hafði til ráðstöfunar í fyrstu. Samt kom grafa í Andakílshrepp sem verk sín hóf 1. nóvember 1943. Gerðist það á Hvanneyri. Ekki var fyrsta atrennan stór því alls gróf vélin 280 lengdarmetra – um 1000 m³. Vorið eftir gróf vélin enn á Hvanneyri, 942 m – 5.851 m³. Búnaðarhorfur voru ekki bjartar í hreppnum sakir sauðfjárpestarinnar. Varð lítið úr vélgrefti mýra í sveitinni næstu misserin eða allt til vors 1948 að aðalfundur Búnaðarfélagsins samþykkti að sækja um til Vélasjóðs skurðgröfu til að vinna í hreppnum.

Það varð að ráði að Bændaskólinn á Hvanneyri og Búnaðarfélagið tóku skurðgröfu frá Vélasjóði á leigu „samkvæmt venjulegum leigumála.“ Grafan kom um haustið, raunar sama skurðgrafan og hóf framræslu í Garðafloa sex sumrum fyrr.⁷⁰ Á stjórnarfundi Búnaðarfélagsins í ágústlok 1948 var ákveðið:

Að grafan vinni í haust neðan Grímsár og ekki meira en 1200-1500 lengdarmetra á bæ í einu nema sjerstaklega standi á. Ákveðið var að vinnuveitandi greiði strax kr. 30,00 upp í sína vinnu, á hverja vinnustund auk fæðis og olíu, ennfremur er honum skylt að sjá mönnunum fyrir vinnu, ef grafan bilar, meðan viðgerð stendur yfir. Þessa upphæð ber að greiða gjaldkera strax að vinnu lokinni. Þegar vinnu er lokið verður endanlega gert upp hvað vinnan kostar. . .

⁶⁹ Frá verkum þessum öllum sagði Árni G. Eylands í bók sinni *Skurðgröfjur Vélasjóðs 1942-1966* (1967).

⁷⁰ Árni G. Eylands: *Skurðgröfjur Vélasjóðs 1942-1966* (1967), 20.

Og skurðgrafan (V-1, Priestman Cub) hóf verk sitt. Unnið var með henni árið eftir einnig. Árið 1950 var hins vegar ögn stærri grafa á ferðinni (V-7, Priestman Wolf). Að þessum þremur árum liðnum voru vélgrafnir skurðir í hreppnum orðnir um 26 km á lengd. Næstu árin var framræsla með skurðgröfum Vélasjóðs að segja má fastur liður í ræktunarverkum bænda í Andakílshreppi. Mörgum foraðsmýrum var breytt í sæmilega fært þurrlendi og valllendissvipur færðist yfir margar hallamýranna er urðu við það kostameiri bithagar. Júlíus í Laugabæ taldi þó að í stöku tilvikum hefði verið gengið of langt í framræslunni, að dæmi sæjust um að landi hefði verið spillt með henni.

Óhætt er að fullyrða að með athöfnum þessum var grundvöllur lagður að *síðari byltingunni* í fóduröflun bænda í hreppnum. Eins og fyrr sagði er mikill hluti lands í Andakílshreppi mýrlendi af ýmsum gerðum. Líklega hafa fá verkfæri haft öllu meiri þýðingu fyrir búskap í hreppnum en einmitt *skurðgrafan* með dragskóflu sinni.

Ræktunarsambönd á héraðsvísu komu til á fimmta áratug aldarinnar á grundvelli jarðræktarlaga, sem annars vegar fólu í sér ákvæði um skipan ræktunarmála í landinu og framkvæmd þeirra en opinberan stuðning við jarðabætur hins vegar. Ræktunarsamband Borgarfjarðar var stofnað árið 1945 en frá því sem og starfi þess og arftaka næstu árin er sagt á öðrum stað svo óþarfi er að endurtaka hér.⁷¹ Þessir aðilar komust yfir öflugar vélar með verkfærum til frumvinnslu lands vegna nýræktunar túna – beltavélar með ýtitönnum / jarðýtur, brotplóga, öflug (diska)herfi, einnig svonefnda Skerpiplóga og fleiri verkfæri. Í farandvinnu var bæjaröðin gjarnan rakin og land brotið eftir óskum hvers bónda. Loft var þrungið díselolíulykt og svarðar- og moldarangan í örvandi blöndu.

Misjafnlega voru bændur búnir til fullvinnslu landsins. Heimilisdráttarvélar voru enn lítt þekktar vinnuvélar. Það var af þeim ástæðum sem Búnaðarfélag Andakílshrepps réðist í það

árið 1948 að kaupa dráttarvél til jarðvinnslu, af gerðinni International W-4, og með henni diskaherfi. Um árabíl var síðan unnið með henni í sveitinni. Það varð upphaf að þeim vinnuvélarekstri Búnaðarfélags Andakílshrepps sem enn stendur og sagt er frá í sérstökum kafla hér á eftir.

„reyna að útvega sláttuvél“

Samhliða breytingum á vinnubrögðum við túnræktina tóku vinnubrögð við heyskap miklum stakkaskiptum. Óglöggar heimildir eru um útbreiðslu verkfæra til heyskapar í Andakílshreppi. Vitað er þó að til Hvanneyrar bárust ýmis heyvinnutæki snemma á tuttugustu öld og raunar fyrr; til dæmis voru sláttuvél og rakstrarvél reyndar þar sumarið 1895 og munu það hafa verið fyrstu verkfæri sinnar tegundar er til landsins komu.⁷² Á Hvanneyri var mikið af greiðfæru engjalandi sem hentaði þessum fyrstu vélum eftir atvikum vel. Þar varð búskapur líka stór í sniðum og flest tók til framkvæmda og nýsköpunar betri en á öðrum bæjum í hreppnum. Vélvæðing heyskaparins á Hvanneyri virðist enda lítil áhrif hafa haft á vinnubrögð í hreppnum almennt.

Á aðalfundi Búnaðarsambandsins 7. apríl 1923 var stjórn þess falið að „reyna að útvega sláttuvél og mann til að fara með hana um sambandsvæðið, gera tilraun með slátt með henni og gefa leiðbeiningar um meðferð og notkun nefndra vél.“ Guðmundur á Hvítárbakka talfærði það síðan á aðalfundi Búnaðarfélagsins 18. sama mánaðar hvort menn vildu gera tilraun með sláttuvél á næsta sumri: . . . „tóku sumir fundarmenn vel í að gjöra það.“ Ekki vitum við hvernig þessi tilraun tókst þótt líklegt megi telja að hún hafi að minnsta kosti verið gerð hjá hinum framsækna formanni Búnaðarfélagsins, Guðmundi á Hvítárbakka. En tilraun Búnaðarsambandsins var gerð á sautján bæjum í héraðinu og „hefir vakið nokkurn áhuga fyrir véslætti“ segir í gögnum Búnaðarsambandsins og ennfremur að á árunum

⁷¹ *Byggðir Borgarfjarðar I* (1998), 293-304.

⁷² Ámi G. Eylands: *Búvétel og ræktun* (1950), 297.

1925-1926 hafi fyrstu borgfirsku bændurnir tekið að kaupa og nota sláttuvélar. Veturinn 1927 skrifaði Kristleifur á Stóra Kroppi: „Sláttuvélar verða enn ekki notaðar nema á nokkrum stöðum vegna þýfis.“⁷³ Laust fyrir 1930 keyptu nokkrir bændur í Andakílshreppi sláttuvélar, til dæmis á Hvítárbakka og í Stafholtsey. Síðar komu rakstrarvélar og loks snúningsvélar er kom fram á fimmta áratug aldarinnar.⁷⁴ Má ætla að svipuð hafi þróunin orðið á nágrennabæjum.

Hugað að ræktun búfjárins

Um 1916 urðu nokkra breytingar á starfi Búnaðarfélagsins eins og það birtist í fundargerðum þess því þá tók það að sinna búfjárræktinni í meira mæli en áður. Vissulega hafði félagið áður stutt kynbótabúið á Breiðabólstað og búfjársýningar í Deildartungu og á Mannmótsflöt á fyrstu árum tuttugustu aldar. Geta má einnig hrútasýningarinnar sem haldin var í hreppnum 27. október 1913, líklega fyrstu sérsýningarinnar á búfé sem haldin var í hreppnum, að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands. Þar var Jón H. Þorbergsson ráðunautur fulltrúi þess en að öðru leyti er lítið um hana vitað⁷⁵ nema hvað Búnaðarfélag hreppsins og hreppssjóður veittu fé til sýningarinnar.

Sauðféð stóð Búnaðarfélagsmönnum eðlilega nærri og á hreppsskilþingi haustið 1915 var samþykkt að halda hrútasýningu á Hvítárvöllum þann 10. nóvember. Þar hlutu átta bændur verðlaun fyrir hrúta sína, allir úr Andakíl. Varla hefur verið auðvelt á þeirri tíð að fara með methrúta á milli sveitarhluta – yfir óbrúaða Grímsá – án þess að með þeim orðum sé minnstu rýrð kastað að sauðfjárbændum í Andakíl. Heimildir benda annars til þess að hin erfiðu búskaparár sem komu á öðrum tug tuttugustu aldar hafi ekki megnað að kæfa þá nýjung sem

hrútasýningarnar í Andakílshreppi voru þótt þátttaka væri mismikil eftir árum. Upp frá þessu voru hrútasýningar haldnar nokkuð reglulega og lagði sjóður Búnaðarfélagsins jafnan fjármuni til þeirra og hreppssjóður einnig.

Á öðrum áratug tuttugustu aldarinnar lögðust fráfærur víðast af í Andakílshreppi m.a. vegna kostnaðar við fólksald; þær þóttu heldur ekki borga sig nema þar sem beitolönd voru kostameiri.⁷⁶ Dilkar urðu þá vænni. Markaður fyrir dilkakjöt fór einnig vaxandi. Sauðfé í hreppnum fjölgaði allt fram til 1913 en þá gekk í garð kyrrstöðutímabil fjárfjöldans sem stóð allt fram undir 1930. Vorið 1914 varð raunar fjárfellir er illviðri fylgdu í kjölfar veturs óvenju vondra heyja.⁷⁷ Í annál segir m.a. svo um þetta ár:

Í Borgarfjarðarhéraði féll víða allmikið af fullorðnu fé, og lambadauði varð afarmikill. Ef til vill stafaði fjárdauðinn einnig af sýki í fénu (lungnaveiki), er líklega hefir aftur orsakast af hinum vondu og litlu heyjum. Fækkað fénu stórmikið. Bændur urðu alment að kaupa mikið af korni handa fénu.⁷⁸

Því er þetta ár tíundað nákvæmar en önnur að þá varð að öllum líkindum síðasti fjárfellir í Andakílshreppi sem rekja má til veðráttu og tíðarfars.

Ef frá er talinn reglulegur fjárstyrkur Búnaðarfélagsins til hrútasýningar í hreppnum virðist félagið ekki hafa haft mörg önnur afskipti af málefnum sauðfjárræktarinnar fyrr en á árinu 1933. Þá er í reikningum félagsins gjaldfært lán að upphæð kr 300,- til kaupa á Karakúlhrút en af honum segir síðar. Víkjum hins vegar að öðrum búfjártegundum.

Á aukafundi Búnaðarfélagsins, sem haldinn var 15. mars 1916, voru þrjú mál á dagskrá: ráðning jarðabótamanns, hrossakynbótamálið og stofnun nautgriparæktarfélags. Þetta mun hafa verið í fyrsta skipti sem málefni þeirra

⁷³ Kristleifur Þorsteinsson: *Fréttabréf úr Borgarfirði* (1967), 54.

⁷⁴ Páll J. Blöndal: „Þættir úr sögu Stafholtseyjar“. *Kaupfélagsritið* 19 (1968), 8-9.

⁷⁵ *Búnaðarrit* 28 (1914), 122.

⁷⁶ Björn J. Blöndal í Laugarholti í samtali við BG 7. júlí 1981.

⁷⁷ Björn J. Blöndal í Laugarholti í samtali við BG 7. júlí 1981; *Búnaðarrit* 28 (1914), 296.

⁷⁸ *Búnaðarrit* 29 (1915), 251-252.

Borgfirðingar!

Að tilhlutan Búnaðarsambands Borgarfjarðar, verður næsta sumar starfrækt á Hvanneyri tamningarstöð fyrir dráttarhesta. — Hestarnir verða tmdir 25. apríl og 1. júlí, 10 í hvort sinn. Þeim fyrri verður skilað 1. júl, hinum síðari 15. sept.

Hestarnir séu á aldrinum 5—9 vetra; þeir sem teknir verða 25. apríl þurfa að hafa haft eldisfóður að minnsta kosti 6 vikur áður en þeir eru sendir.

Þóknun fyrir tamninguna er 50 kr. á fyrra tímabilinu og 40 kr. á því síðara fyrir hvern hest, er Búnaðarsambandið greiðir að einum þriðja. Ef hestar reynast ónotnæfir, verður þeim skilað aftur, og greiðist á þá hálf gjald.

Allar nánari upplýsingar gefur:

Skólastjórinn á Hvanneyri.

Góðir dráttarhestar voru eftirsóknarverðir áður en afvélur tóku að knýja verkfæri til jarðyrkju, flutninga og heyskapar. Auglýsingin birtist í Tímanum 26. febrúar 1942.

búfjargreina voru tekin til umræðu á fundum félagsins. Málshefjandi um hrosskynbótamálið var Jón bóndi Hannesson í Deildartungu, gestur fundarins sem formaður Búnaðarsambandsins. Eftir umræðu var ályktað:

Fundurinn telur nauðsyn á að gjörðar sjeu frekari ráðstafanir til kynbóta hrossa, og lítur svo á að tillögur Búnaðarsambands Borgarfjarðar fari í rétta átt í þessu efni.

Bændum var í mun að fá góða vinnuhesta vegna vaxandi notkunar verkfæra við ræktun, heyskap og flutninga og Búnaðarsambandið hafði tekið forystu í hrossaræktinni. Í framhaldi af ályktuninni var „rætt um land sem girða ætti“ . . . og kjörin nefnd, sem fékk það hlutverk að „gjöra áætlun um girðingu fyrir kynbótagraðhesta í hreppnum . . . og athuga kynbótahestsefni fyrir hreppinn.“ Í þá nefnd voru kjörnir þeir Ólafur á Hvítárvöllum, Björn í Bæ og Þorsteinn á Miðfossu. Er kom að næsta aðalfundi hafði nefndin ekki tekið til starfa svo hóflegur áhugi virðist hafa verið fyrir hrossakynbótum. Svo þarf þó ekki að vera heldur að menn hafi fremur hallast að forystu Búnaðarsambandsins í málinu.

Á fundum Búnaðarfélagsins var hljótt um hrossakynbætur allt til 1926 að á aðalfundi 3. apríl er lesið bréf frá Bjarna á Skáney þar sem hann boðar til fundar um hrossakynbætur

í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum og til að undirbúa samþykkt um þær. Á Alþingi voru þá í undirbúningi lög um kynbætur hrossa er gildi tóku þá um vorið. Í þeim voru ákvæði um kjör hrossakynbótanefndar í hverjum hreppi er annast skyldi málefni hrossaræktar. Hreppsþúar brugðust skjótt við og kusu í slíka nefnd á almennum hreppsfundi 4. febrúar 1927 þá Sigurð á Varmalæk, Ólaf á Hvítárvöllum og Hjört á Grjóteyri. Á Búnaðarfélagsfundi 14. apríl 1928 var svo samþykkt „að setja upp girðingu í Þingnesi fyrir graðhestinn og sömuleiðis var samþykkt að kaupa graðhest af Sigurði á Varmalæk.“ Þá um sumarið samþykkti hreppsnefnd að lána „hrossaræktunarfjelagi“ Andakílshrepps „a.m.k. kr. 1000 eða sem þyrfti til að borga kynbótahest fjelagsins og girðingakostnaðinn.“

Hrossakynbótanefndin starfaði um nokkurra ára skeið og komu ýmsir þar við sögu. Má fylgja starfi nefndarinnar allt fram til ársins 1946 en á hreppsskilum þá um vorið tilkynnti Runólfur Sveinsson skólastjóri á Hvanneyri „að graðhestur hreppsins yrði látinn í girðinguna í Þingnesi 3. júní.“ Runólfur var mjög áhugasamur um hrossarækt og það mun hafa verið að hans tilhlutan að starfrækt var tamningastöð fyrir dráttarhesta á Hvanneyri á fimmta áratugnum.

Við hverfum aftur til aukafundar Búnaðarfélagsins 15. mars 1916 en á þeim fundi var einnig rætt um nautgriparæktarfélag fyrir hreppinn. Guðmundur Jónsson bóndi á Ytri-Skeljabrekku, síðar á Hvítárbakka, sem þá var nýgenginn í félagið bar upp svohljóðandi tillögu:

Fundurinn telur sig því fylgjandi að stofnað verði nautgriparæktarfélag í Andakílshr. haustið 1916.

Tillagan var felld með 6 atkvæðum gegn 5. Óvíst er hvaða ástæður lágu að baki niðurstöðunni. Árið 1910 hafði verið stofnað Nautgriparæktarfélag Hvítárvalla í kringum rjómbú Mjólkurskólans þar. Það starfaði þó aðeins til 1912.⁷⁹ Félagið skilaði aðeins skýrslu um árið 1911-1912 en um

⁷⁹ *Búnaðarrit* 29 (1915), 120.



Fyrir Mjólkurskólann á Hvítárvöllum var sett á fót rjómabú innleggjenda beggja megin Hvítár. Nautgriparæktarfélag Hvítárvalla, stofnað 1910, skyldi styrkja ræktun kúnna. Þótt félagar þess væru einnig vestan Hvítár má líklega kalla það fyrsta „sérbúgreinafélagið“ sem starfaði í Andakílshreppi. Mjólkurskólinn var í húsinu til vinstri á myndinni. (Ljósmynd úr einkasafni).

hana skrifaði Páll Zóphóníasson:

Það sýndi sig þá, að kýrnar á félags-
svæðinu eru lágmjólka, hafa meðalfeita
mjólk og borga fõðrið sitt illa – sums-
staðar jafnvel afleitlega. Því væri sízt
vanþörf á, að félag þetta endurfæddist,
og að því mætti auðnast að bæta
kúakynið nokkuð.⁸⁰

Meðalnyt kúnna var 2.179 kg og fitan 3,61%;
kýrnar fõðraðar á 1.340 kg af töðu og 2.515
kg útheys að meðaltali. Auk rjómabúsins á
Hvítárvöllum hafði einnig starfað rjómabú við
Geirsá, sem nokkrir bændur í Bæjarsveit skiptu við.
Hinn félagslegi vettvangur mjólkurframleiðenda í
hreppnum var því tvískiptur. Einnig komu erfð
heyskaparár ekki síst eftir frostaveturinn 1918
en með honum lagðist starf Mjólkurskólans á
Hvítárvöllum af.

Gerðist nú fátt í málefnum nautgriparæktar-
innar og aðalfundur Búnaðarfélagsins 1931
hafnaði meira að segja „tilboði um þátttöku í
nautgripasýningu á næsta sumri.“ Um þær mundir
höfðu þó hrútasýningar tíðkast í hreppnum lengi
og nokkur reynsla var komin á félagsstarf í
hrossaræktinni.

⁸⁰ Búnaðarrit 31 (1917), 66.

Ögn um afréttarmál

Við hverfum til árána kringum aldamótin 1900
þegar hreppsþúar fjölguðu fé sínu. Bæði vegna
þess og breyttra háttá við nytkun sauðfjárins –
aflögn fráféarna – óx þörf fyrir hentug sumarlönd
til beita; afréttarlönd. Eitt fárra sveitarfélaga í
Borgarfirði átti Andakílshreppur ekki afréttarlönd
til innlandsins. Beitolönd jarðanna voru fyrst og
fremst láglendið heima við. Nokkrar jarðir áttu
þó ítök til heiða svo sem Hvanneyri, Hvítárvellir
og Stafholtsey. Bæjarsveit leigði upprekstrarland
af Gilsbakkakirkju á Tvídægri, milli Kjarrár og
Lambár.⁸¹ Allt fram til 1875 var „fjöldi fjár“ bæði
úr Reykholtssdal og Andakílshreppi rekinn til
sumarþeitar í Geitland⁸² – án efa mest geldfé og
fráfærulömb. Halldóri Vilhjálmsyni, nýkomnum
til skólastjórnar á Hvanneyri 1907, þóttu þrif
sauðfjárins á láglendismýrunum þar svo léleg að
hann leitaði leiða til þess að koma fé sínu í betri
beitolönd.⁸³

Um afréttarmál urðu allmiklar umræður í
hreppnum. Í samræmi við hlutverk Búnaðar-
félagsins fyrstu árin, sem „jarðræktarfélags“,
virðist málið ekki hafa komið til meðferðar á
fundum þess, þótt ætla megi að brunið hafi
á flestum bændum í hreppnum. Afréttarmálin
voru hins vegar rædd á hreppsþingum og í
hreppsnefnd enda hafði tilsjón með fjallskilum
verið eitt helsta hlutverk hreppsnefnda um langan
aldur.

„Það var nú einu sinni að Bæisveitingar, a.m.k. frá
einstöku bæjum ráku þarna fram eftir [í Reykholtssdal]“,
sagði Þorsteinn Kristleifsson á Gullberastöðum í samtali
við BG 26. maí 1982, „en þeir frá Stafholtsey og Bæ
ráku upp á svokallaðar Lambatungur, það er uppundan
Þverárhliðinni, og lentu í Þverárhliðarleitum. Þá áttu
þeir sitt fé að sækja upp í Þverárrétt á haustin. Þeir voru
lengi nokkuð með afrétt þar. Svo breyttist þetta nokkuð
löngu seinna, eftir að Andkílingar eignuðust aukinn
afrétt þarna suður á fjallinu. Þá fóru Stafholtseyjarmenn
og Bæjarmenn að reka þangað suðureftir líka, enda var

⁸¹ Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands* III (1919), 208.

⁸² Kristleifur Þorsteinsson: „Sauðfjarrækt, fjallskil og réttir“
Göngur og réttir II (1964), 345.

⁸³ Bjarni Guðmundsson: *Halldór á Hvanneyri* (1995), 142-143.

Það nú fyrir löngu byrjað frá Bæ áður að reka þarna suður á fjallið. Það var ákaflega mikið af strokufé úr Bæjarsveit einmitt í gegnum Reykholtisdal og Hálsasveit, og þeir áttu alltaf margt fé frammi í Fljótstungurétt og í Þverárrétt, sérstaklega í Þverárrétt á meðan rekið var þarna uppeftir. Féð kom líka í Rauðsgilsrétt, það var á Suðurfjallinu, villtist þarna inn á afréttarlöndin. Andakílshreppur var afréttarlaus sveit þar til hann keypti Gullberastaðatunguna.“

Það var árið 1898 sem Andakílshreppur keypti Gullberastaðatungu, einnig nefnda Gullberastaðasel, á 900 krónur. Lítið er vitað um aðdraganda kaupanna því skjöl hreppsins frá þessum tíma glötuðust í bruna skólahússins á Hvanneyri árið 1903. Árið 1910 keypti hreppurinn síðan Lundartungu af sr. Sigurði Jónssyni presti á Lundi. Eftir þref um kaupverðið var sæst á kr. 800,- Áður hafði hreppurinn um nokkra stund galdið árlega leigu fyrir landið. Á fyrsta áratug tuttugustu aldarinnar guldu yfirleitt tíu bændur upprekstrargjald til hreppsins, nær allir úr Andakíl. Og áfram var haldið í öflun afréttarlanda því á hausthreppsskilabingi 1929 var gerð þessi bókun: „Fundurinn er því samþykktur að Andakílshreppur kaupi Oddstaðatungu að frágænum Lundarreykjadalshreppi.“

Á vorhreppsskilabingi 1931 var síðan upplýst að Lunddælingar hefðu keypt

Tunguna á 4000 krónur. En til þess að sporna við því að fé væri tekið utan fjallskilavæðsins á sameiginlegan afrétt bar oddviti fram þá tillögu að kaupa helming Tungunnar fyrir 2000 krónur og sé þá afrétturinn allur sameiginleg eign Andakíls og Lundarreykjadalshreppa.

Sú tillaga var samþykkt í einu hljóði. Eftir allnokkrar samræður hreppsnefndanna tveggja lyktaði málinu þannig að Andakílshreppur keypti Oddstaðatungu af Lunddælingum þann 17. júní 1933 fyrir 4.000 krónur. Öll þessi afréttar kaup Andakílshrepps fylgdu í kjölfar áberandi fjölgunar sauðfjár hreppsþúa.

Fóðurbirgðir og forðagæsla

Ásetningur hefur löngum verið viðkvæmur þáttur í íslenskum búskap. Snemma lögðu landsfeður umsjón með ásetningi í hendur hreppsstjóra er hafa skyldu eftirlit með þessum málum.⁸⁴ Sjálfsagt hefur framkvæmd eftirlitsins orðið með ýmsu móti. Þannig virðast þessi mál ekki hafa verið tekin mjög föstum tókum í Andakílshreppi á fyrstu árum Búnaðarfélagssins. Áður var sagt frá tillögunni sem samþykkt var á haustfundi þess 1887 um að velja tvo menn til þess að ferðast tvisvar um hreppinn „á næsta vetri“ til að skoða heybirgðir og skepnuhirðingu hreppsþúa og flytja skýrslu um það á vorfundi félagsins. Skipan þessi gildi næstu árin og greiddi sjóður Búnaðarfélagssins tveimur mönnum nokkra þóknun fyrir eftirlitið allt til ársins 1899. Málið færðist síðan til hreppsnefndar því á fundi hennar 16. desember 1907 voru þeir Guðmundur á Eyri og Þorsteinn á Miðfossu kosnir til þess að líta eftir fóðurbirgðum og hirðingu fénaðar í hreppnum þann vetur. Var „gjört ráð fyrir að þeir skoðuðu 2svar á vetrinum, að minnsta kosti þar sem heybirgðir voru litlar.“

Um þessar mundir voru miklar umræður á landsvísu um nauðsyn fóðurbirgða og forðagæslumál og haustið 1913 gengu í gildi lög um forðagæslu, lög nr. 44/1913. Sumarið hafði verið óminnilega vont til heyskapar um syðri hluta landsins þótt grasspretta væri góð. Töður og úthey hróktust hins vegar illa⁸⁵ svo hyggjarnir voru á varðbergi gagnvart forða til næsta vetrar: Á hreppsskilabinginu um haustið voru því kjörnir tveir menn

. . . til að hafa á hendi fódurskoðun og búpenings á vetrinum, þar en nú þótti óvarlegt, eptir svo vont sumar, að ekkert eptirlit væri með þessu. Lagt ríkt á við menn þessa [Teit Símonarson og Hjört á Grjóteyri], að þeir gættu vel skyldu sinnar samkvæmt lagaákvæðum þeim, er hér að lúta.

⁸⁴ Lýður Björnsson: *Saga sveitarstjórnar I* (1972), 193.

⁸⁵ <https://trj.blog.is/blog/trj/entry/2213318/>

Nokkuð sýnist málum þessum hafa verið hagað eftir aðstæðum. Þannig ályktaði hreppsnefndin á fundi sínum 20. nóvember 1915 að sleppa forðagæslu „þar sem tíðin væri framúrskarandi góð og hjer um bil víst að allir hefðu næg hey.“

En forðagæslu bar aftur á góma hjá Búnaðarfélaginu því á aðalfundi þess 20. febrúar 1918 var rætt um að stofna heyásetningsfélag fyrir hreppinn. Þriggja manna nefnd var kjörin til þess að undirbúa félagsstofnunina og átti hún að skila álitu sínu á næstu vorhreppsskilum. Í nefndina voru kosnir þeir Guðmundur á Ytri-Skeljabrekku, Þórmundur í Langholti og Teitur á Grímarsstöðum. Áfram sinntu menn þó forðagæslu sem fyrr og á vorhreppsskilum 1919 las skoðunarmaður hreppsins upp álit sitt á fódru búpénings og hejrabirgðum í hreppnum. Þeirri venju var síðan haldið á vorhreppsskilum af og til allt fram undir 1940 að skoðunarmaður gæfi yfirlit um fódur og fódru. Má segja að það hafi verið í góðum anda samþykktar Búnaðarfélagsins frá árinu 1887 – venja sem þannig virðist hafa haldist um hálfar aldar skeið.

Nefnd Guðmundar á Ytri-Skeljabrekku vann sitt verk og á aðalfundi Búnaðarfélagsins 18. mars 1919 kynnti hann frumvarp til laga fyrir heyásetningsfélag í hreppnum. Frumvarpið var rætt ítarlega og samþykkt að taka það aftur til umræðu á næstu vorhreppsskilum. Við rekumst næst á málið á aðalfundi Búnaðarfélagsins 1921 en þá las Guðmundur upp frumvarp um eftirlits- og fódurbirgðafélög frá Búnaðarfélagi Íslands og síðan lagauppkast nefndar Búnaðarfélag Andakíls-hrepps um sama efni. Nefndinni var falið að samræma frumvörpin í álit er lagt yrði fyrir næsta vorhreppsskilabing. Og enn kom málið til kasta Búnaðarfélagsins, á aðalfundi þess 12. apríl 1924. Var þá ákveðið að fara þess á leit við Búnaðarfélag Íslands að fá Theodór Arnbjörnsson til að halda fyrirlestur í sveitinni um þýðingu og starf eftirlits- og fódurbirgðafélaga. Auðsætt er að bændur í Andakílshreppi vildu ekki rasa um ráð fram í málinu sem í eðli sínu gat verið ýmsum viðkvæmt en mikilvægt eins og miklar umræður t.d. á

Búnaðarþingum á þessum árum báru vott um.⁸⁶

Er leið á þriðja áratug aldarinnar fór tíðarfar batnandi og töðufengur óx með ræktun túnanna. Notkun fódurbætis færðist einnig í vöxt. Vera má að þessi nýju viðhorf hafi valdið því að hljótt varð um félagsskap um fódurbirgðir í Andakílshreppi um langar stundir, allt til ársins 1937. Þá á vorhreppsskilum hóf Guðmundur á Hvítárbakka enn máls á stofnun fódurbirgðafélags. Nefnd var sett í málið sem fátt fréttist af en á Búnaðarfélagsfundi þremur árum seinna var lesið bréf frá búnaðarmálastjóra um forðagæslufélög. Enn var kjörin nefnd til þess að skoða málið og útbúa til afgreiðslu; nefndina skipuðu þeir Jón á Varmalæk, Guðmundur á Hvítárbakka og Pétur á Miðfossu. Nefndin virðist hafa tekið málið til meðferðar því á vorhreppsskilum 28. maí 1940 var bókað:

Guðmundur Jónsson, Hvítárbakka, hóf umræður um það mál [fódurbirgðafélag] fyrir hönd nefndar þeirra er hafði það mál til meðferðar, og lagði hann fram fyrir hönd nefndarinnar uppkast að lögum fyrir slíkt fjelag í hreppnum, var það allmikið mál í 15 greinum og sniðin eftir lögum um búfjárrækt. Borin var upp tillaga um að stofna fjelagið og var um hana haft nafna kall, greiddu 12 atkvæði með því en 5 á móti, en 4 sátu hjá og málið þar með fallið.

Skrifaranum er ekki ljóst hví málið er úrskurðað fallið á grundvelli atkvæðatalnanna 12:5:4. Ef til vill skýrir (undarleg?) niðurstaða atkvæðagreiðslunnar þróun fódurbirgðamálsins allt frá því það kom á dagskrá funda Búnaðarfélagssins veturinn 1918: Að skiptum skoðunum hafi ítrekað verið mætt með frestun málsins allt til þess tíma að neytt var aflsmunar með nafnakalli við atkvæðagreiðslu sem einstætt má líklega telja í starfi Búnaðarfélagssins.

En málið var ekki úr sögunni með þessu því það var á dagskrá aðalfundar Búnaðarfélagssins veturinn 1941, tæpu ári eftir áðurnefnda atkvæðagreiðslu. Á fundinn mætti Halldór Pálsson ráðunautur sem m.a. ræddi um fódurbirgðafélög og

⁸⁶ Jónas Þorbergsson: *Sigurður Sigurðsson Ævisaga* (1960), 148-149.

starfsemi þeirra og fyrirkomulag. Segir síðan í fjórða lið fundargerðarinnar:

Stofnun fôðurbirgðafjelags. Frum-
mælandi Runólfur Sveinsson, skólastj.
Umræður urðu nokkrar um málið og
voru síðan lesin lög og reglur fyrir slík
fjelög. Fór síðan fram atkvæðagreiðsla
um stofnun fôðurbirgðafjelags og var það
samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Síðan voru tveir menn kjörnir í stjórn félagsins,
þeir Jón á Varmalæk og Sigvaldi í Ausu. Eftir
langan veltning var málið komið í höfn. Starf
fôðurbirgðafélags hreppsins mun hins vegar
staðið mun færri ár en aðdragandinn að stofnun
þess. Tímarnir voru að breytast.

Kvenna er sárasjaldan getið í gögnum Búnaðarfélagsins,
ekki frekar en í öðrum búnaðarfélögum fyrr á tíð. Það
segir þó sitt að á aðalfundi Búnaðarfélagsins í apríl 1947
var „minnst tveggja látinna merkiskvænna í hreppnum“,
þeirra Ragnhildar Ásmundsdóttur í Ausu og Herðisar
Sigurðardóttur á Varmalæk.



*Jakob Jónsson á Varmalæk dregur heysæti á vagn með spili á Farmall-dráttarvél
sinni; myndin mun hafa verið tekin 1955. (Ljósm.: Ólafur Guðmundsson).*

Búhættir breytast

Með fjórða áratugnum dró til mikilla breytinga á högum borgfirskra bænda. Vaxandi þéttbýli kallaði fram stækkandi markað fyrir mjólk og mjólkurafurðir. Mjólkurvinnsla í Borgarnesi hafði skapað grundvöll mjólkursölu nokkurra bænda þangað. Batnandi samgöngur styrktu hann; voru raunar forsenda hennar. Mjólkursamlag Borgfirðinga undir handarjaðri Kaupfélags Borgfirðinga tók svo til starfa veturinn 1932 og varð héraðsbændum öllum mikilvægt fyrirtæki til sóknar í mjólkurframleiðslu. Þótt mjólkurverðið þætti lágt, 15 aurar fyrir lítrann árið 1933, var nautgriparæktin talin orðin „gefa stöku bændum meiri tekjur en sauðfjáreignin, einkum þeim, sem við flutningabrautirnar búa.“⁸⁷ Hitt ýtti þó fastar á vöxt mjólkurframleiðslunnar að mæðiveikin tók að sverfa að sauðfjárræktinni með vaxandi þunga eins og brátt verður vikið að. Í Andakílshreppi má glögggt greina þessi áhrif því að á árabílinu 1935-1940 fjölgaði nautgripum í hreppnum úr um það bil 260 í 420. Það var því ekki óeðlilegt að Guðmundur á Hvítárbakka hæfi máls á því á hreppsskilafingi á Hvítárvöllum vorið 1935 „að stofnað yrði nautgriparæktarfélag í hreppnum.“ Hann gat þess um leið „að til orða hefði komið á aðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar að stofna Samband nautgriparæktarfélaga á fjelags-svæði Mjólkursamlags Borgfirðinga.“ „Mjög birti yfir þegar mjólkursala hófst“, sagði Krístrún á Grjóteyri.⁸⁸

Líkt og á tímum rjómbúanna var fyrst sendur rjómi úr Bæjarsveit á klakk á Götuás en mjólk með batnandi samgöngum, sagði Jakob á Varmalæk. Á Götuás fluttu Lunddælir einnig sína mjólk þar til vagnfær vegur tók að þokast fram dalinn, sagði Þorsteinn frá Gullberastöðum.

Á þinginu var síðan samþykkt tillaga frá sr. Eiríki Albertssyni á Hesti um „að stofna

nautgriparæktarfélag á komandi hausti. Tillagan var samþykkt með 10 á móti 1 atkvæði.“ Þótt hin nær tvítuga tillaga Guðmundar á Hvítárbakka næði nú loks fram að ganga sýnir atkvæðagreiðslan að andstaðan sem tillagan mætti á búnaðarfélagsfundinum veturinn 1916 var ekki með öllu horfin. Til þess að undirbúa félagsstofnunina voru kjörnir þeir Guðmundur á Hvítárbakka, sr. Eiríkur á Hesti og Sveinbjörn í Þingnesi. Fór svo að á hreppsskilafingi þá um haustið voru samþykkt lög fyrir hið nýja nautgriparæktarfélag „með 16 samhljóða atkvæðum.“ Í fyrstu stjórn félagsins voru síðan kjörnir þeir Sigurður Sigurðsson á Ytri-Skeljabrekku, Davíð Ólafsson á Hvítárvöllum og Jón Jakobsson á Varmalæk. Fyrsta skýrsla félagsins var um árið 1936. Sýnir hún almenna þátttöku bænda í félagsstarfinu; þá voru félagar 21 með 214 kýr. Það ár var stjórn falið að „sjá um leigu á landi til nautgripardinga, og kaup á girðingarefni og uppsetningu á girðingunni“ en til þess verks mátti vænta nokkurs styrks frá Búnaðarfélagi



Enn er til bifreiðin sem fyrst var notuð til sæðingastarfseminnar í Andakílshreppi og víðar um héraðið: Dodge-trúkkur af gerðinni Ambulance, líklega hergóss. Ekki þótti minna duga til þess að komast á milli bæja á þeim árum: Meginbrautir frumstæðar, sumar torfærar, að minnsta kosti á vetrum, og á stöku bæjum voru heimreiðarnar slóðinn einn eða þær jafnvel enn ólagðar. Bifreiðin var einnig um tíma notuð sem skólambifreið í Andakíl. Hún er nú í geymslu Landbúnaðarsafns Íslands. (Ljós-: Bj.Guðm.)

⁸⁷ Kristleifur Þorsteinsson: *Fréttabréf úr Borgarfirði* (1967), 174.

⁸⁸ Krístrún Hjartardóttir á Grjóteyri í samtali við BG 10. janúar 1982. Skrifarinn ímyndar sér að þá hafi einnig munað um þann vinnulétti á heimilinu sem fólst í því að senda mjólkina óunna til mjólkursamlags.

Íslands á grundvelli búfjárræktarlaga. Tillagan var samþykkt á aðalfundi Búnaðarfélagins sem sýnir að málefnið sköruðust yfir mörk félaganna – félagskerfið var tekið að gildna. Á aðalfundi Búnaðarfélagins 1937 var ákveðið að efna til nautgripasýningar á tveimur stöðum í hreppnum, að Hvanneyri og í Bæ. Mun það hafa orðið fyrsta sérhæfða nautgripasýningin í sveitinni. Nautgripærktarfélag Andakílshrepps starfaði síðan af þrótti megi marka hið formlega skýrsluhald.⁸⁹ Félagar, sem héldu skýrslur um kýr sínar, voru jafnan 20-25, allt fram yfir 1960 að þeim tók að fækka að mun.

Eins og víðast gerðist færðist frumkvæði í ræktunarmálum búfjár frá hreppi til héraðs er kom fram um miðja öldina. Fór svo að Búnaðarsambandið setti sér ræktunarsamþykktir fyrir nautgripi, sauðfé og hross haustið 1957. Samband nautgripærktarféлага í Borgarfirði hafði verið stofnað árið 1947. Sæðingar voru þá að koma til sem nýr og spennandi þáttur kynbóta mjólkurkúastofnsins. Sæðingastöð var sett á stofn í kjallara Halldórsfjöss á Hvanneyri og sæði tekið úr þarfanautum skólábúsins. Hófst starfsemin í ársbyrjun 1949. Frá hausti til hausts 1949-1950 voru sæddar 310 kýr, flestar í Andakílshreppi⁹⁰ enda styst að fara; dreifing sæðisins reyndist þungur kostnaðarliður. Þetta varð hins vegar vísir að þeirri starfsemi sem átti eftir að breytast og blómgast til þess forms er við þekkjum í dag.

Glíman við mæðiveikina

Árið 1933 voru fluttar til landsins tuttugu kindur af Karakúl-kyni frá Dýralæknastofnun háskólans í Halle í Þýskalandi. Menn höfðu þá verið spenntir fyrir innflutningi fjárstofna til þess að bæta þann íslenska og að auka framleiðsluverðmæti hans. Með Karakúlfénu til blöndunar skyldi framleiða verðmæt unglambaskinn. Um þessar mundir var verð á sauðfjárafurðum mjög lágt;

dilksverðið 8-12 kr. en búist var við að meðalverð unglambaskinna af Karakúlblendungum yrði 15-20 krónur og jafnvel allt að 60-100 krónur fyrir bestu skinnin.⁹¹ Karakúlkindurnar fóru til ýmissa staða á landinu, m.a. var einn hrútur fenginn í Andakílshrepp.⁹²

Það var á vorhreppsáskilum 1933 sem samþykkt var með 9 atkvæðum gegn 1 „að kaupa [Karakúl] hrút af ódýrari tegundinni.“ Hrúturinn kom og kostaði hann 600 kr. sem sjóður Búnaðarfélagins og hrepps sjóður greiddu að jöfnu. Kaupverð hrútsins nam því 50-75 lambsverðum sem var ærið fé. Á hreppsáskilþingi um haustið var ákveðið að hrúturinn yrði „í Bæ til þriðja dag[s] jóla, en úr því á Grímarstöðum og greiði menn 1 kr. í hrútstoll af hverju lambi.“ Vorið eftir var ákveðið að láta hrútin ganga í Bæjarsveit um sumarið. Komandi vetur skyldi hann enn vera á Grímarstöðum. Spurðist síðan fátt til hrútsins í bókum Búnaðarfélagins fyrr en árið 1937 að það afskrifaði eignarhlut sinn í honum. Örlög hrútsins höfðu þá orðið þau að hann fór í dý í Stafholtsey „sem heitir Gránupyttur og endaði þar líf sitt. Er það ómerkilegur pyttur sem ekki var áður vitað til að skepna hefði farið sér að voða í“, sagði Björn J. Blöndal í Laugarholti.⁹³ Lítil munu áhrif hrútsins hafa orðið því Karakúlfé varð aðeins til í Stafholtsey og Nýja-Bæ, að sögn Jakobs á Varmalæk.⁹⁴ Hinn voveiflegi dauði hrútsins kann að hafa verið fyrirboði illra tíðinda.

Víkur nú sögunni upp í Deildartungu þar sem bera tók á vanheilsu í fénu haustið 1934. Þarf ekki að rekja þá sögu frekar, svo þekkt sem framhald hennar varð. Þar var að fara af stað mæðiveikin, í fyrstu stundum nefnd „Deildartunguveikin“, sem átti eftir að valda íslenskum bændum ómældu tjóni næstu árin. Veikin var síðar talin hafa borist

⁸⁹ *Árbók landbúnaðarins* 1950, 71-72.


⁹⁰ Hér á eftir er víða stuðst við *Þætti um innflutning búfjár og Karakúlsjúkdóma*, skýrslu sem tekin var saman af stjórnskipaðri nefnd til þess að endurskoða lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, fjárskipti og innflutning búfjár. Skýrslan kom út í Reykjavík 1947.

⁹¹ Björn J. Blöndal í Laugarholti í samtali við BG 28. nóvember 1981.

⁹² Jakob Jónsson á Varmalæk í samtali við BG 20. desember 1981.

⁸⁹ *Byggðir Borgarfjarðar I* (1998), 392.

⁹⁰ *Byggðir Borgarfjarðar I* (1998), 370.



Með útbreiðslu mæðiveikinnar snarfækkaði fé í Andakílshreppi.

til Deildartungu með Karakúlhrút sem þangað kom; sá sem kom í Andakílshrepp mun hins vegar hafa verið ósýktur. Haustið 1935 vantaði ískyggilega margt fé af fjalli frá Deildartungu og nokkrum öðrum bæjum í Reykholtdalshreppi þar sem veikin hafði einnig komið upp veturinn á undan. Veturinn 1935-1936 breiddist veikin hægt út en óðfluga sumarið 1936. Veturinn eftir kom veikin upp á einum bæ í Andakílshreppi og 20. janúar 1937 voru sýktar hjarðir í hreppnum orðnar fjórtán að tölu.⁹⁵ Þar með var barátta sauðfjárþænda í Andakílshreppi við „pestina“ hafin af fullum þunga. Stóð hún linnulítið í einn og hálfan áratug eða til haustsins 1951 að fjárskiptum lauk.

Fjárstofn hreppsþúa hrundi. Til varnar var snúist með tvennu móti: Í fyrsta lagi með baráttu við veikina sjálfa og í öðru lagi var leitað ráða til þess að bæta upp þann sára tekjumissi sem fjárfækkuninni fylgdi.

Svo virðist sem baráttan við mæðiveikina hafi fyrst verið rædd formlega á hreppsnefndarfundi sem haldinn var á Varmalæk 19. febrúar 1937. Fundurinn var haldinn

... til þess að ræða og gera tillögur vegna hins sjerstaka ástands í hreppsþjelaginu og raunar uppsveitum Borgarfjarðar af völdum hinnar stæku borgfirsku sauðfjárveiki.

Ekki er að efa að tillögurnar hafa byggst á óformlegum samræðum bænda svo mjög sem málið svarf að heimilum í sveitinni. Tillögurnar eru hér birtar í heild eins og þær eru skráðar í sveitarbók Andakílshrepps því ætla má að þær endurspegli þau viðhorf sem í sveitinni höfðu skapast og verið rædd:

1. Að lögð verði vönduð girðing frá Kistu við Borgarfjörð í Skorradalsvatn og þaðan í Langjökul.

2. Þar sem enn er ósannað að veiki þessi sje komin í hreppinn neðan Grímsár, þá lítum við svo á, að nauðsyn beri til að endurbæta þessa girðingu og girða áframhaldandi girðingu niður með Grímsá, sem að þannig fengist öflug varsla fyrir sauðfjenað í þessum hluta hreppsins, svo að hann gangi ekki saman við slíkt fje utan þess svæðis. Til þess að þetta sje kleift er brýn nauðsyn á að fá styrk til viðgerða og nýbyggingar á nefndri girðingu og á þeim hliðum, sem eru á henni, sem þyrftu að vera þannig úr garði gerð, vegna bíla umferðar og þau lokist af sjálfu sjer.

3. að sett verði lög, sem hamli því að hægt verði að ganga að bændaveðum þeirra manna, sem fyrir mestum skaða hafa orðið af völdum veikinnar. Ná þau einnig til skulda við einstaka menn. Í þessum lögum verði sett ákvæði, sem útiloki útbyggingu vegna vanskila á landskuld og leigum vegna fyrrgreindra ástæðna.

4. að sett verði lög sem veiti afborgunarfrest á lánum fyrrgreindra manna svo og eftirgjöf á vaxtargreiðslum þangað til þeir hafa bætt sjer tekjumissi sinn.

5. þar sem nauðsynlegt verður að bæta að nokkru atvinnumissi þeirra manna er hardest verða úti vegna missi sauðfjárveikibústofns síns, þá verði veitt fjárupphæð, fram yfir það sem áður hefir verið til nauðsynlegra brúa og vegagerðar í hreppnum, svo að hreppsþúar geti haft af því nokkrar atvinnubætur. En þar sem svo stendur á að ekki verði bætt sjer atvinnumissi, nema með nýjum bústofni, þá veiti hið opinbera nauðsynlega fjárupphæð til þess að gera þessum mönnum það kleift, sem ekki er sjáanlegt að unt verði nema með styrk úr ríkissjóði.

⁹⁵ Freyr 32 (1937), 59-64.



Karakúl-kindur bíða flutnings úr einangrun sinni í Engey árið 1933. (Ljós.: Ásgeir L. Jónsson / Héraðsskj.s. Árnesinga).

Vorið 1937 bar málið upp á hreppsskilapingi að Hvítárvöllum. Þar minntist Sigurður oddviti á Varmalæk á það „að girðingastjóri Hákon Bjarnason . . . hefði boðið að leggja fram 40 aura á meter til að koma upp girðingarhólfi fyrir sjúkt fje á Hesti fyrir fje úr Andakíl. Undirtektir urðu litlar nema að koma upp hreppsgirðingunni.“ Síðasta setning fundarbókunarinnar á líklega við lið nr. 2 í tillögum hreppsnefndar hér að framan, þ.e. að bændur vildu styrkja varnir við Grímsá til þess að verja Andakíl sem enn var álitid vera ósýkt svæði. Girðingin á Hesti mun aldrei hafa komist upp.⁹⁶

Grjóteyrarsyskinum þótti Karakúl-ræktunin óhugnanleg: Að drepa unglömbin til þess að fá hin verðmætu skinn, sögðu þau í samtali 10. janúar 1982. Krístrúnu sagði fráfarurnar þó illskárrí þótt sár hafi verið jarmur lambanna; fráfarurnar var hætt þar 1918. Á Grjóteyri uppgötvaðist mæðiveikin 10. maí 1942. Hún sótti að bænum úr báðum áttum. Bræðurnir höfðu beðið nágretta láta sig vita ef fé frá Grjóteyri kæmi á réttir þar, svo auðkenna mætti. Þeir töldu það hafa brugðist og að þannig hafi veikin komið á bæinn. Grjóteyri beitti aðeins heimaland, borgaði því ekki afréttargjald fremur en aðrir bæir undir Skeljábrekkuþjalli. (Byggt á samtali við Óskar og Krístrúnu Hjartarbörn frá Grjóteyri 10. janúar 1982).

Sumarið 1937 var að landslögum tekið að setja upp varnargirðingar til að hefða útbreiðslu

pestarinnar. Meðal annarra var þá sett upp girðingin frá Andakílsá í Langjökul.⁹⁷ Í samræmi við 5. lið tillagna hreppsnefndarinnar var sumarið 1937 einnig unnið mikið að vegagerð í hreppnum. Meðal annars var þá lokið við brúna yfir Grímsá hjá Fossatúni og lögð brautin frá henni upp Bæjarsveit.⁹⁸ Á hreppsskilum um haustið gat Guðmundur hreppstjóri á Hvítárbakka þess í umræðum um vegaframkvæmdir í hreppnum „að unnið hefði verið fyrir 2.300 kr. fram yfir fjárveitingu, og bar fram tillögu um að Brúarsjóður lánaði það handbært fje er hann hefði, með sömu kjörum og í fyrra.“ Sú tillaga var samþykkt samhljóða. [Þessi Brúarsjóður mun hafa verið stofnaður árið 1928 af Teiti Símonarsyni og hafa heitið Grímsármótabrúarsjóður fullu nafni – sjá síðar]. Fundurinn samþykkti einnig eftirfarandi tillögu:

Bændur í Andakílhreppi mættir á hausthreppsskilapingi sínu 16. okt. 1937 skora á Alþingi það er nú situr að veita 10 þúsund kr. fram yfir venjulegt fje sýsluvega til nýbygginga vega í hreppnum á næsta ári. Ástæð[a] fyrir beiðni þessari er fyrst og fremst sú, að bændur hafa nú þegar misst mikinn hluta af sauðfjárústofni sínum vegna „mæðiveikinnar“, og svo af þeim ástæðum að nokkur hluti hreppsúa er í mikilli þörf fyrir nýja vegi.

Loks áréttaði fundurinn tillögur hreppsnefndar frá vetrinum áður:

Bændur í Andakílhreppi mættir á fundi að Hvítárvöllum 16. okt. 1937 skora[r] á Alþingi það er nú situr, að með nýjum lögum verði sjeð um:

1. Að ekki verði gengið að veðum vegna vanskila þeirra bænda [sem] orðið hafa fyrir tjóni af völdum veikinnar.
2. Að afborganir af lánum bænda falli niður meðan hagur þeirra er slíkur sem hann nú er.
3. Að ríkissjóður greiði vexti af lánum bænda samkvæmt 2. lið.

⁹⁷ Freyr 32 (1937), 94-95.

⁹⁸ Kristleifur Þorsteinsson: *Fréttabréf úr Borgarfirði* (1967), 205.

⁹⁶ Jakob Jónsson á Varmalæk í samtali við BG 20. desember 1981.

Má afefni og orðalagi þessara samþykkt sjá hvílik vá var fyrir dyrum margra heimila í hreppnum um þessar mundir. Á fyrstu árum mæðiveikinnar (votamæðin) varð að setja nær því hverja gimbur, sagði Jakob á Varmalæk, en síðar kvað hann hafa dregið úr veikinni (varð þurramæði) og menn náðu nokkrum tókum á pestinni.

Kristleifur Þorsteinsson á Stóra Kroppi skrifaði Þórði syni sínum 22. nóvember 1936:

„Nú sem stendur er [mæðiveikin] skæðust á Varmalæk. Þar átti að setja sextíu lömb á í vetur, en þau voru farin að sýkjast líka svo þau voru nú fyrir fáum dögum öll rekin til slátrunar í Borgarnes, og reyndust þau þá öll sýkt. Rétt áður voru fjörutíu ær þaðan fluttar í Borgarnes sem allar voru að dauða komnar. Og nú þó svona sé búið að sópa til kemur naumast sá dagur að ekki sé verið að lóga sjúkum kindum. Þessu lík má telja fjölda dæma“
...

Þótt illa horfði með sauðfjárræktina þvarr ekki áhugi bænda á ræktunarstarfi á því sviði með öllu. Á vorhreppsskilabingi 1938 var ákveðið að halda hrútasýningu haustið eftir að Hesti. Tillagan var samþykkt með 7 atkv. gegn 2. Sama tillaga var ítrekuð á hausthreppsskilum, þá með 8 atkv. gegn 3. Skyldi sýningin haldin að Hesti 26. október og þá einnig samþykkt að verja 86 krónum úr sjóði Búnaðarfélagsins til sýningarinnar gegn jafnhárru upphæð frá Búnaðarfélagi Íslands. Atkvæðagreiðslurnar sýna að skiptar skoðanir voru um málið; ef til vill hafa þeir sem á móti voru óttast smithættu vegna samgangs sýningargripanna.

Bændur reyndu að bæta sér tekjumissinn með ýmsu móti. Þeir tóku að fjölga kúnum, eins og áður hefur komið fram, og að auka mjólkurframleiðsluna. Kom sér nú vel nýlega stofnað Mjólkursamlag í Borgarnesi þótt rými til framleiðsluaukningar á mjólkurmarkaðinum við Flóann væri takmarkað. Bændur voru bundnir yfir kúnum og gátu lítið sótt vinnu út fyrir heimilin – „voru því ósköp gerðahægir heima“, eins og Júlíus í Laugabæ orðaði það. Batnandi samgöngur í kjölfar vegabóta fyrir hið svonefnda

Mæðiveikifé greiddu fyrir mjólkurflutningum. Þá óx hrossaeign því nokkrar tekjur höfðu menn af sölu slátrhrossa því sauðfé fullnægði ekki lengur spurn eftir kjötmeti. Bændur lögðu hross og aðra stórgripi til búanna og mótuneyti skólanna í Reykholti og Hvanneyri nýttu sér, að því er sagt var, hrossakjöt í töluverðum mæli.

Tvenns konar nýnæmi, sem beinlínis var ætlað að skjóta nýjum stofnum undir afkomu búanna, verður að nefna. Nokkrir bændur í hreppnum byggðu gróðurskála – gróðurhús – en hið opinbera hét sérstökum stuðningi við þær framkvæmdir til þess að mæta áföllum vegna pestarinnar. Ræktun garðávaxta færðist einnig í vöxt einkum ræktun kartafna. Hreppsúar tóku einnig upp refarækt en um það framtak er fjallað í sérstökum kafla hér á eftir.

Gróðurhúsin

Þótt Búnaðarfélagið hafi lítil sem engin afskipti haft af garðyrkju og gróðurhúsum, ef marka má gögn þess, reyndist sú búgrein nokkrum bændum hagfelld. Til hennar gripu þeir þegar mæðiveikin tók að grassera. Gróðurhúsaáhuginn taldi Jakob á Varmalæk að borist hefði ofan frá



Garðyrkjubýlið Jaðar reisti Valdimar Eliasson árið 1942 sem nýbýli úr landi Bæjar í Bæjarsveit. Ræktun matjurta í gróðurhúsum var þá ný búgrein og Valdimar, sem þarna er fyrir miðju, var meðal fyrstu sérhæfðu garðyrkjubænda héraðsins. Með honum eru mággar hans, Óðinn S. Geirdal t.v. og Bragi S. Geirdal t.h. (Ljósmynd úr einkasafni).



Úr gróðurhúsi á Hellum um 1958. Eygló Haraldsdóttir vökvæ en með henni eru Bergljót og Sigfús Pétursbörn. (Ljósmynd frá Sigfúsi Má Péturssyni).

Kleppjárnsreykjum, Sturlureykjum og Reykholti. Fyrstir til þess urðu Varmalækjarbræður og Þórmundur í Bæ er reistu gróðurhús árið 1939 sem til nota kom 1940. Hildur Þorfinnsdóttir kennari, síðar í Laugabæ, var fyrsta garðyrkjukonan hjá Þórmundi. Til hans réðist næst Valdimar Eliasson garðyrkjufraeðingur er síðar reisti sitt eigið garðyrkjubýli sem hann nefndi Jaðar. Þá reisti Björn J. Blöndal, sem hér er heimildarmaður, gróðurhús. Reyndist framtakið svo vel að hann fékk húsið greitt á fyrsta ræktunarsumri. Þeir bræður, Guðbrandur og Júlíus Þórmundsson reiknuðu það út að á þessum fyrstu garðyrkjuárum að hreinn arður eftir gúrkuplöntuna væri ámóta og eftir ána. Jakob á Varmalæk taldi sig sjaldan hafa haft jafngóð laun og þá. Markaður fyrir grænmeti var vaxandi og garðyrkjubændur náðu að koma á hagfeldri samvinnu um sölu- og markaðsmál búgreinar sinnar.⁹⁹

⁹⁹ Heimildarmenn að þessum kafla voru þeir Björn í Laugarholti 28. nóvember 1981, Jakob á Varmalæk 20. desember 1981 og Júlíus í Laugabæ 29. mars 1982.



Heyskapur í Bæjarsveit um 1960. Guðbrandur Þórmundsson í Nýja-Bæ ýtir þurrheyi á vagn. Sér heim til kirkju og bæjar. (Ljós.: Ólafur Guðmundsson).

„Skotarnir“ reyndir – Kynblöndun fjáris enn

Og laust fyrir 1940 tók fé í hreppnum að fjölga á ný. Menn löguðu sig að aðstæðum. Mörg lömb þurfti að setja á til þess að hafa upp í vanhöld og dugði ekki til þegar sýkin herjaði sem verst. Ýmis ráð voru reynd til þess halda pestinni í skefjum og kenningar kviknuðu um að vissir fjárstofnar væru ónæmari fyrir henni en aðrir, eins og lesa má um m.a. í áðurnefndum *Þáttum um innflutning búfjár*. Fé, það sem lifði, var óvenju vænt til frálags. Munaði þar eflaust um meira rými í sumarhögum vegna fjárfækkunarinnar en þó líklega meira um betra fóður og fódrun. Nú voru jarðabætur fyrri ára farnar að skila meiri hefynd. Engjaheyskapur dróst saman, bæði vegna stækkandi túna en líka vegna þess að færri var um kaupafólk. Aðrar atvinnugreinar höfðu betur í samkeppninni um það. Vetrarfóður fjáris varð því í meira mæli en áður taða, kraftmeiri en útheyið, og fódurbætir, m.a. sildarmjöl. Sauðfé hafði óvíða verið gefin taða fyrr en um og eftir 1930.¹⁰⁰

Á aðalfundi Búnaðarfélagsins 1940 hafði Runólfur Sveinsson, þá nýlega tekinn við skólastjórn á Hvanneyri, framsögu um sauðfjárkynbótábú; las m.a. upp lög og reglur um slík kynbótábú, sem þá höfðu starfað. Verður ekki séð hver forsaga málsins var. Má vera að þar hafi komið til frumkvæði Runólfs sem sjálfur var mikill áhuga- og kunnátumaður um búfjárrækt; hafði þá m.a. haft forystu í uppbyggingu refabús Loðdýraræktarfélags hreppsins á Hvanneyri. Allmiklar umræður urðu um erindi Runólfs og eftir þær var ákveðið að stofna sauðfjárkynbótábú í hreppnum. Í stjórn þess voru síðan kosnir þeir Runólfur, Guðmundur Jónsson á Hvítárbakka og Páll Blöndal í Stafholtsey.

Aftur kom málið til umræðu á haust-hreppsskilabingi 1940. Runólfur upplýsti þá að fengist hefði heimild til þess að setja á blendinga til framhaldsræktunar – blendinga af Border-Leicester kyni sem hreinræktað var á

Halldórsstöðum í Laxárdal.¹⁰¹ Runólfur upplýsti enn fremur að stofn af þessu skosk-ættaða fé hefði verið keyptur að Hvanneyri. Var ætlunin að reyna þar

hvort kynblendingar af skozku og íslenzku fé kynnu að hafa meira mótstöðuafli gegn mæðiveikinni en hreinræktað íslenzkt fé og sömuleiðis hvort kynblendingar þessir reyndust hraustar og afurðagóðar kindur.¹⁰²

Við sama tækifæri var rætt um stofnun sauðfjárræktarfélags. Það mun svo hafa orðið til haustið eftir því á aðalfundi Búnaðarfélagsins 24. apríl 1941 skýrði Runólfur skólastjóri frá stofnun og starfi Sauðfjárræktarfélags Andakílshrepps. Flutningur skoska fjáris að Hvanneyri virðist hafa orðið einn helsti hvatinn að stofnun sauðfjárræktarfélags hreppsins og að megintilgangur þess hafi í fyrstu verið að gera áðurnefndar tilraunir með viðnámsþrótt kynblendinga og hreinræktaðs fjár gegn mæðiveikinni. Um þessar mundir störfuðu aðeins tíu sauðfjárræktarfélög á öllu landinu. Félagið í Andakílshreppi mun hafa starfað og sent skýrslur til Búnaðarfélags Íslands til ársins 1947. Hvort brotthvarf Runólfs skólastjóra úr hreppnum þá um vorið hefur þar einhverju valdið verður ekki fullyrt, en víst er um það að frumkvæði hans réði miklu um starf félagsins. Reynslu af ræktunartilraunum lýsti Halldór Pálsson síðar þannig:

Þar sem kynblendingsærnar eru flestar og elztar, eins og á Hvítárbakka og Hvanneyri, hefur þó komið í ljós, að þær drepast til muna minna úr mæðiveiki en íslenzkar ær á öðrum bæjum.¹⁰³

Og á öðrum stað skrifaði Halldór:

Bændur á mæðiveikisvæðunum hafa alið upp nokkuð af kynblendingum af Border-Leicester kyni. Þær verða vænar veturgamlar og þegar þær eru geldar, og geta gefið miklar afurðir með góðu

¹⁰⁰ Björn J. Blöndal í Laugarholti í samtali við BG 7. júlí 1981.

¹⁰¹ *Búnaðarrit* 53 (1939), 76.

¹⁰² *Búnaðarrit* 55 (1941), 70.

¹⁰³ *Búnaðarrit* 60, (1947), 92.

fóðri, en þær eru fóðurþungar og verða fljótt rýrar og leiðinlegar útlits, er þær fara að eiga lömb og eldast.¹⁰⁴


Árið 1944 skrifaði Runólfur Sveinsson í ársrit bændaskólanna, *Búfræðinginn*, bls. 138-139:

. . . Árið 1932 voru fluttar frá Bretlandi til Íslands 27 kindur, 8 hrútar og 19 ær af Border Leicester-kyni, sem er holdafé og mikið notað til einblendingsræktar

. . . Einn Border Leicester-hrútur var í upphafi látinn að Hvanneyri. Haustið 1937 var hann sendur að Hvítárþakka hér í sveit. Haustið 1938 fékk svo bóndinn á Hvítárþakka leyfi til að setja á 7 einblendingsgimbrar, meðal annars í þeim tilgangi að sjá, hvort þær þyldu mæðiveikina betur en íslenska féð. – Haustið 1940 var hér í Andakílshreppi stofnað sauðfjárræktarfélag fyrst og fremst í þeim tilgangi að ala upp kynblendinga af Border Leicester- og íslenzku fé. Árið 1940 og 1942 voru leifarnar af Border Leicester-fénu fluttar frá Halldórsstöðum hingað að Hvanneyri. Veturna 1941 og 1942 voru allmargar ær þeirra bænda, sem í sauðfjárræktarfélaginu eru, frjóvgaðar með Border Leicester-hrútunum á Hvanneyri. Var það gert með sæðisflutningi undir stjórn Guðmundar Gíslasonar læknis. Hafa félagsmenn og fleiri fengið hrúta hédan, ýmist hreinræktaða Border Leicester eða blandaða.

Á Hvítárþakka eru nú um 70 ær, meira eða minna blandaðar Border Leicester-blóði. Þær elztu eru nú 6 vetra. Þær hafa gengið með íslenzku ánum bæði í haga og húsum. Af kynblendingsánum hafa ekki drepizt úr mæðiveiki nema e.t.v. tvær. Á sama tíma hefur á Hvítárþakka drepizt mjög margt af íslenzku fénu á öllum aldri . . . Ég tel, að eftir svo sem 4-5 ár hér frá verði búið að ala svo margt fé upp hér í hreppi og víðar af þessum stofni, að fullnaðarúrskurður verði fenginn um mótstöðu og ónæmi þessa fjárstofns gegn mæðiveiki.

„Skotarnir“ komu til á allmörgum bæjum í hreppnum. Þeir þöldu pestina betur en íslenska féð. Þeir þurftu mikla mjólk en fengu þeir góðan viðurgerning urðu þeir hraðvaxta, sagði Júlíus í Laugabæ. Svarthöfðaféð var skemmtilegra að hans mati en ekki eins vænt og „Skotarnir.“ Á árunum 1945-1946 fengust nokkrir Cheviot-blendingar sem til urðu með leynilegri sæðingatilraun Hjartar E. Þórarinssonar, sagði Jakob á Varmalæk, sem minntist sérstaklega sæðinga Hjartar á



Helgi Jónsson fjármaður á Hvanneyri undir kirkjugasflinum þar með hrút af Border Leicester-kyni. (Mynd úr bókinni Bændaskólinn á Hvanneyri 90 ára).

gamlárskvöld, líklega 1945, á Hvítárþakka.¹⁰⁵ Í dagbók Runólfs skólastjóra á Hvanneyri segir um dagana 18.-21. desember 1945 í dagbókinni: „Hjörtur Eldjárn kom nóttina 21. kl. 2½. Dældi sæði í 10 ær hér (4 Blackface, 2 Border Leicester og 4 Cheviot), fór að Grímarsstöðum, Hesti, Varmalæk og Bæ en þangað komu menn með ær frá Hvítárþakka og Stafholtsey. Fór einnig að Fossum.“¹⁰⁶

Upp úr 1944 tók fé í Andakílshreppi að fækka á ný og tilraunir Sauðfjárræktarfélagsins megnuðu ekki að reisa sauðfjárrækt hreppsþúa við. Pestin grisjaði stofninn jafnt og þétt. Á hausthreppskilapingi 1949 gat Guðmundur á Hvítárþakka þess að komið gæti til tals að fé yrði skorið niður haustið 1950. Eftir töluverðar umræður var kosin þriggja manna nefnd til þess að mæta á héraðsfundi til að undirbúa fjárskiptin. Kosnir voru Guðmundur Pétursson á Hesti, Sigurður Jakobsson á Varmalæk og Guðmundur Jónsson á Hvítárþakka. Haustið 1950 var síðan fé hreppsþúa skorið, bæði gamli fjárstofninn og „Skotarnir“, eins og bændur kölluðu þá. Nýr fjárstofn var fenginn haustið eftir frá Vestfjörðum. Fjárlaus árið varð uppskerubrestur á Austurlandi svo þangað var selt mikið af heyi, m.a. úr Andakílshreppi. Lagðist þar því nokkur „líkn með þraut.“ Næstu árin fjölgaði fé hratt og

¹⁰⁴ *Búnaðarrit* 62-63 (1950), 86-87.

¹⁰⁵ Sjá einnig bókina *Spor eftir göngumann Í slóð Hjartar á Tjörn* eftir Ingibjörgu og Þórarinn Hjartarbörn (1997), 210-211.

¹⁰⁶ *Dagbók Runólfs Sveinssonar skólastjóra*. Óbirt. Í vörslu Lbhí á Hvanneyri.



Guðmundur á Hvítárþakka fremst t.v. í hópi kennara við einkunnaútreikning á Hvanneyri 4. maí 1957 en þar var hann prófdómari í meira en fjóra áratugi. Þremur vikum seinna var hann allur. Aðrir á myndinni eru f.v.: Guðmundur Jónsson skólastjóri, Ellert Finnbogason, Örnólfur Örnólfsson, Gunnar Bjarnason og Haukur Jörundarson. (Ljós m.: Úr safni Guðmundar Jónssonar skólastjóra).

árið 1957 hafði það náð þeirri tölu er hæst hafði orðið fyrir fjárskiptin. Sauðfjárræktarfélagið hóf starf sitt að nýju árið 1952 og vann síðan að ræktunarumbótum um áratuga skeið.

Júlíus í Laugabæ taldi hið „nýja“ fé hafa verið lingerðara en gamli stofninn var, það tollði illa á beit en var frjósamara. Óskar á Grjóteyri kvað nýja féð hafa reynst rólegra, hagspakara og hafa haldið betur hópinn en það gamla. Í svipaðan streng tók Jakob á Varmalæk sem sagði vestanféd hafa reynst miklu rólegra í hógum og mun þægilegra í umhirðu. Þótt menn yndu niðurskurðarbótum misjafnlega, eins og Óskar orðaði það, kvað Jakob flesta hafa sætt sig deilulítið við niðurskurðinn og sjálf fjárskiptin gengið þægilega fyrir sig.¹⁰⁷

Þótt jafnan orki tvímælis hvaða manna skuli sérstaklega getið í sögu sem þessari verður ekki um það deilt að Guðmundur Jónsson (1890-1957) á stóran þátt í búnaðar- og byggðasögu Andakílshrepps á tuttugustu öld. Hann var Borgfirðingur, stundaði búnaðarnám á Norðurlöndum 1910-1914, bóndi á Ytri-Skeljabrekku 1915-1926 en síðan á Hvítárþakka til dauðadags. Guðmundur varð áhrifamaður í félagsmálum sveitar og héraðs, m.a. hreppsstjóri Andakílshrepps og formaður Búnaðarfélags hreppsins 1916-1955. Eiginkona Guðmundar var Ragnheiður Magnúsdóttir (1897-1981) frá Gilsbakka. Ekki hallaðist á með þeim hjónum að atgervi og áunnu þau sér mikla virðingu hrepps- og héraðsbúa fyrir störf sín.

¹⁰⁷ Jakob Jónsson á Varmalæk í samtali við BG 20. desember 1981.

Um brú á Grímsá og kaupstað á Hvítárvöllum

Þegar búskapur tók í vaxandi mæli að færast í horf viðskipta með afurðir búanna og rekstrarföng til þeirra óx þörfin fyrir greiðari samgöngur en áður höfðu tíðkast. Innan Andakílshrepps eru vegalengdir á milli bæja talsverðar og landið víða erfitt yfirferðar. Tvær vænar ár deila hreppnum í þrennt: Andakílsá annars vegar en þó tiltekið Grímsá hins vegar sem mátti kalla mesta farartálmann í hreppnum. Hún gat verið ófær dögum saman vegna vatnavaxta og klakaburðar. Var kunnugum það undrunarefni að hún skyldi ekki hafa tekið fleiri mannslíf í árunna rás, svo vitnað sé til orða Björns J. Blöndal í Laugarholti. Til verslunar í Borgarnesi þurftu hreppsþúar að sækja yfir Hvítá og Borgarfjörð á ferjum. Var það einnig meiri háttar fyrirtæki áður en samgöngur færðust í nútíma horf. Það var því eðlilegt að Búnaðarfélag Andakílshrepps léti samgöngubætur til sín taka og skal nú vikið ögn að þeim afskiptum.

Lögum samkvæmt bar hreppsnefndum að sjá um hreppsvegi.¹⁰⁸ Ákvarðanir um viðhald og nýbyggingu þeirra voru jafnan ræddar á hreppsskilafingum og því komu þau mál yfirleitt ekki til kasta Búnaðarfélagsfunda.

Þar getur þó fyrst samgöngumála í bókum Búnaðarfélags Andakílshrepps er félagið á árinu 1884 lánaði 80 krónur til brúargerðar á Grímsá. Ekki segir frekar af þeim framkvæmdum en á fundi félagsins 20. nóvember 1894 var samþykkt „með meiri hluta atkvæða“ að fella skuld þessa niður. Lánið hafði verið veitt vaxtalaust. Hugsanlega hefur þetta lán verið veitt til undirbúnings brúargerð við Svartastokk að hugmyndum Englendinga nokkurs, Richardson að nafni, þess hins sama og reisti fyrsta veiðihúsið við Grímsá.¹⁰⁹ Þeirri hugmynd mun hafa verið hreyft um aldamótin fyrri, að sögn Björns J. Blöndal.¹¹⁰

¹⁰⁸ *Stjórnartíðindi* A-deild (1875), 90-93.

¹⁰⁹ Björn J. Blöndal og Guðmundur Guðjónsson: *Grímsá „Drottning laxveiðianna“* (1896), 43-44.

¹¹⁰ Björn J. Blöndal í Laugarholti í samtali við BG 28. nóvember 1981.

Ekkert varð þá af brúargerð en málinu var haldið vakandi á ýmsum vettvangi.

Grímsárbrúarmálið var eitt þeirra viðfangsefna sem Framfarafélag Borgfirðinga tók til umræðu á stuttum starfstíma sínum 1903-1904. Félagið beindi málinu til sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu sem samþykkti að láta gera áætlun um kostnað og að mæla fyrir brúarstæði á ánni sem ákveðið var niður við ármótin við Hvítá.¹¹¹ Varðveist hefur uppkast að greinargerð með málinu sem líklega hefur fylgt því til sýslunefndar. Greinargerðin mun vera rituð af Jóni Blöndal lækni í Stafholtsey. Hún lýsir mætavel viðhorfum til samgöngumála í ofanverðum Andakílshreppi sem ætla má að hafi verið ráðandi um þær mundir. Því er hún birt hér óstytt:

Á fundi í Framfarafélagi Borgfirðinga í Þingnesi 1. þ.m. [maí] var okkur undirrituðum falið að fara þess á leit við sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu að hún vildi gangast fyrir því hjá stjórninni að ingeniör landsins Sig. Thoroddsen væri fenginn til þess að skoða brúarstæði á Grímsá hjá ferjustaðnum í Þingnesi og gjöra áætlun um kostnað við brúarsmiði.

Oss dylst ekki að hér er um afar þýðingarmikið framfaramál að ræða fyrir meiri hluta Héraðsins. Grímsá er sem kunnugt er stórt vatnsfall (niður) frá og opt ófær bæði vetr og sumar. Sjór fellur í hana upp fyrir Dyravað, svo það verður ófært um flóð enda torfætur miklar frá því niðr að Hvítárvöllum og er að því hinn mesti farartálmi. Á veturnum þegar ána er að leggja er hún opt ófær langar leiðir upp eftir og eins verður hún allra áa optast ófær í leysingum og vatnavöxtum.

Að hún sé ill yfirferðar má meðal annars marka af því að langflestir menn hafa druknað í henni á öldinni sem leið af öllum ám hér innanhéraðs. En þetta er ekki aðalatriðið í vorum augum að mesta þýðingu hafi. Aðalkosturinn við brú á Grímsá á þeim stað sem vér nefndum álitum við vera þann að sú brú mun þegar fram í sækir – og lengi þyrfti ekki að bíða þess að voru álitu – verða bezti frömuður fyrir bættu og ódýrari verslun og samgöngur í héraðinu.

¹¹¹ *Héraðssaga Borgarfjarðar* II (1938), 219.

Nú á síðari árum hafa tíðkast mjög flutningar sjóveg úr Borgarnesi og jafnvel frá Akranesi upp í Grímsármót. En nú er svo komið að flutningar upp í Grímsá verða að líkindum ómögulegir þegar á næsta ári. Síðastliðið ár var kaflinn frá Hvítárvöllum inn í Ármótin miklu seinfarnari opt og tíðum en öll hin leiðin frá Borgarnesi og opt alveg ófær einkum með viðarflota. En inn að Hvítárvöllum eru engar verulegar hindranir á sjóleiðinni frá Borgarnesi og mjög lítil líkindi til þess að Hvítá breyti sér þar svo að hún verði ófær flutningabátum. Sjóveg(a) samband við Borgarnes verður því aðeins tryggt í framtíðinni að endastöðvar þess flytjist að Hvítárvöllum en skilyrði fyrir því er að þá brú á Grímsá því að öðrum kosti verða flutningar svo dýrir að þeir geta engan v(eginn) borgað sig fyrir búendr ofan Grímsár, þá sem næst eru hvað þá heldur aðra. Það er ætlun vor að væri brú sett á Grímsá í Ármótunum mundi innan skamms myndast vörugemymlustaðir á Hvítárvöllum og að líkindum verslunarstaðir þegar stöðugar gufubátaferðir frá Borgarnesi að Völlum er settar væru í samband við Faxaflóabátsferðirnar fyrir héraðið, einkum þar sem allt sýnist benda að því að verzlun okkar í framtíðinni verði aðallega við Reykjavík.

Brú á Grímsá ljettir þar að auki mjög fyrir samgöngum við Akranes landleiðina fyrir mikinn hluta (vestur part) héraðsins því þegar hún er komin má heita að hindrunarlaust og beinn vegr sé fenginn utan af Akranesi um Fossa. Sem þýðingarmikla afleiðingu af verzlunarstað á Hvítárvöllum og brú á Grímsá má enn fremur nefna að líkindi eru til að ekki yrði þess langt að bíða að akvegur yrði lagður upp með Grímsá frá Hvítárvöllum upp á póstveginn því þegar tekið er tillit til þess að Borgarfjörðurinn er með fólksflestu og álitlegustu héraðum í landinu sýnist héraðið eiga heimtingu á flutningabrautarspotta einnig sunnan Hvítár.

Af framantöldum ástæðum leyfum vér oss að skora á hina háttvirtu sýslunefnd að taka mál þetta til rækkilegrar íhugunar. Það er enginn vafi á því að framleiðslan úr sveitunum eykst eptir því sem samgöngurnar batna, og samgöngurnar batna líka kostnaðarlaust eptir því sem

framleiðslan eykst. Fáum við brú á Grímsá og stöðugar gufubátsferðir frá Reykjavík að Völlum fáum við líka betri markað fyrir kjöt vort og smjör.

Í greinargerðinni kemur fram hin vaxandi þörf heimilanna fyrir greiðar samgöngur, bæði vegna sölu afurða og kaupa á rekstrarföngum. Þá eru þær hugmyndir athyglisverðar að gera Hvítárvelli aftur að verslunarstað líkt og þeir voru á söguöld, og að byggja flutninga að og frá Hvítárvöllum á sjóleiðinni. Um þessar mundir virðist brú á neðanverða Hvítá ekki hafa verið álitlegur kostur, m.a. vegna viðunandi möguleika á siglingum upp að Hvítárvöllum en sennilega einnig af því að brú á Hvítá þar í grennd hefði kallað á talsverða vegagerð, ættu sveitirnar að tengjast Borgarnesi um landveg.

Leggjast nú málefni Grímsárbrúar til hliðar um stund en brú á Hvítá kemst á dagskrá:

Á fundi Búnaðarfélagsins 10. desember 1916 var Hvítárbrúarmálið „tekið til rækkilegrar umræðu, og voru allir mjög áfram um, að gjöra eitthvað til að hrinda því máli í framkvæmd.“ Fundurinn kaus síðan þriggja manna nefnd „til þess að gangast fyrir framkvæmdum.“ Kosnir voru Guðmundur Jónsson, Teitur Símonarson og Þórmundur Vigfússon. Málinu var fylgt eftir og á vorhreppsskilum 1917 var samþykkt „með öllum greiddum atkvæðum“ að Andakílshreppur „megi verja allt að 2.000,- til Hvítárbrúar.“

Samgöngumál hrfu nú um langt árabíl af dagskrá Búnaðarfélagsfunda. Við skulum samt athuga framvindu þeirra, svo mikilvæg sem þau voru byggðarlaginu og búskap þar.

Á hausthreppsskilum 1917 var samþykkt að greiða „helming af lofuðu til Hvítárbrúar og vega fyrir apríl mánaðarlok 1918.“ Leið nú fram til vors 1923 en á hreppsskilum 2. júní það ár gerði hreppstjóri grein fyrir fjárframlögum til Hvítárbrúar og –vegar. Upplýst var að kr. 5.324,- hefðu fengist með samskotum úr Andakíls-, Lundarreykjadal- og Skorradalshreppum. Þá höfðu Jón Björnsson & Co lagt fram kr. 1.000,- og KB kr. 500,-. Fundurinn fól þremmingunum, sem kosnir voru í nefnd vegna brúarmálsins 1916,

að innheimta „sem fyrst ógreidd fjárloforð til Hvítárbrúar og –vegur.“ Ennfremur

ákveður fundurinn samkvæmt því sem áður hefur verið tekið fram af hreppsþúum viðvíkjandi þessum samskotum, og til að fyrirbyggja allan misskilning, að minsta kosti helmingur samskotafjárins verði geymdur þar til Hvítárbrúin verður reist.

Hægt virðist hafa gengið að heimta inn samskotaféð, að minnsta kosti voru gerðar um það samþykktir á hreppsskilafundum næstu árin, svo og um það að safna upplýsingum um hvernig fénu hefði verið varið. Svo var það á hausthreppsskilum 1925 að samþykkt var svofelld tillaga með 6 atkvæðum gegn 1:

Fundurinn samþykkir, að innkölluð verði öll tillög til Hvítárbrúar og –vegur, sem sum eru ógreidd, með því skilyrði, að 2/3 af samskotafé því, sem ónýtt er, verði varið til brúar á Grímsá, en 1/3 til vegabóta frá Hvítárvöllum að Fossum.

Þarna virðist hafa eflst að nýju áhugi á að brúa Grímsá, og hin liðlega fjörutíu ára hugmynd um það var aftur komin á dagskrá.

Á hausthreppsskilum árið eftir gerði Teitur Símonarson grein fyrir fé er hann varðveitti eftir Sigurð Björnsson.¹¹² Hafði það verið vilji Sigurðar heitins að fé þessu yrði varið til „einhvers nýtilegs fyrirtækis í hreppnum.“ „Lagði hann [Teitur] til, að fénu yrði á sínum varið til brúargerðar á Grímsá í ármótunum.“ Var það samþykkt og um leið kosin nefnd „til að gæta fjárins og sjá brúarmálinu frekar borgið.“ Kosnir voru þeir Sigurður á Varmalæk, Ólafur á Hvítárvöllum og Gústaf Sveinsson skólastjóri á Hvítárbakka. Nokkur skriður var á málinu því að á almennum hreppsfundi 4. febrúar 1927 var m.a. „samþykkt að gera akfæran veg frá Hvítárvöllum og inn að ferjustað við Grímsá, og yrði sú framkvæmd á

næsta vori.“

Um þessar mundir var brú á Hvítá milli Hvítárvalla og Ferjukots komin á framkvæmdastig. Mest var unnið að henni sumarið 1928 en þá var vegur að og frá brúarstæðinu þegar fullgerður.¹¹³ Brúarsmíðinni lauk og var Hvítárbrúin vígð með viðhöfn 2. nóvember 1928. Var þá úr sögunni erfið torfæra á kaupstaðarleið sveitarinnar.

Að Hvítá brúaðri var eðlilegt að hreppsþúar, að minnsta kosti í Bæjarsveitarhlutanum, litu til brúargerðar á Grímsá með enn ákveðnari hætti en fyrr. Á vorhreppsskilum 1928 gerðist það að „Teitur Símonarson afhenti oddvita sparisjóðsbók sem ber nafnið Grímsármóta brúarsjóður og hefur inni að halda kr. 380.“ Var þar líklega komið féð sem Sigurður Björnsson hafði látið eftir sig og fyrr var getið. Aftur var kosið í brúarnefnd, nú Bæsveitungarnir Sigurður á Varmalæk, Guðmundur á Hvítárbakka og Páll í Stafholtsey. Um haustið samþykkti hreppsskilafundur að „athugað sje hvort ekki muni heppilegast að gera brú yfir Grímsá á Svartastokk, því að yrði brú reist þar væri hægt að koma öllum býlum Bæjarsveitar í tiltölulega ódýrt og gott vegasamband.“ Nefnd var síðan kosin til þess að „koma þessu máli á framfæri við landsstjórn og þingmenn.“ Hana skipuðu „oddviti, hreppsstjóri og prestur.“

Skiptar skoðanir munu hafa orðið um brúarstæði á Grímsá.¹¹⁴ Menn úr efri hluta Bæjarsveitar fóru gjarnan yfir ána á Norðlingavaði eða við Hestlandbrotið, en úr neðri hluta Bæjarsveitar fóru menn neðar yfir hana.¹¹⁵ Íbúar Andakílshrepps vildu Grímsárbrú hjá Litla Hamri, sagði Júlíus í Laugabæ, en Lunddælingar og Reykdælir vildu hana ofar og um það var samið eftir nokkurt þref.¹¹⁶

Segir nú ekki af framvindu brúarmálsins; það liðu níu ár áður en brú var reist á Grímsá, eins og

¹¹² *Borgfirzkar æviskrár X* (1997), 41-42. Skrifarinn giskar á að hér geti verið um að ræða Sigurð Björnsson (1830-1927) frá Eyri í Flókadal; kallaður Straumur sakir mælsku sinnar. Kvæntur en þau hjón voru yfirleitt húsfólk eða vinnuhjú. Ekkjumaður í meira en þrjá áratugi. Lengi skráður í Hestþingum, síðast á Hvanneyri, þar sem hann lést í hári elli.

¹¹³ Kristleifur Þorsteinsson: *Fréttabréf úr Borgarfirði* (1967), 80.

¹¹⁴ Þorsteinn Kristleifsson frá Gullberastöðum í samtali við BG 26. maí 1982.

¹¹⁵ Björn J. Blöndal í Laugarholti í samtali við BG 28. nóvember 1981.

¹¹⁶ Júlíus Þórmundsson í Laugabæ í samtali við BG 29. mars 1982.

síðar verður vikið að.

Sumarið 1933 var reist brú á Flókadalsá (Flóku). Íbúar Andakílshrepps virðast ekki hafa fjallað um þá framkvæmd á fundum sínum því á brúarframkvæmdir við Flóku er hvorki minnst í fundargerðum Búnaðarfélagsins né heldur gjörðabókum hreppsskilafunda. Líklega er sú þögn til nokkurs marks um að samgöngur til efri byggða Borgarfjarðar hafi ekki verið hreppsbúum jafn mikilvægar um þetta leyti og samgöngur við Borgarnes og „suður.“ Á hitt er líka að líta að Flóka gat að öðru jöfnu varla talist farartálmi á við Grímsá.

Vegabætur og vegavinna – meðal annars fyrir mæðiveikifé

Það var á fundi Búnaðarfélagsins 24. febrúar 1934 að ítarlega var fjallað um samgöngumál í hreppnum líklega að frumkvæði formanns félagsins, Guðmundar á Hvítárbakka sem „lýsti vegasambandi hreppsins og taldi nauðsynlegt að skipuleggja það og bæta.“ Um þetta leyti eru reglulegir mjólkurflutningar til nýstofnaðs Mjólkursamlags í Borgarnesi að skapa bændum nýtt sjónarhorn. Eftir „allangar umræður“ samþykkti fundurinn ályktun sem fulltrúa hreppsins var falið að bera fram á sýslufundi. Hún er heimild um stöðu samgöngumála í hreppnum og viðhorf til þeirra um þær mundir og er því birt orðrétt hér:

1. Að breytt verði sýsluveginum um Bæjarsveit til hagræðis fyrir bæina þar og að hraðað verði sem mest framkvæmdum um brúarsmíð á Grímsá og veginum í sambandi við hana.

2. Að skorað verði á ríkisstjórn og vegamálastjóra að láta framkvæma nauðsynlegar vega og brúargerðir á þjóðveginum frá Hvítárbrú að Hvalfirði á þeim kafla er liggur um Andakílshrepp.

3. Að fá nauðsynlegt fje úr sýslusjóði til aðgerðar á veginum frá þjóðveginum, sem liggur suður Andakíl og að þjóðveginum hjá Grund.

4. Að fá framkvæmda nauðsynlega breytingu á þjóðveginum frá Hvítárbraut að Andakílsá við Skorradalavatn, svo að hann verði bílfær að vetri til.

Hér má stinga við fæti og bera þessa ályktun saman við uppkastið að greinargerð Framfarafélagsmanna hér um bil þremur áratugum fyrr. Viðhorfin hafa gjörbreyst: Samgöngur sjóveg til Borgarnes heyrðu nú sögunni til að mestu en allt kapp lagt á samgöngur á landi, einnig suður á bóg, þar sem höfuðborgin var vaxandi markaður og verslunarstaður. Á hreppsskilum um vorið upplýsti Guðmundur á Hvítárbakka að ríkissjóður hefði veitt kr. 2.500,- „í veginn að Grímsá gegn sama framlagi frá hreppi og sýslu til samans.“ Síðan segir að tekin hafi verið „vinnuloforð og ákveðið að byrja vinnu mánudaginn 18. júní.“

Aftur var fjallað um vegamálin á Búnaðarfélagsfundum 13. apríl 1935. Var þá m.a. óskað eftir fjárveitingu úr sýslusjóði „til að fullgera Grímsárbraut að brúarstæði á Grímsá.“ Ennfremur var þess óskað að tekinn verði í tölu sýsluvega „vegur frá væntanlegri brú á Grímsá hjá Fossatúni norður í Græfrur gegn[t] Stafholtsey.“ Á hreppsskilum um vorið var „safnað vinnuloforðum og hesta“ og samþykkt að byrja vinnu við Grímsárbraut 3. júní.

Enn báru vegamálin upp á Búnaðarfélagsfundum vorið 1936 og þá samþykkti fundurinn að skora á sýslunefndina „að taka upp í sýsluvegatölu veginna frá Varmalæk ofan í Græfrur, og að breytt verði sýsluveginum frá Vatnshamraborg að Bárustöðum þannig að sá kafli falli niður úr sýsluvegatölu, en tekinn upp nýr vegur í þess stað frá Vatnhamrab[org]. að þjóðveginum hjá Litlahamri.“

Á hreppsskilum síðar um vorið 1936 greindi Guðmundur á Hvítárbakka frá því að sennilega yrði hægt að vinna fyrir 5.600 krónur að nýbyggingu vega í hreppnum. Ákveðið var að vinna í Grímsárbraut, Bæjarsveitarvegi og Fossavegi. Á fundinum var safnað loforðum um vegavinnu og var miklu afkastað það sumar; unnið var rúmlega fyrir þá „fjárupphæð er veitt

hafði verið til veganna“, upplýsti Guðmundur á Hvítárþakka á hausthreppsskiláþingi. Þörf fyrir atvinnu og tekjur undir ógn mæðiveikinnar var án efa undirliggjandi ástæða áhuga fyrir vegavinnunni. Haustþingið samþykkti að „lána úr Brúarsjóði allt að 1500 kr. til nýbyggingar Fossavegar, Grímsárvegar og Bæjarsveitarvegar nú í haust ef veður leyfir. Skal lánið vera vaxtalaust og endurgreiðast af vegafje þegar hreppsfundur ákveður.“

Næstu sumrin var áfram unnið að vegagerð í hreppnum, meðal annars fyrir hið svonefnda Mæðiveikifé. Lögðu bændur fram vinnu og hesta eins og fyrr og bætti það að nokkru skerðingu tekna af sauðfénu. Vorið 1940 samþykktu bændur á hreppsskiláþingi sínu eftir umræðu að Andakílshreppur í félagi við Reykdæli „tæki að sjer að leggja veg að Flóku frá Varmalæk og lána fje til þess, þar til fje er veitt til þess í fjárlögum.“ Heimilað var að lána allt að 3.000,- úr hreppssjóði til þess.

Júlíus í Laugabæ og Jakob á Varmalæk sögðu vegavinnuna hafa gefið góðar tekjur. Vinna var eftirsótt á pestarárunum, vel borguð; 70 aurar á klst og 1 kr. á dag fyrir hest og kerru, sagði Júlíus. Þetta var vorvinna en líka haustvinna, ef veður voru hagstæð; akkorðsvinna, sagði Jakob á Varmalæk, „það hét að planera“ og dagskaupið var 11 krónur.

Hér að framan hafa gerðir hreppsfunda varðandi samgöngumál á fjórða áratug aldarinnar verið raktar allnákvæmlega. Til þess liggur sú ástæða að þá var lagður grundvöllur að því vegakerfi sem sveitin bjó við út öldina, og raunar lengur. Þetta kerfi fól í sér allmiklar breytingar frá hinum fornu samgönguleiðum í hreppnum enda sniðið að nýrri samgöngutækni. Hvort tveggja var raunar mikilvæg forsenda þeirra búskaparháttanna sem nú voru að breiðast út um sveitir.



Eyjólfur Hjálmsón (1939-2016) í Þingnesi vann bændum um langt árabíl með vélum og verkfærum Búnaðarfélags Andakílshrepps, líklega lengur og víðar en flestir aðrir. (Ljósmynd: Úr safni Umf. Íslendinga).

Eyjólfur var bóndi í Þingnesi en sinnti einnig viðgerðum á rafmagnstækjum af flestum tegundum og öðrum tæknibúnaði fyrir nágranna sína vítt um hérað. Það varð síðar helsta viðfangsefni hans. Ekki síst kom hann að því að innleiða sjónvarpið á marga bæi. Hann vann um árabíl eða allt frá vorinu 1958 við jarðvinnslu og síðar líka heyskaparstörf á vegum Búnaðarfélagsins. Hann annaðist einnig í verktöku á eigin vegum baggabindingu um árabíl. „Eyjólfur sagði í vor [2016] frá því sem hann vann fyrst fyrir Búnaðarfélagið vorið 1958. Það var á þriðjudegi í maí, hann mundi þó ekki hvaða dag. Hann stjórnaði W4 dráttarvélinni og byrjaði á að herfa flag sunnan við húsin á Varmalæk. Daginn eftir á miðvikudegi í Laugarholti, á fimmtudagsmorgni í Nýja-Bæ, síðan í Bæ, þá Hellum, Fossatúni og Árbakka.“ Eyjólfur var að vinnu fyrir Búnaðarfélagið allt fram í byrjun júlí 2016. Hann lést þann 19. sama mánaðar eftir skamma sjúkrahússlegu.

(Byggt á óbirtu handriti Eiríks Blöndal og Sigurðar Péturssonar um *Eyjólf Hjálmsón* frá 2016).

Bílflutningar, Flóaskip og einkasími

Með tilkomu brúar á Hvítá opnuðust bændum í Andakílhreppi möguleikar á flutningum með bifreiðum í og úr kaupstað. Í fyrstu var samið við bílstjóra í Borgarnesi um reglulega flutninga. Slíkra samninga var fyrst getið í fundargerð hausthreppsskilafings á Hvítárvöllum 24. október 1928 aðeins fáum dögum áður en Hvítárbrúin var vígð. Segir svo í fundargerð:

Samið til 1 árs við Arnberg Stefánsson í Borgarnesi að flytja fyrir hreppsbúa úr Borgarnesi:

a) á ásinn fyrir ofan Hvítárvelli bílhlassið kr. 8,50, 100 kg 85 aura og manninn 1 króna.

b) að Götuás: bílhlassið kr. 10,50 100 kg 1 króna og fyrir manninn kr. 1,25. Fastar ferðir ákveðnar: 2 bátskomudaginn og 1 daginn eftir.

Tveimur árum síðar var kosin sérstök „flutninganefnd“ er annast skyldi samninga um flutninga fyrir hreppsbúa. Hést kjör flutninganefndarinnar sem fastur liður á hausthreppsskilum í liðlega tuttugu ár eða allt til þess tíma er Kaupfélag Borgfirðinga tók að veita bændum þá þjónustu (1952). Síðar leitaði Búnaðarfélagið samninga við aðra um áburðarflutningana, m.a. verktaka innan sveitar, s.s. Ólaf Davíðsson á Hvítárvöllum.

Borgarnes varð í vaxandi mæli héraðsmiðstöðin þótt hinn stóri markaður borgfirskra bænda væri í Reykjavík. Flutningar þar á milli voru enn fyrst og fremst um sjóveg og í höndum Skallagríms hf. í Borgarnesi sem borgfirsk sveitarfélög og einstaklingar áttu hlut í. Andakílhreppur skarst þar ekki úr leik. Skiptar skoðanir voru að vísu á hreppsskilafingi um lán til „nýrra skipakaupa“ Skallagríms hf vorið 1934 en veturinn 1945 keypti hreppurinn 10.000 kr. hlut í Skallagrími hf. sem þá stóð í „endurbyggingu“ á skipi sínu, Laxfossi, eins og segir í fundargerð vorhreppsskila 11. júní. Sú upphæð var réttur þriðjungur allra tekna hreppsins þetta ár og segir það eflaust sitt um það hvernig bændur mátu þá mikilvægi Flóasiglinganna.

Málefni talsíma bar upp á aðalfundi Búnaðarfélagsins vorið 1939. Þá hafði Runólfur skólastjóri á Hvanneyri orð fyrir nefnd sem skipuð hafði verið á hreppsskilafingi haustið áður til þess að leita upplýsinga um kostnað við símalögn. Hafði landsímastjóri látið gera kostnaðaráætlun er sýndi að verkið mundi kosta 21 þúsund krónur fyrir 21 bæ. Þá námu öll útsvör hreppsbúa 6.500 kr. svo hér var um fokdýrt fyrirtæki að ræða. Ákveðið var að fresta málum um ár en símanefndinni, þeim Runólfi, Jóni á Varmalæk og sr. Eiríki á Hesti, falið „að halda áfram störfum og leggja fyrir næsta búnaðarfélagfund kostnaðaráætlun og frumvarp að einkasíma samþykkt fyrir hreppinn; ennfremur var henni falið að leita fyrir sér um lán til fyrirtækisins.“ Virðist síðan hafa orðið hljótt um málið allt til hausthreppsskilafings 1945 að fram fór „atkvæðagreiðsla um það hvort Andkílingar neðan Grímsár óskuðu eftir síma, og voru allir viðstaddir bændur með því“, var bókað.

Sími var lagður um hreppinn 1947. Tók hreppssjóður dálítinn þátt í kostnaði við flutning efnis á bæi en að öðru leyti var framkvæmdin, lögum samkvæmt, kostuð og unnin af Landsíma Íslands. Landsímastöðvar voru lengi þrjár í hreppnum, á Hvanneyri, þangað sem sími kom haustið 1922, og á Varmalæk er komst í símasamband þegar árið 1906. Þá var einnig landsímastöð á Hesti.

Loðdýraræktarfélagið

Á þriðja áratug fyrri aldar óx áhugi fyrir ræktun loðdýra. Spurn eftir grávöru óx og fýsilegir markaðir opnuðust sem íslenskir ræktendur vildu reyna að nýta. Hér og hvar um landið voru reist loðdýrabú. Til dæmis var stofnað loðdýraræktarfélag sem aðsetur hafði í Svignaskarði og varð hlutverk þess að rækta íslenska blárefi.¹¹⁷

Það var á aðalfundi Búnaðarfélags Andakílhrepps 29. apríl 1937 að formaður þess, Guðmundur á Hvítárbakka, hóf máls á stofnun samvinnubús

¹¹⁷ Sigurður Sigurðsson: *Búnaðarhagur; Búnaðarfélag Íslands Aldarminning II* (1937), 373.

um refarækt.¹¹⁸ Eftir umræður var ákveðið að fela þeim Runólfi á Hvanneyri, sr. Eiríki á Hesti og Sigurði á Varmalæk að rannsaka málið og undirbúa það fyrir næstu vorhreppsskil. Á þeim fundi hafði Runólfur orð fyrir nefndinni. Hann hafði rætt við Búnaðarbankann og Gjaldeyrisnefnd. Hugur var í mönnum svo nefndinni var falið að starfa áfram, „semja uppkast að lögum fyrir félagið og boða til stofnfundar.“ Gekk það eftir og þá um sumarið var stofnað Loðdýraræktarfélag Andakílshrepps og búinu komið á fót, þá með 17 refalæðum og 9 högnum; norskur refahirðir sá um dýrin auk Hvanneyrarnema sem skyldu læra af honum starfann.¹¹⁹

Refabúið var stofnað sem hlutafélag og áttu flestir bændur í hreppnum hlut í því. Samkvæmt félagslögum skyldi það öðrum þræði vera kynbóta- og tilraunabú. Tekið var 15 þúsund króna lán til framkvæmdanna með ábyrgð hreppsins. Bændur lögðu fram sjálfboðavinnu við smíði refabúranna, sumir svo mörgum dagsverkum skipti. Lífdýrin komu frá Lillehammer í Noregi, af góðum kynjum. Urðu þau eftirsótt til undaneldis svo fyrstu þrjú árin seldust nær allir hvolpar búsin til lífs. Hinn norskir hirðir, Trond H. Gravem, sem annaðist búið fyrstu tvö árin, kunnir afar vel til verka, og sýndi mikinn metnað í starfi sínu. Þótti hann til dæmis einkar snjall að búa dýrin undir sýningar sem hann tók þátt í með þau og með sérlega góðum árangri: „Þótti mörgum nóg um sýningakeppnina því margt af dýrunum skilaði engum arði, enda fóðruð til sýninga en ekki frjósemi“, skrifaði einn refahirðirinn.¹²⁰

Fóður refanna var einkum fiskmeti og kjöt. Fiskmetið var fengið af Akranesi en kjöt frá Hvanneyrarbúinu auk þess sem bændur í nágrenninu sendu mikið af kjöti af mæðiveikindum og öðru aflóga kjötmeti. Heimildarmaður taldi bændur hafa haft af þessu „nokkrar tekjur.“ Þá var gerð athyglisverð tilraun til þess að nota



Refahirðar á Hvanneyri: Trond M. Gravem til hægri og Bergur Þórmundsson til vinstri. (Ljósmynd úr safni Gravems).

undanrennuost í stað kjötmetis handa dýrunum, og varð reynslan hin þrýðilegasta. Osturinn var framleiddur í Mjólkursamlagi Borgfirðinga.

Meðvindur hélst fram til 1941; þá voru sett á ríflega sjötiú dýr, flest silfurreffir og þá urðu dýrin flest. Refahirðinn, Hjalti Jósefsson, skrifaði:

Arður af búinu þótti allt of lítil sökum ófrjósemi, eða um 180 silfurrefahvolpar til förgunar um haustið. En þá var komin sölutregða og verðlækkun á skinnnum. Lífdýramarkaður enginn, enda heimsstyrjöld í algleymingi, öll Evrópa í upphámi og ekkert með glysvarning að gera, jafnvel skinnuappboðin í London lögðust af.

Bæta má við frásögn Bergs Þórmundssonar refahirðis frá Bæ er skrifaði að auk þess sem evrópskir markaðir lokuðust „hækkaði fóður í verði og má segja að hinn mikli uppgangstími sem í hönd fór hafi kollvarpað þessum atvinnurekstri og hann hafi í rauninni ekki haft tíma til að sanna ágæti sitt.¹²¹

¹¹⁸ Bjarni Guðmundsson: *Refabúið á Hvanneyri 1937-1949*. Óbirt handrit. Hér er aðeins birtur útdráttur úr því.

¹¹⁹ *Búfræðingurinn* 5 (1938), 128.

¹²⁰ Hjalti Jósefsson á Hrafnagili í bréfi til BG 20. janúar 1982.

¹²¹ Bergur Þórmundsson frá Bæ í bréfi til BG 22. janúar 1982.

Þegar svo var komið ákváðu bændur að slíta félaginu og á hreppsskilafingi á Hvítárvöllum vorið 1944 segir að haldinn hafi verið skilafundur félagsins. Ríkið í nafni Bændaskólans á Hvanneyri keypti eigur félagsins og gekk frá skuldbindingum þess. Með því lauk tilraun bænda í Andakílshreppi til loðdýraræktar. Búið var rekið áfram á vegum Bændaskólans í nokkur ár enda hafði Runólfur skólastjóri mikinn hug á því að efla grundvöll íslenskrar loðdýraræktar. Í árslok 1949 var búið lagt niður og síðustu silfurrefunum lógað.

Refaræktin á Hvanneyri á árunum 1937-1944 var „tilraun bænda til að bæta afkomu sína í þeirri efnahagskreppu sem þá þjakaði alla landsbyggðina“, skrifaði Bergur Þórmundsson. Lítinn hagnað höfðu bændur í Andakílshreppi af refaræktinni en skaðlaust munu þeir hafa komist frá henni, töldu þeir Björn í Laugarholti og Júlíus í Laugabæ. Óhætt mun að fullyrða að á meðan búreksturinn stóð með mestum blóma hafi refabú Loðdýraræktarfélagsins á Hvanneyri verið á meðal stærstu og virtustu refabúa landsins.



Refabú Loðdýraræktarfélags Andakílshrepps á Hvanneyri eftir vetrarbyl; búr, varðturn og vörslugirðing. (Ljós m.: T.M. Gravem).

Búfjárhald, beitarþol og landnýting

Á sjöunda áratugnum fór að kræla á umræðum um beitarþol hagalanda. Sauðfé á flestum afréttum hafði farið fjölgandi eftir mæðiveikiárin, hlýindaskeiðið 1930-1960 var að baki og rannsóknir á beitarþoli afrétta hófust. Önnur helstu rök fyrir hinni miklu framræslu á þessum árum var að mýrlendið yrði verðmæta haglendi

svo léttu mætti á afréttum.¹²² Á þessum misserum var einnig vaxandi umræða um markaðsmál sauðfjárræktarinnar þar sem framleiðsla var orðin meiri en nam tiltækum mörkuðum.


Málefni landnýtingar voru til umræðu á aðalfundi Búnaðarfélagsins árið 1969 þar sem stjórn lagði fram þessa tillögu:

Þar sem nú liggur ljóst fyrir að beitarþol afréttar Andakílshrepps leyfir ekki að allt sauðfé úr upprekstrarfélaginu gangi þar sumarlangt, samþykkir fundurinn:

Hver sauðfjáreigandi er rekur fé sitt á afrétt er skyldur til að skilja eftir í heimahögum a.m.k. 1/5 hluta þess fjár er hann hafði á föðrum næstliðinn vetur.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Töluverð umræða hafði orðið um málefnið misserin á undan, meðal annars á aðalfundi Búnaðarfélagsins árið 1967. Þá hafði verið kosin nefnd til að athuga „nýtingu beitolanda sveitarinnar“; skilaði hún verki sínu á aðalfundi 1969 þar sem talsmaður hennar, Magnús Óskarsson, kennari á Hvanneyri, lagði tillögu nefndarinnar fyrir fundinn, sem samþykkt var með 18 samhljóða atkvæðum. Fól aðalfundurinn félagsstjórn „að vinna að því að kunnáttumenn mæli beitarþol heimalanda í hreppnum. Jafnframt leiti hún álits Landgræðslu Íslands um hvert sé beitarþol sameiginlegs upprekstrarlands Andakíls- og Lundarreykjadalshreppa. Stjórnin leiti samvinnu við hreppsnefnd Andakílshrepps um að koma þeirri rannsókn, sem hér um ræðir, í framkvæmd.“ Í annari tillögu „beitolanda“ nefndarinnar var því beint til endurskoðunarnefndar fjallskilareglugerðar að færa fyrstu skilaréttir fram „svo að þeim verði lokið ekki síðar en um miðjan september.“ Ennfremur hvort ekki væri rétt að setja í reglugerðina skýrari ákvæði „er banni lausagöngu hrossa.“ Fyrri liðurinn var samþykktur samhljóða og umræðulaust en skiptari skoðanir voru um seinni liðinn, sem þó var samþykktur með 13 samhljóða atkvæðum.

¹²² Óttar Geirsson: „Framræsla mýrlendis.“ *Íslenskt votlendi* (1998).



Dæmi um túnkort úr Andakílshreppi frá sjöunda áratug síðustu aldar. Kortið sýnir þáverandi tún á Innri-Skeljabrekku, gert af Þorvaldi G. Jónssyni búfræðikandidat, sem mældi túnið 14. ágúst 1966. (Héraðsskjalasafn Borg.).

Og fleira kom til atkvæða á aðalfundinum 1968. Sturla Guðbjarnason í Fossatúni bar fram tillögu um áskorun til landbúnaðarráðherra um að hann beiti sér fyrir því „að sauðfé í eigu ríkisins í Andakílshreppi verði stórlega fækkað vegna þrengsla á afrétti og sökum erfiðleika í solumálum landbúnaðarins.“ Inn í tillöguna var bætt orðunum „[sauðfé] sem ekki er notað til tilrauna“ og hún þannig samþykkt með 10 atkvæðum gegn 3. Ekki var undarlegt að sauðfjábændur hefðu hnýfil í síðu „ríkisfjár“ í hreppnum þegar þrengdi að kjörum þeirra en tíminn leið án stóraðgerða.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins gaf út gróðurkort af meginhluta Andakílshrepps árið 1977 og byggðust þau á vettvangsvinnu sem var unnin árið 1968.¹²³ Beitar- og landnýtingarmálin voru rædd við hin ýmsu eldhúsborð og manna á milli, tíðast við óformlegar aðstæður, og

bændur breyttu samkvæmt sannfæringu sinni og aðstæðum. Með tilkomu lagabundinna framleiðslutakmarkana sauðfjárræktar um og upp úr 1980 tók beitarálag að minnka í kjölfar fækkunar fjárins. Framundan voru þá einnig tímabil hagstæðra sprettusumra sem styrkjandi áhrif höfðu á gróðurfur afréttanna.

Í þessum kafla má einnig geta þess að Búnaðarfélagið lagði lið því verkefni Búnaðarsambands Borgarfjarðar að mæla og kortleggja tún á sambandssvæðinu og samþykkti á aðalfundi sínum vorið 1958 að innheimta og taka ábyrgð „á þeim kostnaði, sem þessar framkvæmdir kunna að hafa í för með sér í Andakílshreppi enda verði kostnaðinum stillt svo í hóf sem unnt er.“ Kortin voru gerð og eru nú prýðilegar heimildir um túnrækt í sveitinni upp úr miðri síðustu öld.

¹²³ Rannsóknastofnun landbúnaðarins: *Gróður- og jarðakort, Bær, kortblað III NA, og Hestur, kortblað III SA* (1977).



Heyskapur á Hvanneyri á sjötta áratug síðustu aldar. (Ljós.: Ólafur Guðmundsson).

Vélarekstur Búnaðarfélagsins

Þegar tími hinnar almennu aflvélavæðingar sveitanna rann upp stigu bændur í Bæjarsveit með í þann dans sem og Búnaðarfélag Andakílshrepps. Árið 1948 keypti Búnaðarfélagið dráttarvél af gerðinni IHC W-4 ásamt plógi og herfi.¹²⁴ Dráttarvélin kostaði 10.488 krónur. Var þar með orðinn til grunnur að þeim vélarekstri Búnaðarfélagsins sem enn stendur. Dráttarvélin mætti sýnilega mikilli þörf því árið 1950 var til dæmis unnið með henni á flestum bæjum í hreppnum (á 27 bæjum). Tækni tímanna breyttist hratt og vorið 1956 bætti félagið annarri vél í útgerð sína, Ferguson dísel-dráttarvél með jarðvegstætara, sem þá þótti afar spennandi nýttækni við jarðvinnslu. Dráttarvélar félagsins hafa síðan verið endurnýjaðar í samræmi við þarfir hvers tíma.

Árið 1948 keyptu bændur á þrem jörðum í Bæjarsveit jarðvinnslutraktor af gerðinni IHC W4, ásamt plógi og herfi. Þessar þrjár jarðir voru Varmalækur, Bær og Hvítárakki. Koma vélarinnar er skýr í minni Þorfinns Júlíussonar. Traktorinn kom í trékassa miklum á vörubíl frá KB. Sem nærri má geta reyndist erfiðleikum bundið að bissa kassanum af pallinum niður á jörðina. Einhvern veginn hafðist þetta allt saman, vélin var gangsett og það var stoltur drengur sem fylgdi með föður sínum, Júlíusi í Laugabæ, aka traktorinum af Bæjarhlaði heim í hlað.

Bændur á áður nefndum jörðum ráku traktorinn næstu árin bæði til eigin nota og annarra. Árið 1952 verður það að samkomulagi að Búnaðarfélag Andakílshrepps kaupir traktorinn af bændunum og tekur um leið við rekstri hans. Það verður upphafið að vélaútgerð búnaðarfélagsins, sem enn varir.

Árið 1956 kaupir búnaðarfélagið nýjan Ferguson TEF 20, með Howard jarðtætara. Um nokkurt tímabil rekur það báðar vélarnar en svo er IHC W 4 seldur bræðrunum Ólafi og Halldóri í Bæ. Eftir það var hann lítið notaður af bæ en nýttur mest heima fyrir, m.a. til að knýja heyblásara. Í slíkri törn gafst hann upp á rólunum, smurólía hafði gengið til þurrðar í pönnu, sem endaði með brothljóðum þegar stimplarnir opnuðu nýja

leið út úr vélarblokkinni.

Nú var hljótt um þessa vél í allmarga áratugi. Hún barst niður á Hvítárakka í selskap tveggja annarra sömu tegundar (frá Hvítárakka og Lundi). Um skeið var hún undir þaki í hlöðu í Mávahlíð. Nú er það af henni að fréttu að Kristinn Reynisson í Nýja Bæ er með hana í föstri. Búið er að útvega nýjan mótör og fleira sem glatast hafði á ferlinum. Má því vænta þess að einn góðan veðurdag standi hún fagurrauð og gljáandi á Bæjarhlaði sem forðum.

Sæmundur Sigmundsson var ráðinn traktorstjóri tvö vor á W 4 á unglingsárum sínum. Guðmundur á Hvítárakka þekkti Sæmund vel og réði hann til starfa. Traktorinn hafði staðið hjá Jóni í Ausu um veturinn. Vertíðin hófst með jarðvinnslu á Innri Skeljabrekku. Eftir nokkra daga vinnu fóru að heyrast torkennileg hljóð úr vélinni, sem bárust undan sætinu. Sæmundur vissi að svona átti þetta ekki að vera. Jón á Skeljabrekku flutti bilaðan traktorinn á vörubílspalli til Hvanneyrar, þar sem Ingólfur Majasson réði ríkjum á verkstaði. Gírólián var ekki næg, sem orsakaði skemmdar legur í gírkassa. Sæmundur kenndi sér um óhappið, hann hafði aðgætt bæði kælivatn og mótórolíu, en láðst að athuga olíuhæð á gírkassa. Hann vann með Ingólfi að viðgerðinni og lærði margt.

Þorfinnur Júlíusson man ýmislegt sem tengist Sæmundi og W 4. Þegar hann var um tíu ára aldurinn var Sæmundur einhverju sinni að herfa flag skammt frá Jaðri í Bæjarsveit. Af einhverjum ástæðum hafði honum brugðist nætursvefninn. Hann býður nú Þorfinni, sem þarna var að sniglast, að taka við traktorinum, meðan hann halli sér aðeins milli þúfna. Þorfinnur tókst allur á loft við þessa óvæntu upphæfð. Stýrið var honum nokkuð þungt og varð hann að standa við stjórnvölinn. Hans var óskinn ein að Sæmundur rumskaði ekki alveg strax en dveldi í draumalandinu sem lengst.

Sæmundur rifjaði upp þann ágalla á Búnaðarfélagstraktorinum hvað framhjólín voru mjó og veigalítill. Hvítárakka vélin var á gúmmíhjólum að framanverðu, sem reyndist miklu betur.¹²⁵

Á sjötta og sjöunda áratugnum átti Búnaðarfélagið ýmis verkfæri er þjónuðu félagsmönnum. Sem dæmi um þau er gjaldskrá félagsins er samþykkt var á aðalfundi þess veturinn 1964:

¹²⁴ Þóroddur Árnason frá Kistufelli sagði í samtali við BG 1. maí 2021 að seljandinn, Véladeild SÍS, hafi skráð vélinu á Guðbrand Þórmundsson. Samkvæmt reikningum Búnaðarfélagsins mun vélin þegar hafa verið skráð eign þess, sjá t.d. reikninga ársins 1950.

¹²⁵ Haukur Júlíusson: *International W 4 Bf. Andakílshrepps*. Greinargerð til BG 12. apríl 2021.

Kálgarðsvinna	200,00 á heimili
Traktor með tættara og manni	120,00 á tímann
Traktor með tættara, mannlaus	85,00 - -
Traktor verkfæra- og mannlaus	70,00 - -
Dreifaraleiga	45,00 - -
Úðadæla	200,00 á úðun
Hrærivél	5,00 á poka

Véla- og verkfæra kaup voru alloft til umræðu á fundum félagsins enda rekstur tækjanna snar þáttur í starfi Búnaðarfélagsins. Fund haldinn 23. nóvember 1987 má kalla nokkurn tímamótfund, mest fyrir það að þar sýnist skrifaranum hvað fyrst getið beinnar þátttöku konu í tillögugerð til fundarins í þá 106 ára sögu félagsins. Þá var það Ólöf Guðbrandsdóttir í Nýja-Bæ¹²⁶ sem óskaði eftir því að Búnaðarfélagið kannaði grundvöll þess að kaupa rúllubindivél. Menn vildu rannsaka málið, gáfu sér nokkurn tíma, og á júní-fundi 1989 var samþykkt „að kaupa rúllupökkunarvél fyrir rúllubagga“, ef hún telur það hagkvæmt. Um haustið var svo keypt rúllubindivél.¹²⁷

Af aðalfundargerð 1990 má ráða að félagsmenn hafi talið að vélaþörf vegna jarðræktar hafi dregist saman en meiri þörf væri nú orðin



Búnaðarfélag bænda í Andakíli í Borgarfirði á rúlluvél sem bindur á fimmta þúsund rúllur á sumri:

Reka saman rúlluvél

Búnaðarfélag Andakílsbænda í Borgarfirði hefur samþykkað þetta á fundi sínum í morgun. Með þessu hefur félagið tekið ákvæði um kaupa rúllubindivél. Félagið hefur áður tekið ákvæði um kaupa rúllubindivél og rúlluvél. Félagið hefur áður tekið ákvæði um kaupa rúllubindivél og rúlluvél. Félagið hefur áður tekið ákvæði um kaupa rúllubindivél og rúlluvél.

Þetta er langt en Páll nisskillingur.

Á móti líkum

Borgir Guðbrandsson hefur verið góður að formenna samgönguáhrifin. Því lítið hafa veigt fjárfir því meirvæðin hefur verið á því að í starfið hafi verið tengt meistar til heilbrigðis og hafa heiti því mjög takmarkað samband til að ganga frjáls samgöngu. Eiríkur heiti hafa veigt ólíkt við língi sjálfan að allhuga og vildi Páll heilvætti því af sí mæðingum hafi komið á kvæði.

Vélasamvinna í Andakílshreppi. Frétt úr Tímanum 28. maí 1992.

á að efla vélaútgærd til rúlluheyskpar á þeim félagslega grunni sem góð reynsla var komin á innan Búnaðarfélagsins. Þá um haustið var keypt ný rúllubindivél og vel búin dráttarvél fyrir hana, meðal annars með láni upp á 450 þúsund frá Sauðfjárræktarfélagi Andakílsshrepps.



Vélasamstæða Búnaðarfélags Andakílsshrepps um þessar mundir (2021). (Ljós.: Bjarni Guðmundsson).

¹²⁶ Ólöf hafði þó áður komið fram á fundum Búnaðarfélagsins sem talsmaður hrossakynbótanefndar hreppsins sem hún var þar um árabil.

¹²⁷ Eiríkur Blöndal: Búnaðarfélag Andakílsshrepps 130 ára. Um traktorana og fleira. Óbirt yfirlit


Árið 1992 gerðu tveir nemendur Búvísinda- deildar Bændaskólans á Hvanneyri athugun á samvinnu bænda í Búnaðarfélagi Andakílhrepps um rekstur véla til rúlluheyskappar.¹²⁸ Það ár voru bundnar 3.852 rúllur með vélunum og þá nýttu 19 af 24 býlum í hreppnum þessa þjónustu, auk 9 býla utan sveitar. Stjórnarmenn félagsins stýrðu verkefnum þar sem „reynt er að sinna beiðnum eftir pöntunarröð en einnig er horft á afstöðu og vegalengd á milli þeirra bæja sem næstir eru í röðinni“ . . . „Viðbrögð bænda hér við þessum tækjum og mikil notkun þeirra segir sína sögu um kostina og jafnvel má ótrúlegt heita hversu vel gengur að reka og skipuleggja starfsemina svo flestum líki“, voru lokaorð skýrslu þeirra félaga.

Verkstæðið í Bæ

Á aðalfundi Búnaðarfélagsins 13. apríl 1957 leitaði formaður þess, Jón á Hvítárþakka, álits fundarmanna á því að stofna til viðgerðarverk- stæðis í hreppnum; hann kvað mann fánlegan til þess að setjast að í hreppnum og vinna á slíku verkstæði. Sveitaverkstæði voru hugmynd sem kom til framkvæmda á nokkrum stöðum í landinu í kjölfar útbreiðslu heimilisdráttarvélna á fimmta áratugnum.¹²⁹ Er þarna var komið sögu átti Búnaðarfélag Andakílhrepps tvær dráttar- vélar, þar af aðra splunkunýja, Ferguson með jarðtætara, eins og áður getur. Eftir umræður var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða:

Fundurinn felur stjórn félagsins að athuga möguleika á því að koma upp geymsluhúsi fyrir traktora félagsins sem jafnframt skapi aðstöðu til viðgerða. Og leita eftir samstarfi við Ræktunar- sambandið um málið.

Þar með var kominn vísir að starfsemi sem átti eftir að standa lengi og hafa mikil áhrif í Bæjarsveit og víðar.



Tilboð Guðbrandar og Júlíusar Þórmundssona frá 8. september 1957 um land og heitt vatn vegna fyrirhugaðs verkstæðis í Bæ.

Samkomulag náðist um land og hitaréttindi við eigendur Bæjar í Bæjarsveit og Ræktunarsamband Borgarfjarðardala gaf viljrði fyrir 40% þátttöku í byggingarkostnaði. Guðbrandur í Nýja-Bæ og Haraldur Sigurjónsson smiður á Hvanneyri voru kjörnir í byggingarnefnd og á fundi 8. september 1957 var ákveðið að kalla skyldi félagsmenn til vinnu við bygginguna: 5 dagsverk á félagi ofan Grímsár en 4 á þá sem bjuggu neðan Grímsár.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélagsins, byggingar- nefndar og formanns Ræktunarsambandsins í Laugabæ 17. mars var 40% kostnaðarþátttaka Ræktunarsambandsins í byggingunni staðfest „fyrir utan raflögn“, ákveðið að félagar Búnaðarfélagsins og Ræktunarsambandið hefðu jafnan rétt til vinnu verkstæðismannsins og að gjald yrði þetta: „Vinna fyrir félagsmenn og Ræktunarsambandið kr. 34,00 á tímann en kr. 37,00 fyrir aðra. Ef menn vinna sjálfir að viðgerðum á verkstæðinu greiði þeir kr. 5,00 á tímann, þó því aðeins að verkstæðismaðurinn veiti enga verulega aðstoð.“ Samkomulagið var kynnt félagsmönnum á aðalfundi skömmu

¹²⁸ Guðjón Egilsson og Lárus H. Birgisson: *Vélasamvinna Búnaðarfélags Andakílhrepps*. Námsverkefni í Búvísindadeild (1992), 11 bls. Óbirt handrit.

¹²⁹ Bjarni Guðmundsson: *Alltaf er Farmall fremstur* (2011), 171.



Hlutabréf Búnaðarfélagsins í Vélabæ hf. frumkvæði félagsins að verkstæðisrekstri hafði þróast yfir í sjálfstætt fyrirtæki sem var og er mikilvægur vinnustaður í sveitinni.

síðar. Þar var einnig tilkynnt að Guðbrandur Þórmundsson hefði verið ráðinn „umsjónarmaður við verkstæðið,“ verki sem hann sinnti síðan af einstakri samvisskusemi.¹³⁰

Vinna á verkstæðinu hófst vorið 1958 og fékk það þegar næg verkefni.¹³¹ Til verkstæðisformennsku hafði þá verið ráðinn Pétur Haraldsson sem þá átti rétt ólokið bifvéla virkjanámi sínu; hann hafði fengið heimild frá bílaverkstæði SÍS til að vinna hluta af samningstímanum á verkstæðinu í Bæ eftir samkomulagi. „Byrjaði á því að kaupa nauðsynlegustu verkfæri en eitthvað lagði ég til sjálfur,“ skrifaði Pétur, og ennfremur: „Verkefni urðu fljótt meiri en einn maður annaði og fékk [ég] því fljótlega vinnufélaga minn á bílaverkstæði SÍS, Guðna Sigurjónsson, mér til aðstoðar. Þegar ég fór í iðnskólann kom Arngrímur Marteinnsson (bifvéla virki) frá Ysta-Felli Guðna til aðstoðar.“¹³²

¹³⁰ Sigurður Pétursson á Hellum í samtali við BG 23. apríl 2021.

¹³¹ Pétur Haraldsson í samtali við BG 14. apríl 2021.

¹³² Hér og í fleiru varðandi fyrstu skrefin á verkstæðinu í Bæ er

Með Pétri, skv. fyrsta ársreikningnum, störfuðu þeir Guðni, Helgi Magnússon frá Snældubeinsstöðum, Gunnar Benediktsson frá Víðigerði og Guðbrandur Þórmundsson.

Um miðjan október 1960 var kallað til aukafundar í Búnaðarfélaginu þar sem eftir umræður var samþykkt „að ráðstafa landi því, er félagið hefir til umráða í landi Bæjar, undir nýbýli sem verkstæðisformaður félagsins, Pétur Haraldsson, hyggst reisa, og gilda um þessa samþykkt eftirfarandi meginreglur.“ Lutu þær að erfðafesturétti félagsins á landinu, gagnkvæmum réttindum og skuldbindingum sammingsaðila sem og meðferð ágreinings, ef risi. Að öðru leyti var stjórn Búnaðarfélagsins falið að ganga frá samningum um nýbýlisstofnunina. Landnám ríkisins samþykkti hana árið 1961 á grundvelli erfðafestu lands sem Búnaðarfélagið fékk í landi Bæjar.¹³³ Gengið var frá byggingarbréfi þess 20. október 1962. Þar fékk nýbýlið Laugateigur tvær framræstar spildur austan verkstæðisins og nokkuð land að auki, samtals um 8 hektara, sem og allt að 0,5 sekúndulíttra af heitu vatni. Réttindin voru þegar framleidd Bjarna Arasyni héraðsráðunaut sem reisti fjölskyldu sinni íbúðarhús með sérstökum samningi við Búnaðarfélagið.¹³⁴

Guðni Sigurjónsson tók við verkstæðisformennskunni þegar Pétur gerðist kennari við Bændaskólann á Hvanneyri, í ársbyrjun 1962. Vorið 1965 var verkstæðið leigt Guðna og mági hans Sigurði Þorbjörnssyni. Þá hafði Ræktunarsambandið selt vélar sínar eftir þungan rekstur.¹³⁵ Árið 1970 keypti Búnaðarfélagið hlut Ræktunarsambandsins í verkstæðinu.

Árið 1969 var verkstæðið leigt Símoni Aðalsteinssyni bifvéla virkja og samþykkt að heimila honum að kaupa íbúðarhúsið Laugateig. Vorið 1971 samþykkti aðalfundur

byggt á greinargerð Péturs Haraldssonar til BG 23. apríl 2021.

¹³³ *Byggðir Borgarfjarðar II* (1998), 198.

¹³⁴ Byggingarbréf og samningar í vörslu Sigurðar Péturssonar á Hellum.

¹³⁵ *Byggðir Borgarfjarðar I* (1998), 297.

Búnaðarfélagins að stækka verkstæðishúsið þannig að auka mætti umsvif þess og var það gert. Það var svo á aukafundi Búnaðarfélagins 21. október 1979 að samþykkt var, þó ekki mótatkvæðalaust, að hætta aðild að rekstri verkstæðisins.¹³⁶ Var þá komið til sögu hlutafélagið Vélabær hf. sem Búnaðarfélagið samþykkti vorið 1981 að selja áhöld og verkfæri er það átti „á kr. 7000,00, sem færu í hlutabréf hjá Vélabæ h/f.“ Lauk þar með aðild Búnaðarfélagins að rekstri verkstæðisins; það átti þó áfram og á enn eldri hluta verkstæðisbyggingarinnar. Eigendur Bæjar óskuðu síðan eftir því sumarið 1991 að Búnaðarfélagið félli ákvæði byggingarbréfsins frá 20. október 1962 um ræktunarland Laugateigs. Á það var ekki fallist.

Nú (2021) er Búnaðarfélag Andakílshrepps stærsti hluthafinn í Vélabæ ehf. með 34,2% eignarhlut.

Úr þeli þráð að spinna

Búnaðarfélagssfundir í Andakílshreppi tóku fyrir fleiri mál en snertu ræktun jarðar og búfjár, eins og þegar hafa verið nefnd dæmi um.

Á framanverðri síðustu öld fór að brydda á stórstígum breytingum í tækni við verk sem áður voru handverk heimilisiðnaðar. Komu þá fram tæki, svo sem spunavélar og vefstólar, sem forvitnileg þóttu til almenningsnota. Erlendis, t.d. á Bretlandseyjum, má segja að á nítjándu öld hafi orðið þjóðfélagsbylting með tilkomu tækni- og iðnvæðingar vefjariðnaðarins. Andann af þessum hræringum bar inn á Búnaðarfélagssfund 1. maí 1922 er menn ræddu þar um „að kaupa spunavjel og vefstól fyrir hreppinn. Ákveðið var að ræða það frekar á næstu vorhreppaskilum, og stjórninni falið að undirbúa málið.“ Á sama fundi var lagt fram og rætt bréf frá „Austan mönnum“ „um stofnun tóvinnuverksmiðju í stórum stíl.“ Varð niðurstaðan að Borgfirðingar yrðu tæplega með yrði verksmiðjan reist austanfjalls en að

þeir „sjeu þó málinu mjög fylgjandi, og telji það mjög mikilvert.“ Oddvita var falið að svara erindinu. Þarna mun hafa verið á ferð málefni sem Búnaðarsamband Suðurlands barðist fyrir um þær mundir sem var stofnun ullarverksmiðju að tillögu Eiríks Einarssonar bankastjóra á Selfossi. Voru þar djarfar hugmyndir á ferð um „stofnun fullkominnar klæðaverksmiðju á Suðurlandi.“ Þær komust þó ekki í framkvæmd.¹³⁷

Hreppsskilafingmenn vorið 1922 hugsuðu í viðráðanlegri stærðum og samþykktu „að hreppurinn og Búnaðarfélagið kaupi spunavél í sumar.“ Skyldi stjórn Búnaðarfélagins annast framkvæmdina. Á vefstólinn var ekki minnst. Á haustþingi 1923 skýrði hreppsstjóri frá því að hann gæti fengið spunavél keypta af Einari Sveinssyni á Leirá, sem kosta mundi 730 krónur. Samhljóða var samþykkt með 14 atkvæðum að kaupa vélina og að „fela Birni H. Jakobssyni á Varmalæk að læra að spinna á vélina og sækja hana. Kostnaður af þessu teljist til stofnkostnaðar.“ Þá segir í fundargerð að spunavélin verði starfrækt vetrarlangt á Varmalæk og að Björn muni kenna þeim sem þess óska að fara með hana. Sjóður Búnaðarfélags og hrepps greiddu vélina að jöfnu en hún kostaði alls 770 kr.

Á tveimur næstu hreppsskilafingum er tilkynnt að spunavélin verði starfrækt á Varmalæk komandi vetur. Á útmánuðum 1925 var rætt um „frekari starfrækslu á spunavjelinni hjer eftir, en hingað til“ og þeim Halldóri á Hvanneyri, Ólafi á Hvítárvöllum og Þórmundi í Langholti falið að „íhuga það mál.“ Gæti það bent til að mönnum hafi ekki þótt spunavélin nýtast eigendum sínum sem skyldi. Rekstrargrundvöllur virðist ekki hafa fundist því á hreppsskilafingi haustið 1927 var „samþykkt að selja spunavjelina ef viðunandi tilboð fæst.“ Slíkt boð fékkst ekki og var spunavélin enn óseld árið 1982. Spunavélin var áþreifanlegt vitni um viðleitni hreppsþúa til þess að efla tóvinnu heimilanna með tæknivæðingu og félagslegu átaki, svo sem fyrirmyndir voru að í öðrum sveitum.

¹³⁶ Björn S. Stefánsson sagði frá verkstæðinu í grein sinni „Búvélaverkstæði í Borgarfirði“ í *Frey* 22.tbl. 1970.

¹³⁷ Páll Lýðsson: *Saga Búnaðarsambands Suðurlands 1908-2008* (2008), 26-27.

Afskipti Búnaðarfélagsins af öðrum málefnum

Búnaðarfélagið hafði afskipti af mörgum málum öðrum en þeim sem hér hafa verið talin, enda löngum annar helsti félagsvettvangur bænda í hreppnum – við hlið hreppsskilafinga. Ekki verður fjallað um þessi málefni að sinni. Aðeins skulu nefnd sem dæmi nokkur viðfangsefni sem sinnt var, ýmist með ályktunum á fundum Búnaðarfélagsins eða með beinum aðgerðum.

Um miðjan sjöunda áratuginn gekkst Búnaðarfélagið fyrir árlegum töðugjöldum í Brún í samvinnu við Kvenfélagið 19. júní. Kjördæmabreytingunni 1959 mótmælti félagsfundur og árið eftir var samþykkt að kaupa rottueitur svo og að andmæla því að úrgangi frá sláturhúsum við Hurðarbak væri kastað í Hvítá í stað þess að urða hann eða nýta. Félagið gekkst með óreglulegum hætti fyrir fræðslufundum og styttri námskeiðum um búnaðarmál og lét í ljósi „undrun og andúð á því hvernig hefur verið staðið að tilraunum til að stjórna mjólkurframleiðslunni hér á landi“, þegar umræðan um þau mál var hvað

heitust [1986] og þannig mætti lengi telja . . .

Aldarafmæli sitt markaði Búnaðarfélag Andakílshrepps með fagurri veislu í félagheimilinu Brún 7. nóvember 1981 þar sem etið var, drukkið og dansað í dýrðlegum fagnaði fram á nótt. Þar var Júlíus Þórmundsson í Laugabæ kjörinn heiðursfélagi en hann hafði um langt árabil setið í stjórn félagsins. Mun Júlíus vera sá eini sem þann heiður félagsins hefur hlotið. Sömuleiðis minntist félagið 140 ára afmælis síns á aðalfundi 9. mars 2021. Við bæði tækifærin gátu félagar með stolti litið yfir farinn veg félagsins sem unnið hefur sveit sinni gagn í farsæld um 140 ára skeið – og raunar lengur ef allt er talið.

Yfirlit að lokum

Í ýmsu má sjá að almenn þróun landbúnaðarins endurspeglast í starfi Búnaðarfélags Andakílshrepps. Sérstöðu má þó sjá í nokkrum atriðum, sem bæði mótast af landsháttum í sveitinni og af þeim einstaklingum sem forystu hafa haft í málefnum félagsins:



Nokkuð var um að Bændaskólinn á Hvanneyri gerði tilraunir, einkum í jarðrækt, á bæjum í Andakílshreppi. Fyrir tilraununum stóðu þeir Magnús Óskarsson og Þorsteinn Þorsteinsson frá Húsafelli, sem þarna stjórna tilraunarslætti á Hvítarbakka. Það er Guðmundur Jónsson yngri á Hvítarbakka sem slær og stýrir af nákvæmni. (Ljós.: Magnús Óskarsson).

- Rætur Búnaðarfélags Andakílshrepps liggja aftar en flestra annarra búnaðarféлага landsins. Forvera þess má hiklaust telja *Jarðyrkjufélagið í Andakíl og Bæjarsveit* sem stofnað var 4. mars 1850 – á þeim tíma þegar mikið líf var að færast í þjóðfrelsisbaráttu landsmanna.
- Á fyrstu árum sínum varð Búnaðarfélagið sterkefnað. Félagar héldu þeim efnum vel við og voru gætnir í fjárútlátum. Er frá leið veitti félagið nokkur lán til þarfra mála í sveitinni, auk hefðbundinna búnaðarmála, gjarnan til eða í samvinnu við hreppsjóð.
- Fyrstu áratugina starfaði Búnaðarfélagið, eins og forveri þess *Jarðyrkjufélagið*, helst að jarðrækt, svo sem túnasléttum og gerð vörslumannvirkja, réði sér unga búfræðinga til umferðarvinnu hjá félagsmönnum og greiddi fyrir verkfæra kaupum félagsmanna.
- Er leið á tuttugustu öld spratt úr starfi Búnaðarfélagsins með misskýrum hætti félagsstarf að nautgriparækt, sauðfjárrækt og hrossakynbótum – raunar með sama hætti og í öðrum sveitum og á landsvísu gerðist. Má kalla að það hafi verið forstíga búgreinaféлага er áberandi urðu þegar leið á tuttugustu öld; höfðu þá breyst að segja má úr ræktunarfélögum í hagsmunafélag viðkomandi búgreina.
- Með tilkomu Búnaðarsambands Borgarfjarðar 1910, sem Búnaðarfélag Andakílshrepps gerðist þegar aðili að færðust málefni jarðræktar og nokkurs hluta búfjárræktarinnar í vaxandi mæli til Búnaðarsambandsins með samstarfi bænda á héraðsgrundvelli.
- Starf Mjólkurskólans á Hvítárvöllum og rjóma-búanna þar og við Blundslæk í Bæjarsveit, síðar við Geirsá í mynna Flókadals, upp úr aldamótunum 1900, efldi búskap og félagshyggju á „samlagssvæðum“ þeirra. Ef frá er talið samstarf bænda í Andakílshreppi og Bændaskólans á Hvanneyri um refarækt í kringum 1940 hafa leiðir Búnaðarfélagsins og skólans að litlu leyti skarast.
- Félagslegu afli og fjármunum Búnaðarfélagsins var beitt til mótvægisáðgerða þegar mesta áfallið á öllum starfstíma félagsins – *mæðiveikin 1935-1950* – reið yfir. Félagsmenn mótuðu baráttu sína á félagsfundum og félagið studdi við vegagerð og aðrar samgöngubætur er sköpuðu bændaþolki í sveitinni atvinnu. Þá má undirstrika að Búnaðarfélagið lét samgöngumál á öðrum tímum einnig til sín taka, ekki síst brúargerð á Grímsá, enda brýn mál þegar dró að vaxandi framleiðslu- og viðskiptabúskap um og upp úr 1940.
- Á mæðiveikiárunum reyndu bændur í hreppnum ýmsar leiðir til bjargar sauðfjárræktinni, m.a. blöndum íslenska sauðfjárins með breskum fjárkynjum, sem að engu urðu þegar ráðist var í niðurskurð og fjárskipti á svæðinu. Á þeim árum efldu bændur mjólkurframleiðslu sem batnandi samgöngur og nýlega stofnað mjólkursamlag héraðsins í Borgarnesi styrktu grundvöllinn að. Nokkrir bændur í Bæjarsveit hófu þá einnig arðgæfa ræktun grænmetis í gróðurhúsum við jarðhita.
- Með sama hætti og Búnaðarfélagið hafði greitt fyrir félagslegum aðgerðum í túnræktinni með hand- og hestafla á fyrstu árum sínum tók það að nýta afl jarðræktarvéla. Hófst það með kaupum og rekstri dráttarvélar til jarðvinnslu árið 1948, tímabil sem segja má að staðið hafi fram undir 1990. Þá var tekinn upp samrekstur á öflugum vélum til heyskapar (rúlluverkun). Má kalla hann helsta viðfangsefni Búnaðarfélagsins síðustu áratugina, rekstur sem gefist hefur afar vel og reynst félagsmönnum og öðrum, sem hans hafa notið, mjög hagfelldur. Sá rekstur hefur raunar markað Búnaðarfélaginu athyglisverða sérstöðu meðal hliðstæðra féлага.

- Árið 1958 hafði Búnaðarfélagið forystu um stofnun og rekstur búvélaverkstæðis í Bæ; í fyrstu hugsað sem viðgerða- og geymslustaður fyrir dráttarvélar félagsins og þjónustuverkstæði fyrir félagsmenn – og þá í samvinnu við Ræktunarsamband Borgarfjarðardala um tíma. Er árin liðu leigði Búnaðarfélagið fyrirtækinu Vélabær hf aðstöðu og rekstur, sem aukinn var og hefur staðið allt til þess. Verkstæði Búnaðarfélagsins hefur haft mikla þýðingu fyrir félagsmenn, og gerði það ekki síst á

upphafsárum almennrar vélvæðingar búanna – um og upp úr 1960.

- Andakílhreppur var lengi vel tvískipt sveit, um Grímsá sem, óbrúuð, var mikill farartálmi. Greina má þau áhrif í starfi Búnaðarfélagsins. Vettvangur þess, einkum um miðbik tuttugustu aldar, hvað virkni félagsmanna snertir, virðist hafa verið öllu meiri ofan Grímsár en neðan hennar, án þess þó að minnsta ósættis gæti um það í gögnum félagsins. Má vera að hér



Jón Sigvaldason í Ausu tengir sláttuvél við Ferguson-dráttarvél um miðjan sjötta áratuginn. Jón vann að jarðrækt með fyrstu dráttarvél Búnaðarfélagsins og var stjórnarmaður þess um árabíl. (Ljós.: Ólafur Guðmundsson).

gæti einnig áhrifa hins farsæla formanns Búnaðarfélagsins, Guðmundar Jónssonar á Hvítárbakka, er því starfi gegndi 1916-1955, lengur en nokkur annar. Hann reyndist félaginu hugmyndríkur og hygginn forystumaður, og varð enda með áhrifamestu félagsmálabændum Borgarfjarðarhéraðs á tuttugustu öld.

- Saga Búnaðarfélags Andakílhrepps er örlítið brot af íslenskri þjóðarsögu. Færð voru fyrir því rök að saga félagsins næði aftur að miðju nítjándu aldar og spanni því þegar þetta er skrifað liðlega 170 ár. Á þeim tíma hefur búskapur í Andakílhreppi breyst frá því að vera lífsviðurværi nær allra íbúa hans við aldagróna verkhætti til þess að vera sérhæfður og tæknivæddur viðskiptabúskapur fárra en tólmstundaiðja annarra. Í þessu tilliti hefur Búnaðarfélagið lifað mesta breytingaskeið íslensks landbúnaðar á sögulegum tíma. Reynslan af aðlögunarhæfni félagsins á þeim tíma ætti að gefa því von um marga lífdaga enn . . .

Stjórnarmenn Búnaðarfélags Andakílhrepps

Formenn:

Andrés Fjeldsted Hvítárvöllum 1881-1887
Björn Þorsteinsson Bæ 1887-1908
Jakob Jónsson Varmalæk 1908-1912
Þórmundur Vigfússon Langholti 1913-1916
Guðmundur Jónsson Ytri-Skeljabrekku og síðar Hvítárbakka 1916-1955
Jón Guðmundsson Hvítárbakka 1955-1971 og 1972-1975
Sveinbjörn Blöndal Laugarholti 1971-1972
Jón Sigvaldason Ausu 1975-1980
Reynir Guðmundsson Nýja-Bæ 1980-1981
Sturla Guðbjarnason Fossatúni 1981-1984
Sigurður Sigfússon Stafholtsey 1984-2001
Eiríkur Blöndal Jaðri 2001-2019
Haraldur Sigurðsson Hellum 2019-

Ritarar:

sr. Janus Jónsson Hesti 1881-1884
sr. Arnór Þorláksson Hesti 1884-?
Þórmundur Vigfússon Langholti ?-1913
Símon Símonarson Bárustöðum 1913-1923
Hjörtur Hansson Grjótreyri 1923-1933
Pétur Þorsteinsson Miðfossu 1933-1957
Jón Sigvaldason Ausu 1957-1971
Snorri Hjálmarsson Syðstu-Fossu 1971-1972
Jón Sigvaldason Ausu 1972-1975
Snorri Hjálmarsson Syðstu-Fossu 1981-1982
Ólafur Davíðsson Hvítárvöllum 1982-1998
Eiríkur Blöndal Jaðri 1998-2001
Unnsteinn Snorrason 2001-2018
Eiríkur Blöndal Jaðri 2018-2019
Jóhannes Kristjánsson Hvanneyri 2019-

Gjaldkerar:

Björn Þorsteinsson Bæ 1881-1884
Páll Blöndal Stafholtsey 1884-?
Teitur Símonarson Grímarstöðum ?-1916
Þórmundur Vigfússon Langholti/Bæ 1916-1950
Júlíus Þórmundsson Laugabæ 1950-1971
Sturla Guðbjarnason Fossatúni 1971-1972
Júlíus Þórmundsson Laugabæ 1972-1980
Þórhallur Teitsson Grímarstöðum 1980-1981
Jón Sigvaldason Ausu 1981-1998
Sigurður Jakobsson Varmalæk 1998-2017
Unnsteinn Snorrason Syðstu-Fossu 2017-2019
Egill Gunnarsson Hvanneyri 2019-

Heimildir

Prentaðar heimildir

Árni G. Eylands: *Búvélur og ræktun*. Reykjavík. Menningarsjóður, 1950.

Árni G. Eylands: *Skurðgröfur Vélasjóðs 1942-1966*. Reykjavík. Vélanevnd ríkisins, 1967.

Borgfirskar æviskrár (ritnefnd: Aðalsteinn Halldórsson, Ari Gíslason, Guðmundur Illugason o.fl.). Sögufélag Borgarfjarðar, 1971 – .

Bjarni Guðmundsson: *Halldór á Hvanneyri*. Bændaskólinn á Hvanneyri, 1995.

Bjarni Guðmundsson: *Alltaf er Farmall fremstur*. Akranes. Uppheimar, 2011.

Bjarni Guðmundsson: *Konur breyttu búháttum*. Reykjavík. Bókaútgáfan Opna og Landbúnaðarsafn Íslands, 2016.

Bjarni Guðmundsson: *Yrkja vildi eg jörð*. Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag, 2020.

Björn J. Blöndal og Guðmundur Guðjónsson: *Grímsá „Drottning laxveiðianna“*. Reykjavík. Bókhlaðan, 1986.

Björn S. Stefánsson: „Búvélaverkstæði í Borgarfirði“. *Freyr* (22), 1970.

Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* II. Akureyri. Skjaldborg, 1984.

Brynleifur Tóbiasson: *Þjóðhátíðin 1874*. Reykjavík. Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, 1958.

Byggðir Borgarfjarðar (ritnefnd: Jón G. Guðbjörnsson, Jakob Jónsson og Þorsteinn Guðmundsson). I. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1998.

Freysteinn Sigurðsson: *Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla*. Árbók 2004. Ferðafélag Íslands. Reykjavík, 2004.

Gils Guðmundsson: *Öldin sem leið 1801-1860*. Reykjavík. Iðunn, 1955.

Guðmundur Jónsson: *Bændaskólinn á Hvanneyri 90 ára*. Hvanneyri. Bændaskólinn á Hvanneyri, 1979.

Ingibjörg Hjartardóttir og Þórarinn Hjartarson: *Spor eftir göngumann*. Reykjavík. Bókaútgáfan Skjaldborg, 1997.

Játvarður Jökull Júlíusson: *Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalsskóla*. Reykjavík. Búnaðarfélag Íslands, 1986.

Jónas Þorbergsson: *Sigurður Sigurðsson Ævisaga*. Reykjavík. Menningarsjóður, 1960.

Jósef Björnsson: „Framfarafélag Borgfirðinga“. *Héraðssaga Borgarfjarðar* II, Reykjavík, 1938.

Kristinn Guðmundsson: „Plægt og herfað“. *Kaupfélagsritið* (55 og 56), 1976.

Kristleifur Þorsteinsson: „Veðurfar og heyjaforði“. *Héraðssaga Borgarfjarðar* I, Reykjavík, 1935.

Kristleifur Þorsteinsson: „Ágrip af búnaðarsögu Borgarfjarðarhéraðs fyrir og eftir aldamótin 1900“. *Kaupfélagsritið* (3), 1965.

Kristleifur Þorsteinsson: *Fréttabréf úr Borgarfirði*. Reykjavík. Leiftur, 1967.

Lýður Björnsson: *Saga sveitarstjórnar* I. Reykjavík. Almenna bókafélagið, 1972.

Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins ísl. bókmenntafélags 1839-1874*. Reykjavík. Sögufélag 2005.

Óttar Geirsson: „Framræsla mýrlendis“. *Íslenskt votlendi*. (ritstj. Jón S. Ólafsson). Reykjavík. Háskólaútgáfan, 1998.

Páll J. Blöndal: „Þættir úr sögu Stafholtseyjar“. *Kaupfélagsritið* (19), 1968.

Páll Lýðsson: *Saga Búnaðarsambands Suðurlands 1908-2008*. Bs. Sl. Selfossi, 2008.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. *Gróður- og jarðakort. Bær, kortblað II NA og Hestur, kortblað III SA*, 1977.

Runólfur Sveinsson: „Enskt fé á Íslandi“. *Búfræðingurinn* 11 (1944), 137-140.

Sigurður Fjeldsted: „Laxveiði“. *Héraðssaga Borgarfjarðar* II, Reykjavík, 1938.

Sigurður Sigurðsson: *Búnaðarhagir, Aldarminning* II. Reykjavík. Búnaðarfélag Íslands, 1937.

Þorvaldur Thoroddsen: *Lýsing Íslands* III. Kaupmannahöfn. Hið íslenska Bókmenntafélag, 1919.

Þættir um innflutning búfjár og Karakúlsjúkdóma. Reykjavík. Ríkisprensmiðjan Gutenberg, 1947.

Blöð, tímarit og skýrslur

Árbók landbúnaðarins

Búfræðingurinn

Búnaðarblaðið Freyr

Búnaðarrit

Dagblaðið Tíminn

Ísafold

Skýrslur um Bændaskólann á Hvanneyri

Skýrslur Húss- og bústjórnarfélags Suðuramtsins

Skýrslur um landshagi

Stjórnartíðindi, A- og B-deild

Þjóðólfur

Vefheimilda, skjalasafna og óbirtra heimilda er aðeins getið í neðanmálsgreinum.